



Þakklát Kvennaathvarfinu

Anna Lára Orłowska, fegurðardrottning Íslands, er stolt af bakgrunni sínum. Móðir hennar flúði í Kvennaathvarfið undan heimilisofbeldi þegar Anna Lára var lítil. Hún þakkar athvarfinu að fjölskylda hennar hafi öðlast farsælt líf. ➔ 26



**Ferillinn
í óvissu ➔ 6**



**Farsæl skref fyrir
heilsuna ➔ 56**



**Draumar og
innsæi ráða
för ➔ 30**

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ • FÓLK • ATVINNA
• FERÐIR

*Samkvæmt prentmiðlökönnun Gallup apríl-júní 2015

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON



365

*Þjónustan er einnig aðgengileg á mynddýlum Símanns.




Ennþá öflugra D-vítamín

Spreyjað undir tungu
Einfalt og bragðgott
Tryggir hámarksnýtingu

Fest í apótekum, heilsuöðum og stórmörkuðum

Veður



Ákveðin suðaustanátt sunnan- og vestanlands eftir hádegi og snjókoma, en slydda eða rigning við ströndina og hlánar. Hægari og þykkar upp norðaustan til og dregur úr frosti. Dregur úr vindi í kvöld. **SJÁ Síðu 46**



Íbúar á Kumbaravogi vilja vera þar áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Eldri borgarar leggjast gegn lokuninni

HEILBRIGÐISMÁL Félag eldri borgara á Selfossi vill að komið verði í veg fyrir að dvalarheimilinu Kumbaravogi verði lokað eins og boðað er að verði gert í lok mars.

„Beinir stjórn FEB á Selfossi þeim eindregnu tilmælum til framkvæmdastjóra og bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar, að þau bregðist skjótt við og einbeiti sér að viðunandi lausn þessa máls fyrir vistfólkið á heimilinu, með tafarlausum viðræðum við heilbrigðis-yfirvöld og stjórnendur að Kumbaravogi,“ segir í ályktun sem lögð var fram í bæjarráði Árborgar.

Bæjarráðið segist fylgjast vel með framvindu málsins. –gar

Borgin rukkaði í heimildarleysi

REYKJAVÍKURBORG Kona sem látin var borga 10.500 króna afgreiðslugjald vegna fyrirsagnar til skipulagsyfirlitna í Reykjavík varðandi fyrirhugaða viðbyggingu við íbúðarhús á að fá gjaldið endurgreitt. Umboðsmaður Alþingis segir borgina hafa skort heimild til að taka gjaldið.

Samkvæmt umfjöllun umboðsmanns er það starfsregla hjá skipulagsfulltrúa borgarinnar að innheimta 10.500 króna gjald áður en fyrirsparnir eru teknar til skoðunar. Umboðsmaður benti á að aðeins væri heimilt að taka gjald ef breytingar þyrfti að gera á skipulagi eða gefa út framkvæmdaleyfi. –gar

Tíkillarnir í golfi



Þótt kalt sé í veðri og snjór þeki víða jörðu láta menn það ekki aftra sér frá því að stunda áhugamálin. Þeir Þórólfur Árnason, Örn Herbertsson og Jón Leifur Óskarsson skelltu sér í golf í Garðabænum í gær og létu vel af. „Þetta eru hörku kallar. Við köllum okkur tíkallana, af því að við mætum alltaf klukkan tíu á morgnana,“ segir Jón Leifur og tekur fram að þeir fari alltaf á meðan stætt er. FRÉTTABLAÐIÐ VILHELM

S&P hækkar láns hæfismat

EFNAHAGSMÁL Matsfyrirtækið Standard & Poors hækkaði í gær láns hæfismat ríkissjóðs í flokk A-hjá fyrirtækinu.

Á vef fjármálaráðuneytisins kemur fram að meginástæða hækkunarinnar sé sterkari ytri staða, en ríkissjóður var áður í flokknum BBB+.

Standard & Poors segir að sterk erlend staða Íslands sé einn af lykilþáttum hærra láns hæfismats nú. Þannig hafi verið mikill afgangur af viðskiptajöfnuði auk þess sem óskuldsettur hluti gjaldeyrisforðans hafi vaxið mikið síðasta ár.

„Greiddslujöfnuður Íslands hefur farið fram úr væntingum S&P. Þá vega mikill hagvöxtur, lækkun skuldahlutfalls og sterk staða ríkisfjármála, einnig þungt í hækkun matsins. Einnig bendir láns hæfisyfirtækið á að Ísland er með háar þjóðartekjur á mann,“ segir á vef fjármálaráðuneytisins. –jhh

Bláa hafið heldur til Frakklands að nýju

Tólfan, stuðningsmannasveit Íslands í knattspyrnu, kom sá og sigraði á EM í sumar. Nú, hálfu áru síðar, er önnur stuðningsmannasveit á leiðinni til Frakklands til að standa stuðningsmannavaktina í Bocuse d'Or keppninni.

SAMFÉLAG Allt að 200 Íslendingar munu halda til Frakklands síðar í mánuðinum til að styðja Viktor Örn Andrésson matreiðslumeistara í Bocuse d'Or keppninni, sem er heimsmeistarakeppni einstaklinga í matreiðslu. Búið er að prenta búninga fyrir stuðningsmenn hans og þegar Fréttablaðið bar að garði við lokaefingu Viktors var verið að panta þriðju prentun.

Ólafur Helgi Kristjánsson, yfirkokkur á Hótel Sögu, sem heldur utan um búningasölu hafið varla tíma til að spjalla við blaðamann því það voru svo margir að koma til að kaupa búning. „Ég pantaði fyrst 60 treyjur en það seldist nánast strax upp þannig að ég setti aðra prentun í gang og hún fór líka á undraskömmum tíma þannig að ég er núna bara að taka við pöntunum fyrir næstu pöntun.“

Hann segir að stuðningsmennirnir séu flestir innan matreiðslubransans; kokkar, birgjar og aðrir. Ekki er um skipulagða hóperð að ræða heldur ferðast allir til Lyon, þar sem keppnin fer fram, á eigin vegum. „Það hafa sjaldan eða aldrei verið jafn margir að fara á þessa keppni, um 150-200 manns.“

Viktor trekkir að og við, sem erum í kringum þetta hjá honum, höfum mikla trú á að hann standi sig vel. Þetta litur allavega mjög vel út hjá honum og það er ekki annað hægt að segja en að stemningin sé að magnast upp.“

Ólafur hefur einu sinni áður farið á Bocuse d'Or-keppnina en íslenskir matreiðslumenn hafa alltaf lent í efstu tíu sætum í keppninni. Árið 2000 tóku Íslendingar fyrst þátt en keppnin er haldin á tveggja



Ólafur Helgi, lengst til vinstri í efri röð, hefur einu sinni áður farið á keppnina. Þá var hann jarðaður af Norðmönnum í stuðningi. Slíkt mun ekki gerast aftur.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Bocuse d'Or

- Er heimsmeistarakeppni einstaklinga í matreiðslu.
- Forrétturinn sem keppendur munu elda er 100% grænmetisréttur án eggja og mjólkurvarva.
- Kepnin verður 30 ára í ár.
- Hún fer fram í Lyon 24.-25. janúar.
- Bocuse d'Or.
- Aðalrétturinn verður Bresse-kjúklingur og skelfiskur, sem var aðalhræfnið í fyrstu Bocuse d'Or-keppninni árið 1987.

ára fresti. „Þessi keppni er svo sérstök miðað við allar aðrar því þetta er eins og fótboltaleikur. Það er ævintýraleg stemning þarna. Það eru stuðningsmannapallar, stuðningsmenn með trommur, stuðningsmannasöngvar, lúðrar og annað. Við förum fyrir tveimur árum og þá komu Norðmenn með fána og norsku kúabjöllurnar. Þeir völduðu

yfir okkur í stuðningnum og það er ekki að fara gerast aftur.

Viktor er kandiðat sem er líklegur til góðra verka og við mætum betur undirbúnir núna til að styðja hann á toppinn. Við erum með stuðningsmannavísur, fána, búninga, lúðra og ég veit ekki hvað og hvað. Það eina sem vantar er alvöru vikingahjálmur,“ segir hann og hlær. benediktboas@365.is

Fjölskyldan í sólina



Bókaðu snemma fyrir sumarið 2017

Allt að 25.000 kr. afsláttur á mann. Sjá nánar á VITA.IS

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

ALLT AÐ

60%
AFSLÁTTUR

SÚPER
ÚTSALA
HÚSASMÍÐJUNNAR

33%
afsláttur



Hleðsluborvél
20V, 2 stk. Li-ion rafhlöður,
158 fylgihlutir.
5244839

29%
afsláttur

Electrolux

13.990 kr
~~19.660 kr~~

Ryksuga
12V með hleðslu-
rafhlöðu.
1808929



36%
afsláttur

4.890 kr
~~7.592 kr~~

Blandari
Smoothie Maker með tveimur glösum.
1840322



30%
afsláttur

1.603 kr/m²
~~2.290 kr/m²~~

Harðparket eikarplanki
8 mm, eikarplanki, rustik matt.
147050



30%
afsláttur

3.219 kr
~~4.509 kr~~

Panna 32 cm
Non-Stick húð.
2006407



25%
afsláttur



Jotun vegg- og
loftamálning
3 ltr.
7119781-83



Electrolux
5 ÁRA
ÁBYRGD

Electrolux

PÚ SPARAR: 10.090 KR.

Pvottavél
7 kg, 1200 sn.
Orkunýting A+++.
1805690

54.900 kr
~~64.990 kr~~

FJÖLDI VÖRUFLOKKA OG MÖRG ÞÚSUND VÖRUR Á SÚPER AFSLÆTTI

FLÍRAR 30-60% • BRAUÐRISTAR, KAFFIVÉLAR & HANDPEYRAR (ELECTROLUX) 30% • RYKSUGUR 20-30%
BLANDARAR 25-45% • PARKET 30% • LJÓS 30-50% • BLÖNDUNARTÆKI (DAMIJA) 25% • RAFMAGNSVERKFÆRI 20-40%
HANDVERKFÆRI 20-40% • VERKFÆRATÖSKUR 30-40% • HÁPRÝSTIDÆLUR 30% • MÁLNING 25%
ÁLTRÖPPUR OG STIGAR 25% • VINNUSKÓR 25-40% • HNÍFAPÖR, MATARSTELL & GLÖS 25%
POTTAR, PÖNNUR & BÖKUNARVARA 30% • PLASTKASSAR 25-50% • ÚTIVISTARFATNAÐUR (TRUE NORTH) 30%
JÓLAVÖRUR 50-70% • GJAFAVARA 25-50% • KERTI & GERVIBLÓM 30% • POTTAPLÖNTUR 30-50%
INNIHURÐIR 20-40% ...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!




Byggjum á betra verði

Vefverslun

husa.is




TÖLUR VIKUNNAR 08.01.2017 TIL 14.01.2017



711

milljónir mun það kosta að skipta dekkjakurli út fyrir annað hættu-minna efni á gervigrasvöllum.



1.315

hreinþýr verður leyft að veiða á næsta veiðitímabili.

6,28

milljónir króna bætast ofan á laun **Birnu Einarssdóttur**, bankastjóra Íslandsbanka, vegna aðgerðaleyfis kjararáðs.



22%

aukning varð í nýgengi örorkumats á nýliðnu ári.



62

slys hafa orðið á tveggja kílómetra kafla á Reykjanesbraut síðustu fimm ár.



36



fyrirtæki í fiskvinnslu hafa sagt upp fleiri en einum starfsmanni vegna verkfalls sjómanna.



43

umsóknir bárust um starf bankastjóra Landsbankans.

Þrjú í fréttum Siðareglur, kona og flugvöllur

Svandís Svavarsdóttir
formaður þingflokks Vinstri grænna

sendi umboðsmanni Alþingis bréf til að fá úr því skorið hvort Bjarni Benediktsson hefði brotið gegn siðareglum ráðherra þegar hann ákvað að birta ekki skýrslu um aflandsfélög fyrr en allnokkru eftir að hún lá fyrir í ráðuneyti hans. Upplýsingarnar hefðu beinlínis varðað samfélagsumræðuna í aðdraganda kosninga.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

segist biðja um að vera dæmd af eigin verkum en ekki vegna þess að hún sé unga konan í nýrri ríkisstjórn. Þórdís er 29 ára gömul og er yngsta konan til að gegna ráðherraembætti á Íslandi. „Ef ég er að fá ráðherrastól af því ég er kona þá er miðaldra karlmaðurinn að fá stólinn af því hann er miðaldra karlmaður,“ sagði Þórdís.



Jón Gunnarsson

samgönguráðherra

Nýr samgönguráðherra sagði að engin önnur lausn væri en að hafa Reykjavíkflugvöll áfram í Vatnsmyri. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri kvað þá ekki alveg samstiga í flugvallarmálinu en miðað við stjórnarsáttmálann væru þeir býsna samstiga í því að það þyrfti að fara að taka á því máli og horfa til framtíðar.



Langanesbyggð tapar tugum milljóna á leigusamningum

Langanesbyggð vill losna undan leigusamningum við leigufélagið Heimavelli. Hefur tapað 20 milljónum króna á sex íbúðum síðan 2011. Lögmaður leigufélagsins ósammála túlkun sveitarfélagsins á uppsagnarákvæði. Málið tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Leigan setur mark sitt á skuldastöðu sveitarinnar.

DÓMSMÁL Langanesbyggð hefur stefnt Heimavöllum fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur í von um að losna undan leigusamningum um sex íbúðir á Þórshöfn. Sveitarfélagið hefur tapað um 20 milljónum króna á samningunum sem voru undirritaðir árið 2011 og gilda til tíu ára. Lögmaður leigufélagsins er ósammála túlkun sveitarfélagsins á uppsagnarákvæði samninganna.

Málarekstur Langanesbyggðar byggir á að skýrt ákvæði sé í verðtrygðum samningunum sem geri sveitarfélaginu kleift að segja þeim upp þegar fasteignirnar séu seldar öðru félagi. Íbúðirnar eru í raðhúsunum Miðholti 9 til 19 og voru í eigu V Laugavegs ehf. þegar samningarnir voru undirritaðir. Dótturfélag Heimavalla keypti V Laugaveg árið 2015.

Eliás Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar, segir í samtali við Fréttablaðið að leigutekjur sveitarfélagsins, sem framleigir íbúðirnar, séu í dag talsvert lægri en sú upphæð sem það greiðir leigusalanum Heimavöllum. Vill hann ekki svara hversu miklu munar en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur Langanesbyggð tapað um 20 milljónum króna á samkomulaginu og síðustu ár um fjórum milljónum á ári. Leigan er bókfærð sem skuldbinding í bókum sveitarfélagsins og setur því mark sitt á skuldastöðu þess.

„Við erum að reyna að losna út úr samningunum þannig að Heimavelli leigi núverandi íbúum íbúðirnar. Þeir vilja halda okkur áfram sem leigjanda og það eru fjögur ár eftir. Það er skynsamleg meðferð á skattþeningum að athuga hvort okkar skilningur sé ekki réttur,“ segir Eliás og tekur fram að sveitar-



Sveitarfélagið hefur áður átt í árangurslausum viðræðum við Heimavelli um leiguna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þeir vilja halda okkur áfram sem leigjanda og það eru fjögur ár eftir.

Eliás Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar



félagið hafi áður átt í árangurslausum viðræðum við Heimavelli um breytingar á leigusamningunum.

„Ágreiningurinn nýst um það hvort uppsagnarákvæðið komi til framkvæmda annars vegar ef félagið er keypt, eða eigandi fasteignarinnar sé keyptur, eða hins vegar þegar einungis fasteignirnar sjálfar eru keyptar. Það er niðurstaða mín að þeir sem undirrituðu þessa samninga geti ekki staðfest túlkun sveitarfélagsins á uppsagnarákvæðinu,“ segir Steinn S. Finnbogason, lögmaður Heimavalla, sem er stærsta leigufélag landsins.

Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir, fjárfestar og fyrrverandi atvinnu-menn í knattspyrnu, undirrituðu samningana fyrir hönd V Laugavegs. Bræðurnir voru þá eigendur félagsins og í hluthafahópi þess alveg fram að kaupum Heimavalla á félaginu. Gunnólfur Lárusson var sveitarstjóri Langanesbyggðar árið 2011. Samningarnir voru gagnrýndir af sumum sveitarstjórnarmönnum og íbúum Langanesbyggðar en á fundi sveitarstjórnar í mars 2011 kom fram að leigutekjur myndu einungis standa undir 70 prósentum af greiddri leigu til V Laugavegs. haraldur@frettabladid.is

Vara við stefnumóttaforriti fyrir börn

SAMFÉLAG Borðið hefur á áhyggjum foreldra og talsmanna grunnskóla af smáforritinu Yellow sem hægt er að sækja í alla snjallsíma. Börn geta notað forritið til að kynna öðrum börnum á svipaðan hátt og full-orðnir nota forritið Tinder. Áhyggjurnar lúta að því að óprúttir aðilar geti nýtt sér þessa leið til að komast í samband við óhörðnuð börn.

Ekkert aldurstakmark er fyrir notkun á þessu smáforriti og hægt er að tengjast fólki í nágrenni við sig. Barnaheill telja það skipta miklu máli að foreldrar viti hvað börn þeirra séu að gera bæði í tölvunni og í snjallsímum sem og að fræða þau um hvernig nota eigi tæknina sér í vil.

„Barnaheill hvetja foreldra til að tala opinskátt við börn sín um örugga netnotkun og vera meðvitund um þær hættur sem geta skapast í samskiptum við ókunnuga á netinu. Mikilvægt er að brýna fyrir börnum að gefa aldrei upp per-



Börn eru sérstaklega varnarlaus á netinu. NORDICPHOTOS/GETTY

sónuupplýsingar til ókunnuga og vera meðvitund um að allt efni sem sent er öðrum eða sett er á netið sé ógjörningur að uppræta eða eyða af netinu,“ segir Erna Reynisdóttir,

framkvæmdastjóri Barnaheilla. Hún brynir fyrir fólki að tilkynna til lögreglu ef barn hefur verið tælt eða það fengið klámfengið efni sent. – sa

LYFJA
– Lifið heil

Lægra verð
í Lyfju

lyfja.is

Áramótatilboð

15%

afsláttur af 210 stk. Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmí

- Allar bragðtegundir
- 2 mg og 4 mg



Gildir til 21. jan 2017



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

LAND CRUISER

LÁTTU HEILLAST



Land Cruiser 150 er glæsilega búinn og kraftmikill bíll með ríkulegum aukabúnaði. Hann fæst nú í takmarkaðan tíma með Adventure pakka að verðmæti 750.000 kr. sem færir hann í annað veldi.

• Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Er mjög áhyggjufullur yfir ferlinum

Kolbeinn Sigþórsson, maðurinn sem skaut enska landsliðið af EM í Frakklandi, hefur ekki spilað fótbolta síðan í byrjun júlí. Erfið og óútskýrð hnémeiðli hafa nú sett stórt spurningamerki við feril hans. Fram undan er líklega önnur aðgerð hans á fáeinum mánuðum.

Eiríkur Stefán
Ásgeirsson
eirikur@365.is



FÓTBOLTI Undanfarnar vikur og mánuði, nú síðast í gær, hafa borist fregnir af því að staða landsliðsmannsins Kolbeins Sigþórssonar væri í mikilli óvissu. Kolbeinn er á mála hjá Nantes í Frakklandi, og var haft eftir Waldmar Kita, forseta félagsins, að Kolbeinn væri í felum á Íslandi og það næðist ekki í hann. Hann hefði ekki einu sinni fyrir því að fá borguð laun.

Kolbeinn er vissulega staddur á Íslandi. Ég settist niður með honum yfir kaffibolla í húsakynnum Knattspyrnusambandsins í Laugardal í gær. Þar visar hann þessum fregnum á bug og segir að bróðir hans, Andri, hefði verið í daglegu sambandi við framkvæmdastjórnann Franck Kita, son forsetans. Hann fór vel og vandlega yfir meiðslasögu sína, sem lengist því miður sífellt. Hann viðurkennir að staðan sé erfið og framtíð hans sem knattspyrnumanns í óvissu en hann heldur þó í vonina og ætlar sér að ná sér góðum á nýjan leik, hvenær sem það verður.

Ástæðan fyrir því að Kolbeinn hefur ekki spilað fótbolta síðan á EM í sumar er að hann hefur verið að glíma við erfið meiðsli í vinstra hné. Skömmu eftir að Nantes lánaði hann til tyrkneska stórlíðsins Galatasaray í upphafi tímabilsins var staðan orðin það slæm að ákveðið var að hann myndi fara í aðgerð og skrapað yrði af liðþófanum.

Forsagan er þó löng og flókin. „Undanfarin þrjú ár hef ég verið með litla rifu í liðþófanum. Ég hef þrutt fyrir það náð að spila og það hafa fleiri knattspyrnumenn gert með álíka meiðsli,“ útskýrir Kolbeinn. „En svo hefur eitthvað gerst. Mögulega var það í síðasta deildarleiknum með Nantes í vor, þar sem ég stífnaði upp í hnénu.“

Kolbeinn var tæpur fyrir EM í sumar, einnig vegna meiðsla í hæggra hné, en náði að verða leikfær og spila alla leiki Íslands í keppninni. Óhætt er að segja að hann hafi átt frábært mót, eins og svo margir aðrir í íslenska liðinu.

Gat ekki hlaupið á æfingu

Í byrjun september, eftir að gengið hafði verið frá félagskíptunum til Tyrklands, hitti Kolbeinn landsliðið í Þýskalandi. „Ég fann að ég gat ekki hlaupið. Þá var ég sendur aftur til Galatasaray og strax næsta dag vildu þeir að ég myndi fara í aðgerð. Hún var framkvæmd 5. september.“

Síðan þá hefur batinn ekki verið nægilega góður. „Hnéð bólgnadi upp



Kolbeinn Sigþórsson fyrir utan skrifstofu KSÍ í gær. Styttan í bakgrunni er af Alberti Guðmundssyni, fyrsta atvinnumanni Íslands í knattspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/E. STEFÁN

Ég bauðst til að spila frítt með Galatasaray eftir áramót. Ég var það viljugur að vera áfram.

Kolbeinn Sigþórsson

og ég átti erfitt með gang. Það tók langan tíma að ná bólgunum úr mér og reynt að flýta fyrir því með alls konar sprautumeðferðum til að losa út vökvu. En hann kom alltaf aftur.“

Kolbeinn gerði allt sem hann gat. Hann fór til Barcelona til að fara í meðferð hjá færustu læknum Evrópu, svo til Noregs þar sem hann var í meðferð hjá hnykkjara. Honum leið vel eftir það.

„Ég kom aftur til Tyrklands 9. desember. Þá var mér tilkynnt að ef ég myndi ekki ná mér góðum innan þriggja vikna þá yrði samningi mínum rift,“ segir Kolbeinn. „Það flækti málið enda hefði ég þurft að byggja upp hnéð hægt og rólega. En ég vildi láta reyna á þetta og fór út á völl, þar sem ég æfði í eina og hálfu viku.“

Á jóladag fór hann í myndatöku og var þá enn og aftur kominn vökvinn inn á hnéð. Þar með varð ljóst í hvað stefndi. Samningnum var rift og Kolbeinn kom heim til Íslands nokkrum dögum síðar.

Bauðst til að spila frítt

Kolbeinn ber engan kala til Galatasaray, þvert á móti. „Ég skildi þeirra ákvörðun mjög vel. Þetta er frábær klúbbur og afar vel komið fram við mig. Mér fannst ég vera á besta mögulega staðnum fyrir mig,“ segir hann.

„Ég bauðst til að spila frítt með liðinu eftir áramót. Ég var það viljugur að vera áfram. En þeir gátu ekki fengið annan leikmann inn nema með því að losa mig. Það var því ekki hægt.“

Kemur þá að þætti Nantes og Kitafeðganna. Waldemars forseta og Francks framkvæmdastjóra. Haft var eftir Kita eldri í L'Équipe í Frakklandi að félagið hefði aðeins verið í mjög takmörkuðu sambandi við Andra, bróður Kolbeins, og að Kolbeinn væri í raun týndur á Íslandi.

Kolbeinn getur ekki annað en brosað. „Þeir vita af mér. Bróðir minn er í daglegu sambandi við Franck Kita og ég veit einfaldlega ekki hvaðan þessar fréttir koma. Að segja að ég sé týndur er alrangt.“

Og hann segir að orð forsetans um að hann hafi ekki rúkkad laun séu aukaatriði. „Ég er ekkert að pæla í launum núna. Ég er bara að hugsa um að fá mig góðan af meiðslunum.“

Alvarlegt að fara í aðra aðgerð

Fram undan er mögulega önnur aðgerð, segir Kolbeinn. Hann bíður

þess nú að fá leyfi félagsins til að fara í aðgerðina, en það er það sem íslenskir lækningar vilja og lækningar Galatasaray taka undir það.

„Það var fyrst í gær sem við heyrðum að Nantes vildi fá mig út í lækniaköðun. Ef svo er þá fer ég út og tek ákvörðun um framhaldið eftir það. Enda færi ég aldrei í aðgerð án leyfis félagsins.“

Að láta skrapa liðþófanum í annað sinn er háalvarlegt mál fyrir knattspyrnumann. Og það veit Kolbeinn manna best.

„Besta lausnin er að byggja hnéð upp án aðgerðar. Styrkja það og liðböndin, losa um það og fara í sprautumeðferðir. Það hef ég reynt. Ég hef gert allt sem ég hef getað gert. En niðurstaðan er sú að ég er ekki orðinn betri. Það er ekki ákjósanlegt að fara í aðra aðgerð en óvissan yrði líka mikil ef ég færi ekki því ég veit ekki hvenær ég mun jafna mig.“

Mjög áhyggjufullur yfir stöðunni

Það er engin betri leið að spyrja Kolbein en beint út: Öttast hann um ferilinn? Að meiðslin séu það alvarleg að hann óttist að hann muni mögulega ekki spila sem knattspyrnumaður í fremstu röð á nýjan leik?

„Það er allavega óvissa,“ segir hann. „Ég vona að aðgerðin heppn-

ist vel og að ég geti spilað aftur sem allra fyrst. En ég er sjálfur mjög áhyggjufullur yfir þessari stöðu enda komnir fimm mánuðir frá fyrri aðgerðinni og tíminn tifar. Auðvitað hef ég hugleitt það [að ferillinn sé í hættu], enda búinn að vera úti í 4-5 mánuði og mikið einn.“

Kolbeinn saknar fótboltans og leit á veru sína hjá Galatasaray sem gullið tækifæri til að koma félagsliðaferlinum aftur í gott horf eftir magurt tímabil með Nantes þar á undan. Eftir draumagengi hans og íslenska liðsins á EM í sumar virtist ekkert því til fyrirstöðu.

„Svo fékk ég þennan skell og það hefur verið erfið,“ viðurkennir Kolbeinn, sem hefur þó getað haldið sér í jafnvægi og forðast þungar hugsanir. „Ég reyni sem minnst að pæla í svona hlutum. Það hef ég lært af gömlum meiðslum. Þá fyrst fer þetta allt að hellast yfir mann. En ég hef komið mér úr erfiðum meiðslum áður og mun gera það aftur núna.“

En hann saknar líka féлага sinna úr íslenska landsliðinu. „Ég hef sársaknað þess að spila ekki með landsliðinu. En þetta hefur farið vel af stað hjá þeim og það er vonandi að þeir haldi áfram að standa sig vel. Mitt markmið er að koma aftur inn í lok undankeppnanna [í haust] af fullum krafti og í toppformi. Ég ætla bara að horfa fram á veginn.“

Tekna - Sjálfskiptur - Rafmagn Leður - Xenon - Bose hljóðkerfi Bakkmyndavél - Ekinn 23þ. km Verð: 3.150.000,- Raðnr. 152295	Comfort - Sjálfskiptur - Rafmagn Ekinn 5þ. km - Vel búin bíll Ásett verð 4.450.000,- Tilboðsverð: 3.650.000,- Raðnr. 100109	Discovery 3 SE G4 breytur 7 manna - Sjálfskiptur - Dísel Ekinn 161þ. km - Ný yfirfarinn Verð: 3.790.000,- Raðnr. 151111	Acenta - Sjálfskiptur - Rafmagn Margir litir í boði - Sólarsetla 7" snertiskjár - Ekinn 9þ. km Verð: 2.850.000,- Raðnr. 151735	AWD - Sjálfskiptur - Bensín Panorama þak - Leður Bose hljóðkerfi - Ekinn 89þ. km Verð: 3.490.000,- Raðnr. 117266	Instyle - Sjálfskiptur - Bensín Leður - AWD - 17" felgur Krókur - Ekinn 222þ. km Verð: 1.790.000,- Raðnr. 100105
Grand Cherokee Overland Sjálfskiptur - Bensín - Leður ofl. Umboðsbíll - Ekinn 31þ. km Verð: 8.490.000,- Raðnr. 152819	Outlander Instyle Plugín Hybrid Sjálfskiptur - Ísl. leiðsögukerfi Leður - Ekinn 9þ. km Tilboðsverð: 5.550.000,- Raðnr. 230133	100 bílar ehf. Stekkjarbakka 4 109 Reykjavík Sími: 517 9999 100bilar@100bilar.is www.100bilar.is		Escalade - 7 manna - Leður Ný dekk - Mjög vel með farinn Krókur - Ekinn 65þ. km Verð: 4.900.000,- Raðnr. 221155	Durango Limited - Sjálfskiptur Bensín - 7 manna - Leður - Lúga Umboðsbíll - Ekinn 20þ. km Verð: 9.590.000,- Raðnr. 152776
Mikil sala - Vantar bíla á skrá - 800m2 innisalur					

Ford

NÝR KUGA



#HÆFASTUR

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, aksturseiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8" skjá, Bluetooth, raddstýringu, bakkmyndavél og fimm stjörnu öryggi svo fátt eitt sé nefnt. Ford Kuga er einstaklega hæfur til að koma þér og þínum hvert á land sem er við hvaða aðstæður sem er.

Ford er frábær! Við viljum að þú upplifir gæði Ford og bjóðum því lengri og betri reynsluakstur.

FORD KUGA AWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ:

5.690.000 KR.

Þrír fá frían Ford í þrjá mánuði!

Nöfn allra sem reynsluaka nýjum Ford í janúar fara í pott og verða þrír heppnir dregnir út sem fá frí afnot af Ford í þrjá mánuði!

LENGRI OG BETRI REYNSLUAKSTUR

— þú getur fengið hann í allt að **24 tíma!**
Komdu núna!



FRUMSÝNING Í DAG!

Kaffi frá Kaffitár
Valdís býður upp á ís
OPIÐ FRÁ 12-16



ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Tækniþróunar- sjóður

Styrkir til nýsköpunar

Umsóknarfrestur til 15. febrúar 2017

Tækniþróunarsjóður styrkir nýsköpunarverkefni sem geta aukið samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Nánari upplýsingar eru á tths.is



Tækniþróunarsjóður



ATVINNUEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



rannís
www.rannis.is



Trjátöpparnir í Öskjuhlíð ná svo hátt að það ógnar öryggi í flugi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Álagning vatns- og fráveitugjalda 2017

Álagning vatns- og fráveitugjalda fyrir árið 2017 liggur nú fyrir. Viðskiptavinir geta skoðað álagningarseðla á Mínum síðum á veitur.is.

Til að komast inn á Mínar síður getur þú notað rafræn skilríki, Íslykil eða fengið sent lykilorð í rafræn skjöl í heimabankanum þínum.

Í samræmi við stefnu okkar um pappírslaus viðskipti fá einungis viðskiptavinir 68 ára og eldri heimsenda álagningar- og greiðsluseðla. Aðrir fara sjálfkrafa í netgreiðslur hafi þeir ekki óskað eftir pappír. Hægt er að breyta greiðslumáta á veitur.is eða í þjónustuveri okkar í síma 516 6000.

Veitur sjá um rekstur hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu. Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á veitur.is



VEITUR

Há tré felld í Öskjuhlíð fyrir öryggi í flugi

Á næstunni verða 130 grenitré felld í Öskjuhlíð sem ná of hátt upp í aðflugsstefnu Reykjavíkurflugvallar. Fyrir fimm árum var Isavia neitað um þessa framkvæmd eftir andstöðu skógræktarfolks.

SAMGÖNGUR „Flugvöllurinn, hvar sem hann kann að verða síðar, er núna hér samkvæmt skipulagi og þessi tré eru upp í öryggislínur,“ segir Þórólfur Jónsson, deildarstjóri Náttúru og garða hjá Reykjavíkurborg, um væntanlega grisjun trjáa í Öskjuhlíð.

Fella á 130 grenitré sem ná upp fyrir öryggisviðmið í aðflugslínu að Reykjavíkurflugvelli. Þegar sama krafa Isavia kom fram árið 2011 var hún harðlega gagnrýnd af Skógræktarfélagi Reykjavíkur og endaði borgin á að hafna áformunum. Með samkomulagi ríkisins og borgarinnar frá því í október 2013 var hins vegar ákveðið að trén yrðu felld.

Að sögn Þórólfs er það helst á brún axlar út úr Öskjuhlíð sem þarf að fella tré. „Þar er grenlundur sem þarf að fara allur,“ segir hann. Reiknað sé með að á þeim stað verði ný tré gróðursett.

„Að hluta til getur þetta verið grisjun, í stað þess að við séum að skilja stóru trén eftir eins og í venjulegri grisjun erum við að gera öflugt; tókum stóru trén og lægri trén standa eftir,“ segir Þórólfur.

Þegar málið kom upphaflega til umræðu 2011 var rætt um að hugsanlega yrðu trén ekki felld heldur sagað ofan af þeim en Þórólfur segir það ekki í myndinni. „Það yrði óskapnaður sem við viljum ekki láta sjá eftir okkur,“ segir hann. Trén verði því söguð niður við jörð.

Þórólfur kveðst ekki vita hversu gömul trén eru sem verða felld.

Að hluta til getur þetta verið grisjun, í stað þess að við séum að skilja stóru trén eftir eins og í venjulegri grisjun erum við að gera öflugt; tókum stóru trén og lægri trén standa eftir.

Þórólfur Jónsson, deildarstjóri Náttúru og garða hjá Reykjavíkurborg



„Kaldhæðnin í þessu er kannski að það voru starfsmenn Flugmálastjórnar sem byrjuðu að planta þarna í hlíðina upp úr 1950 þótt þetta séu nú líklega ekki sömu tré þótt sagan væri líklega betri þannig,“ segir hann.

Nokkrir verktakar hafa fengið gögn vegna útbóts á trjáfellingunni og býst Þórólfur við að þeir skili tilboðum í næstu viku. Verkinu eigi að vera lokið í mars. Trén sem til falla fara ekki langt heldur verða áfram í Öskjuhlíðinni. Greinarnir verða kurlaðar í stíga.


„Stofnarnir eiga svo að fara í hof Ásatrúarmanna. Það er ákveðin sjálfbærni í því,“ segir Þórólfur. gar@frettabladid.is

GAMMA TOTAL RETURN FUND:

Eignadreifing sem skilar árangri

Árið 2016 skilaði *Total Return Fund* **14,73% ávöxtun**. Það er **besta ávöxtun** í samanburði við aðra sambærilega sjóði á íslenskum fjármálamarkaði, samkvæmt vefsvæðinu keldan.is en ávöxtun annarra blandaðra sjóða var -1% til 6%.

TRF: SÖGULEG ÁVÖXTUN




Tölur í auglýsingu vísa til fortíðar og athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.

NÁNARI UPPLÝSINGAR / 519 3300 / GAMMA@GAMMA.IS / GAMMA.IS

Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. GAMMA Capital Management hf. er rekstrarfélag Fjárfestingarsjóðs GAMMA. Sjóðurinn er deild í fjárfestingarsjóði skv. lögum nr. 128/2011. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu, reglum og lykilupplýsingum (KIID), sem nálgast má á heimasíðu GAMMA eða á skrifstofu félagsins og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér þessar upplýsingar nánar. Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í fjárfestingarsjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað. Kaupum á hlutdeildarskírteinum sjóðsins fylgir nokkur hættu á verðsveiflum.

TRF: EIGNADREIFING



Total Return Fund er fjárfestingarsjóður hjá GAMMA, opinn fyrir alla fjárfesta og hugsaður til milli-langs eða langs tíma.

SJÓÐSSTJÓRI TOTAL RETURN FUND

Valdimar Ármann, hagfræðingur og fjármálaverkfræðingur, er framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA og hefur verið hjá GAMMA frá 2009. Valdimar hefur 17 ára starfsreynslu á fjármálamörkuðum og starfaði áður hjá ABN AMRO í London og New York og hjá RBS í New York.



GAMMA
REYKJAVÍK / LONDON

MINNINGARVERÐLAUN ARTHURS MORTHENS

Auglýst er eftir tilnefningum til verðlauna fyrir grunnskólustarf í Reykjavík í samræmi við stefnu um skóla án aðgreiningar. Starfið einkennist af fjölbreytni og viðurkenningu á mismunandi þörfum nemenda, þar sem allir nemendur taka virkan þátt í skólastarfinu og margbreytileikinn er sýnilegur og virtur.

Arthur Morthens, sem lést árið 2016, helgaði starfsævi sína börnum sem áttu á brattann að sækja og var jafnframt talsmaður þeirra í réttindabaráttu sem oft á tíðum var erfið. Hann horfði alltaf á styrkleika barna fremur en veikleika og barðist fyrir því að öll börn hefðu sömu tækifæri til náms. Hann vann ötullega gegn einangrun barna með sérþarfir og stóð í fylkingarbrjósti í stefnumótun fyrir mannréttindum þeim til handa í skóla án aðgreiningar.

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar mun veita minningarverðlaunin árlega í fimm ár, einum gunnskóla í Reykjavík.

Skilafrestur tilnefninga er til 31. janúar 2017. Eyðublöð og nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is. Allir geta sent inn tilnefningar á: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík eða á netfangið sfs@reykjavik.is.



Æskulýðs- sjóður

Umsóknarfrestur 15. febrúar 2017

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Æskulýðssjóði. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Samkvæmt breytingum á reglum um Æskulýðssjóð, nr. 60/2008, auglýsir sjóðurinn eftir umsóknum um styrki tvisvar sinnum á ári, 15. febrúar og 15. október.

Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar er að finna á rannis.is. Umsóknum skal skilað inn á rafrænu formi fyrir kl. 17:00 miðvikudaginn 15. febrúar 2017.

Nánari upplýsingar veitir

Andrés Pétursson,
andres.petursson@rannis.is,
sími 515 5833.



HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS


Styrkir til náms í hafrétti

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa Háskóli Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Hafréttarstofnun auglýsir hér með eftirfarandi styrki til náms í hafrétti til umsóknar:

1. Styrki til framhaldsnáms í hafrétti á háskólaárinu 2017 - 2018.
2. Styrki til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti 2.- 21. júlí 2017.

Umsóknir sendist Tómasi H. Heiðar, forstöðumanni stofnunarinnar, með tölvupósti, tomas.heidar2016@gmail.com, fyrir 27. janúar 2017.



Unnið var á snjódrúðningstæki við að hreinsa hraðbraut A27 nærri Achim í Norður-Þýskalandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Íbúar og flóttamenn í hættu í vetrarveðrinu

Flóttamenn á Balkanskaga eru í lífshættu í vetrarveðri sem gengur yfir. Íbúar í Þýskalandi hafa látið lífið. Viðast hvar í suðausturluta Evrópu eru götur snævi þaktar. Flugfélagið Lufthansa þurfi að fresta 125 flugferðum frá Frankfurt.

EVROPA Frostbylur hefur valdið miklum skaða í vesturluta Evrópu, meðal annars valdið því að mörg heimili hafa orðið rafmagnslaus, tré hafa fallið og lestarsamgöngur farið úr skorðum. Í Frakklandi hafði rafmagnsleysi áhrif á yfir 237 þúsund heimili í Normandí og svæði norður af París. Við ströndina, í Dieppe, náði vindurinn 146 kílómetra hraða á klukkustund.

Stormurinn, sem kallaður er Egon, fór síðan yfir suðurhluta Þýskalands og olli rafmagnsleysi og miklu umferðaröngþveiti.

Þjörgunarsveitir höfðu í nógu að snúast í fyrrinótt í Frakklandi og í Þýskalandi. Kona lét lífið í Saint-Jeannet í suðausturluta Frakklands eftir að tré féll á hana. Hún var að gera börn sín reiðubúin fyrir skólann þegar slysið varð.

Sums staðar í Frakklandi var skólahaldi aflyst. Í heimsfrægi kapellu í

65

manns hafa látið lífið í öveðrinu.

Soissons, sem er norðan við París, brotnaði rúða og orgel þar inni skemmdist.

Ökumenn hafa verið varaðir við hættulegum aðstæðum á vegum í Þýskalandi vegna snjókomu og iss. Þrír ökumenn létust í árekstrum í Bavariu. Á sama tíma hafa flöðvarnir verið styrktar á ströndum Belgíu.

Öveðrið í Evrópu hefur kostað að minnsta kosti 65 manns lífið. Allt er snævi þakið í Póllandi og á það líka

við um stóran hluta af Suðaustur-Evrópu, þar á meðal Rúmeníu, Búlgaríu, Grikkland og vesturluta Tyrklands. Þar er jafnframt mjög kalt.

Þúsundir flóttamanna á Balkanskaga eru lítt búnir til þess að takast á við þessi skilyrði. Margir þeirra hafast við í tjöldum og hafa lítil tækifæri til að hita upp vistarverur sínar.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna segir að fjöldi flóttamanna hafi örmagnast og dáið úr kulda í Búlgaríu. Stofnunin hvatti Grikki til að flytja flóttamenn með hraði í betri vistarverur á meginlandinu, eftir að fréttir bárust af því að í Samos hefðu að minnsta kosti 1.000 manns hafst við í óhituðum byggingum.

Vindurinn og snjórinn í Þýskalandi varð til þess að flugfélagið Lufthansa þurfti að fresta 125 flugferðum frá flugvelli í Frankfurt. jonhakon@frettabladid.is

NÝR MAZDA3 FRUMSÝNING Í DAG

Mazda3 hefur síðustu ár verið einn vinsælasti bíllinn á Íslandi enda bíll sem hefur sterkan og kröftugan karakter. Mazda3 er búinn G - Vectoring Control stýrikerfi sem stuðlar að betri aksturseiginleikum, betri stýrissvörun, eykur veggrip og þyngdardreyfingu. Þessu til viðbótar er Mazda3 einstaklega öruggur bíll með snjallhæmlunarkerfi sem greinir gangandi umferð og hemlar sjálfvirkir er hætta stöðjar að.

Sérhver Mazda bifreið er hönnuð af ástríðu þar sem hvert einasta smáatriði er vel ígrundað og úthugað. Mannleg næmni og tæknilegir yfirburðir gera Mazda að einstökum bifreiðum með framúrskarandi gæði og frábæra akstursupplifun.

KOMDU, REYNSLUAKTU OG UPPLIFÐU MAZDA3



MAZDA3 FRÁ 2.990.000 KR.

**KÍKTU VIÐ!
VIÐ FÖGNUM DEGINUM
MEÐ VEITINGUM
FRÁ LEMON**



Opið frá 12-16



mazda

Brimborg

Bíldshöfða 8
110 Reykjavík

515 7000
mazda.is

mazda.is

Flokka Íslendinga eftir áhrifum þeirra

Höfundur forrits segir það hið fyrsta sinnar tegundar í heiminum og að fyrirtækið sé nú þegar komið með milljón manns á skrá.

VIÐSKIPTI Íslenskt fyrirtæki hefur hannað forrit til að finna fólk á samfélagsmiðlum sem getur auglýst vörur með nýstárlegum hætti. Fyrirtækið kallar fólkið áhrifavalda og flokkar þá, sem undir frumskilgreiningu fyrirtækisins falla, eftir áhugasviði þeirra og markhópsins sem fólkið nær til.

Fyrirtækið Ghostlamp var stofnað árið 2014 af Jóni Braga Gíslasyni. Nýlega gengu til liðs við fyrirtækið forritarar sem komu í gagn við leitarforriti sem gengur sjálfvirk allan sólarhringinn og finnur fólk sem hefur nægilega stóran fylgjendahóp á samfélagsmiðlum. Jón Bragi fullyrðir að forritið sé það fyrsta sinnar tegundar í heiminum og hafi fyrirtækið nú þegar um milljón manns á skrá sem falla að skilyrðum fyrirtækisins. Þar af eru ríflega 20 þúsund Íslendingar. „Við erum að miða við að þú hafir yfir eitt þúsund fylgjendur á Instagram. Það er samt ekki nóg að vera með mjög marga

Við leitum að fólki sem er búð að byggja upp sterk tengsl við sinn fylgjendahóp.

Jón Bragi Gíslason, stofnandi Ghostlamp



fylgjendur því við leitum að fólki sem er búð að byggja upp sterk tengsl við sinn fylgjendahóp,” segir Jón Bragi.

Fyrirtækið flokkar áhrifavalda í mikilvægisröð eftir því hversu stóran markhóp hver og einn hefur. Í stuttu máli virkar það þannig að Ghostlamp fær til viðskipta við sig fyrirtæki sem skipuleggja herferð. Sem dæmi má nefna að fyrirtækið hefur auglýst útvistarfatnað. Í kjölfarið hefur Ghost-

Hvað eiga áhrifavaldar sammerkt?

- Að leggja mikla vinnu í samfélagsmiðla sína
- Tíðar birtingar á til dæmis Instagram
- Birta myndir efni, áhugavert, persónulegt og óvenjulegt
- Birta efnið sitt á ákveðnum tímum sólarhrings sem eru líklegastir til að vekja mikil viðbrögð
- Myndir í bláum tónum eru mun líklegri til að fá mikil viðbrögð en myndir í gulum eða brútleitum tónum
- 60 til 70 prósent áhrifavalda hjá Ghostlamp eru konur

lamp samband við það fólk sem passar við vöruna og býður því að auglýsa

hana gegn gjaldi. Jón Bragi hafnar því að um duldar auglýsingar sé að ræða. „Nei, þetta eru ekki duldar auglýsingar. Við erum ekki að ritstýra neinu. Áhrifafólkið fær bara tilboð um að taka þátt og við gefum því algjört listrænt frelsi á það hvernig það tjáir sig um vörur og þjónustu og þar af leiðandi er þetta ekki auglýsing sem slík.“

Innan skamms heldur Jón Bragi utan til að skipuleggja stóra herferð með alþjóðlegum risavörumerkjum

sem þó má ekki greina frá strax vegna samninga. Fyrirtækið er nú þegar farið að starfa í Evrópu og Bandaríkjunum með þarlandum áhrifavöldum.

„Þú getur fengið allt að 50 þúsund krónur fyrir herferð sem tekur þig einn dag að framkvæma. Fyrirtækin fá alvöru fólk til að vera talsmenn vörunnar sinnar og þeir búa til frábært efni til að kynna vöruna. Það fólk fær svo bara borgað eftir því hversu áhrifaríkt það er.“ snaeros@frettabladid.is

Hafnar því að um duldar auglýsingar sé að ræða


Jón Bragi hafnar því að um duldar auglýsingar sé að ræða meðal annars vegna þess að efninu sé ekki ritstýrt af Ghostlamp heldur sé fólk í sjálfsvald sett hvað það birtir á samfélagsmiðlum.

Í leiðbeiningum Neytendastofu um auðþekjanlegar auglýsingar kemur fram að duldar auglýsingar séu bannaðar samkvæmt lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þar segir að í stuttu máli sé auglýsing hvers konar tilkynning sem miðlað er gegn endurgjaldi og

felur í sér kynningu á imynd, vöru eða þjónustu. Þá segir að lögin gildi bæði um fjölmiðla og einstaklinga. „Lögin gilda um þig ef þú færð greiðslu eða annað endurgjald gegn því að skrifa um eða dreifa upplýsingum um vörur eða þjónustu fyrirtækja á vefsíðum eða samfélagsmiðlum.“

Sumir áhrifavaldar Ghostlamp virðast vilja baktryggja sig með þetta og merkja auglýsingar með einum eða öðrum hætti, til dæmis með myllumerkinu #ad en þá stendur ad fyrir advertisement, eða auglýsing.

Herferðir á Instagram sem Ghostlamp hefur staðið fyrir



Össur leitar að íbúð til langtímaleigu á höfuðborgarsvæðinu. Staðsetning nálægt Grjóthálsi væri kostur.

Íbúðin þarf að vera í góðu standi og með a.m.k. 4 svefnherbergjum.

Upplýsingar sendist á netfangið: egunnlaugsdottir@ossur.com

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 2800 manns í 20 löndum. Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir fundaröðinni **BORGIN – HEIMKYNNI OKKAR** um þróun og mótun borgarinnar.

Útivist í borgarumhverfi

Þriðjudaginn 17. janúar kl. 20 á Kjarvalsstöðum



Hjálmar Sveinsson



Gunnþóra Ólafsdóttir

Hvað einkennir góð útivistarsvæði? Hvernig má bæta aðstöðu til útivistar? Hvernig hefur útivist áhrif á skipulag? Reykjavík býr yfir margskonar útivistarsvæðum sem vefja sig inn í byggðina og umhverfis hana og setja mark sitt á yfirbragð borgarinnar. Vel útfærð græn svæði, garðar og göngustígar auka lífsgæði, hvetja til útivistar og stuðla að bættri lýðheilsu. Ný rannsókn sýnir að markviss útivist hefur marktækt betri áhrif á heilsuna en líkamsrækt innandyrna.

Fram koma á fundinum: **Hjálmar Sveinsson**, formaður umhverfis- og skipulagsráðs, **Gunnþóra Ólafsdóttir** mannvistarlandfræðingur, **Áslaug Traustadóttir** landslagsarkitekt og **Jón Gauti Jónsson**, skólustjóri Fjallaskólans.

Fundurinn er í kaffihúsinu á Kjarvalsstöðum þriðjudaginn 17. janúar, kl. 20.

Allir velkomnir. Heitt á könnunni.



Áslaug Traustadóttir



Jón Gauti Jónsson

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Ísbúð / Ísgerð – Til sölu

Af sérstökum ástæðum er til sölu einkahlutafélag sem rekur ísbúð með eigin framleiðslu, miðsvæðis í Reykjavík.

Öll aðstaða er mjög góð og gert er ráð fyrir kaffisölu og tilheyrandi.

Miklir möguleikar fyrir duglega aðila. Nánari upplýsingar í síma: 896 0240.

Lagersala 14. jan.–15. jan.

Allt að 80% afsláttur



Enn meiri lækkun á völdum vörum

<p>Börn</p>  <p>Rán flísfóðraður jakki 12.800 kr. 6.400 kr.</p>	<p>Dömur</p>  <p>Skálafell jakki 33.500 kr. 16.750 kr.</p>	<p>Herrar</p>  <p>Týr rennd peysa 29.000 kr. 14.500 kr.</p>	<p>Aukahlutir</p>  <p>Kjölur eyrnaband 3.200 kr. 1.280 kr.</p>
<p>Börn</p>  <p>Mímir pollajakki 5.499 kr. 2.750 kr.</p>	<p>Dömur</p>  <p>Langjökull Primaloft kápa 51.500 kr. 25.750 kr.</p>	<p>Herrar</p>  <p>Gróttá jakki 62.000 kr. 18.600 kr.</p>	<p>Aukahlutir</p>  <p>Kjölur húfa 4.200 kr. 1.680 kr.</p>
<p>Börn</p>  <p>Pór Softshell jakki 14.300 kr. 2.860 kr.</p>	<p>Dömur</p>  <p>Bankastræti buxur 18.300 kr. 5.490 kr.</p>	<p>Herrar</p>  <p>Grandi jakki 38.000 kr. 15.200 kr.</p>	<p>Aukahlutir</p>  <p>Hengill eyrnaband 2.900 kr. 580 kr.</p>
<p>Börn</p>  <p>Magni jakki 9.100 kr. 3.640 kr.</p>	<p>Dömur</p>  <p>Reykjavík skyrta 12.900 kr. 6.450 kr.</p>	<p>Herrar</p>  <p>Laugavegur buxur 16.800 kr. 5.040 kr.</p>	<p>Aukahlutir börn</p>  <p>Frigg eyrnaband 1.800 kr. 720 kr.</p>

Vinsamlegast athugið að verð á lagersölu á aðeins við ákveðnar vörur og liti af vörum í vörulínu okkar. Verð á lagersölu getur lækkað á meðan á lagersölu stendur.

Útsölumarkaður Faxafeni 12 | 108 Reykjavík
Skipagata 9 | 600 Akureyri
Miðvangur 13 | 700 Egilsstaðir

Opnunartími: lau. 10-21 | sun. 12-21
Opnunartími: lau. 10-18 | sun. 12-18
Opnunartími: lau. 11-18 | sun. 12-16

Mitsubishi ASX



Audi SQ7



STÓRS



5 ára ábyrgð



Volkswagen up!



Audi Q2



Škoda Superb L&K



Volkswagen Amarok

Sannkölluð frumsýningarveisla í dag milli kl. 12 og 16!

Verið velkomin á stórsýningu HEKLU í dag. Við frumsýnum borgarbílinn **Volkswagen up!**, ofurjeppann **Audi SQ7**, snilldarbílinn **Audi Q2** og snaggaralega sportjeppann **Mitsubishi ASX**. Einnig forsýnum við lúxuspallbílinn **Volkswagen Amarok** og viðhafnar-útgáfu af **Skoda Superb**. Forsala hefst á **Skoda Kodiaq**, **VW Golf GTE** og **e-Golf**. Kleinuhringir frá Krispy Kreme, veltibíllinn, kaffi frá Kaffitári og tattúbar fyrir börn á öllum aldri. Allir sem reynsluaka bíl eiga möguleika á að vinna **iPhone 7**, **Apple TV** eða þráðlausan hátalara frá **Sonos**. Komdu og fagnaðu nýju ári með okkur og 2017 línunni úr bílafloða HEKLU. Hlökkum til að sjá þig!



Stærsta málið



Kristin Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Upp úr aldamótum ákvað Gordon Brown, þáverandi fjármálaráðherra Bretlands, að skattaálögur skyldu lækkaðar á dísilbílum en hækkaðar á bensínbílum. Stýra átti Bretum í þá átt að kaupa frekar dísilbílum en bensínbílum, enda voru vísindamenn almennt sammála um að þeir fyrrnefndu væru umhverfisvænari.

Í dag er almennt viðurkennt að ákvörðun Browns var hin mesta flónska. Þótt dísilbílur láti vissulega frá sér minna magn gróðurhúsalofttegunda en bensínbílur, spúa þeir margs konar öðrum eitrefnum. Útblástur frá dísilbílum er talinn bæði krabbameinsvaldandi og skaðlegur lungnastarfsemi fólks. Því hafa Bretar markvisst unnið að því að vinna ofan af skattaívilnunum sem hvetja fólk til kaupa á dísilbífreiðum. Þeir hafa tekið mark á vísindunum.

Sama þróun á sér stað víða um heim. Í Bandaríkjunum eru dísilbílur nánast útdaudir og víða í Evrópu verða þeir hreinlega bannaðir. Í Hollandi er stefnt að því að þeir verði alfarið farnir af götunum 2025.

Um áramótin var eldsneytisgjald hér á landi hækkað. Helstu tíðindin voru að gjaldið hækkaði meira á bensínbílum en dísilbílum. Hvatning til kaupa á dísilbílum var því aukinn. Því er ekki að undra að flestir nýir bílar sem komu á göturnar á Íslandi 2016 eru dísilbílur – réttur helmingur. Hlutfall rafbílur er því miður enn lágt.

Þetta er dæmi um að stjórnvöld sofa á verðinum. Loftslagsmál eru sennilega stærsta viðfangsefni samfélagsins. Ef mengun af manna völdum heldur áfram óbreytt er staðhæft að hitastig á jörðinni muni hækka um fjórar gráður á Celsíus á þessari öld með voveiflegum afleiðingum; landbúnaðarsvæði þorna upp, jökullar bráðna og sjávarmál hækka. Fólk mun flytjast í milljónavís frá ströndum og fjær matarkistunum.

Sá sem ferðast hefur á norðurlöndum og séð bráðnun Grænlandsjökuls eða til Suður-Kína og séð hvernig mengun af manna völdum eittrar andrúmsloftið og skyggir á sjálfa sólinu, veit að hætta er raunveruleg. Það mun fara illa ef ekkert er að gert. Parísarsamkomulagið er þar mikilvægt þótt mörgum þyki það ganga of skammt.


Við hér getum ekki setið aðgerðarlaus hjá. Við skulum passa landið okkar og haga neyslunni svo að sem minnstur skaði hljóti af. Hver og einn verður að taka ábyrgð á sjálfum sér. Stjórnvöld geta lagt sitt af mörkum með lagasetningu sem verndar náttúruverur, refsar umhverfissöðum og beinir neyslu fólks í rétta átt. Tíðindin af dísilalögum benda þó til að stjórnvöld fylgist illa með þróun annars staðar í veröldinni.

Í stjórnsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er stiklað á stóru þegar kemur að umhverfismálum: „Gerð verður aðgerðaáætlun í loftslagsmálum í samræmi við Parísarsamkomulagið. Áætlunin felir meðal annars í sér græna hvata, skógrækt, landgræðslu og orkuskipti í samgöngum.“

Nú þarf að láta verkin tala. Fyrsta skrefið gæti verið að vinna ofan af röngum hvötum í eldsneytisgjaldkerfinu. Margt smátt gerir eitt stórt.



Þetta er dæmi um að stjórnvöld sofa á verðinum. Loftslagsmál eru sennilega stærsta viðfangsefni samfélagsins.



Útsala

hjá netverslun Dásemdir.is

Allt að **70%** afsláttur af öllum vörum
Vandaður og skemmtilegur barnafatnaður
Endilega kíkjið inn á

www.dasemdir.is

Heimsendum um allt land



Dásemdir.is

Hnoðravellir 11
Sími 891 8165

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Góðlátlegar lygar, að eilífu, amen

Í svefnherberginu mínu er kommóða sem fyllir mig í senn fjörgandi gleði og lamandi harmi. Kommóðan er barmafull af barnafötum sem sjö mánaða sonur minn er að mestu vaxinn upp úr. En þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að grisja skúffurnar og búa til pláss fyrir fót sem passa liggur framtíðarfatnaður drengsins vegalaus í plastbala á svefnherbergisgólfinu.

Sonurinn stóð í göngugrind við hlið mér. Þetta var þriðja tilraun til að tækla kommóðuna. Ég opnaði efstu skúffuna. Þar lá grái samfestingurinn með broddgöltunum sem hann klæddist þegar hann kom heim af spítalanum. Barna voru skórnir sem ég færði hann í þegar ég tók eftir fyrstu tönninni. Sonur minn skrifkti, beraði góminn. Tennurnar voru orðnar fjórar. Fjórar! Nei. Verkið var mér um megn. Ég lokaði skúffunni.

Þrjú þúsund milljón sinnum

Löngun okkar til að ekkert breytist ristir djúpt. Við geymum úr sér gengin seðlaveski í öruggum hirslum innan um götuð vegabréf og ónýtt armbandsúr. Við heim-sækjum æskulóðirnar og okkur hlýnar um hjartarætur er við sjáum gamla sandkassann og öndum að okkur sætri lykt af kattahlandi. Því ef eitthvað er varanlegt í veröldinni getum við kannski verið það líka. Í þrá okkar eftir óbreytanleika speglast von okkar um ódauðleika.

Trúleysingjar og aðrir sem ekki ganga út frá lífi eftir dauðann eru oft spurðir að því hvernig þeir fari að því að setja annan fótinn fram fyrir hinn; hvernig þeir finni tilgang til að ganga fram vegginn ef þeir telji að hann leiði aðeins að ókleifum grjótegg.

Bandaríski eðlisfræðingurinn Sean Carroll leitaðist við að svara spurningunni í nýrri bók sinni The Big Picture: On the Origins of Life, Meaning, and the Universe Itself. Niðurstaða hans var á þessa leið: Meðal mannhjartað slær aðeins þrjú þúsund milljón sinnum áður en yfir lýkur. Við þeirri staðreynd er hægt að bregðast með tvennum hætti. 1) Láta bugast af því hve grimmilega nauman tíma náttúran skammtar okkur. 2) Nýta hvern einasta hjartslátt til hins ýtrasta.

Skattaskjólsskipstjóri í stafni

Í liðinni viku furðuðu fjölmargir erlendir fjölmiðlar sig á okkur Íslendingum. Ástæðan var hin nýja ríkisstjórn landsins. Í kjölfar Panamalekans kölluðum við svo hátt eftir breytingum, við börðumst svo hart fyrir því að siðferðilega vankaðir aflendingar hunskuðust úr valda-stólum, að boða varð til kosninga. Niðurstaðan liggur nú fyrir: Í stafni stendur á ný skattaskjólsskipstjóri. Stefnumál nýrrar stjórnar eru í grófum dráttum þau sömu og þeirrar gömlu. Pólitísk undanbrögð, útúrsmúningur og lygar virðast enn hornsteinn stjórnmálameningarinnar.

Það er eitthvað hughreystandi við það að hlutirnir breytist ekki, við hið gamla góða. Kannski að Bjarni Ben geti haldið föðurlegum hlífiskildi yfir okkur og logið góðlátlega að okkur um skýrslur og aflandseignir eins og foreldri lýgur að barni um jólasveininn um alla eilífð. Kannski að sonur minn geti þá um alla eilífð verið sjö mánaða brosböggull með bollukinnar og fjórar tennur sem aldrei er með unglíngauppsteyt og flytur aldrei að heiman. Kannski.

Við vitum þó öll sannleikann. Dægurflugan lifir aðeins einn dag. Sólin mun lognast út af eftir fimm milljarða ára. Endalokin eru í eðli náttúrunnar.

En í stað þess að loka augunum fyrir þeirri staðreynd ættum við að nýta okkur hana.

Þegar allt má biða

„Dauðinn er dökka undirlagið sem spegill þarf að hafa til að maður sjái eitthvað í honum.“ Saul Bellow.

Segjum sem svo að við lifðum að eilífu. Þá væri engin ástæða til að hefja loks háskólanámið, sækja um stöðu-hækkunina, lesa Halldór Laxness, finna ástina, eignast börn, fara í heilsuáttak. Ef við hefðum óendanlega mikinn tíma gætum við gert allt – en allt mætti líka biða.

Dauðinn gerir lífið aðkallandi. Hann setur hlutina í samhengi. Beinir athygli okkar að því sem skiptir máli.

Þrjú milljarðar hjartslátt. Klukkan tifar. Kannski að við ættum að muna það næst þegar við stígum inn í kjörklefa.

Nýr

Hyundai Tucson.

Framhjóladrifinn, sjálfskiptur, dísil.

Verð aðeins 4.690.000 kr.



SPENNANDI JANÚARTILBOÐ FYLGJA NÝJUM HYUNDAI:

- **100.000 kr. gjafakort**
Peir sem kaupa nýjan Hyundai í janúar fá í kaupbæti 100.000 kr. gjafakort frá Íslandsbanka.**
- **Ábyrgðarskoðun innifalin í 3 ár**
Reglubundnar ábyrgðarskoðanir til þriggja ára fylgja öllum nýjum bílum í janúar**
- **Janúarhappdrætti**
Allir viðskiptavinir sem kaupa nýjan bíl í janúar verða sjálfkrafa þátttakendur í janúarhappdrætti okkar.

**Janúartilboðin gilda ekki með öðrum afsláttum eða tilboðum.

Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, framhjóladrifinn eða fjórhjóladrifinn með sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð. Hyundai Tucson - verð frá 3.890.000 kr.

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400	Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622	Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533	Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070	IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080	BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516
---	---	--	--	---	--

Hyundai Tucson 2wd / Dísilvél 1,7 lítrar, 141 hestöfl, eldsneytisnotkun 4,9 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.



OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16



TANGO

Tveggja sæta sófi. Slitsterkt áklæði, orange, dökkgrátt, eða brúnt.

95.992 kr. ~~119.990 kr.~~

20%
AFSLÁTTUR



PRADO

Skemmtilegur þriggja sæta retrosófi. Fáalegur í gráu, dökkgráu, rauðu og bláu áklæði. Viðarfætur.

Stærð: 182 x 86 x 82 cm

69.993 kr. ~~99.990 kr.~~

30%
AFSLÁTTUR



DIXIE

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Slitsterkt grábrúnt áklæði.

Stærð: 288 x 165 x 87 cm

299.993 kr. ~~399.990 kr.~~

25%
AFSLÁTTUR



UMBRIA

Hornsófi 2H2. Grátt eða dökkgrátt áklæði.

Stærð: 261 x 261 x 78 cm.

262.493 kr. ~~349.990 kr.~~

25%
AFSLÁTTUR

Fjölbreytt
úrval
smávöru

Allt að

70%

afsláttur



TANGO

Hægindastóll og skammel. Slitsterkt áklæði, dökkgrátt, brúnt eða orange.

Stóll

59.992 kr. ~~74.990 kr.~~

Skammel

23.992 kr. ~~29.990 kr.~~

20%
AFSLÁTTUR



ASTRO

Dökkgrátt, kakí eða rautt slitsterkt áklæði.

35.994 kr. ~~59.990 kr.~~

40%
AFSLÁTTUR



50%
AFSLÁTTUR

NAPOLI

Barstóll, dökkgrár og svartur.

12.495 kr. ~~24.990 kr.~~



NORA

Skemmtilegur bekkur t.d. við eldhúsborð eða stakur.

Svart PU leður og viðarfætur. Stærð: 159 x 56 x 86 cm.

60%
AFSLÁTTUR

35.996 kr. ~~89.990 kr.~~



PARKER LA Z BOY

La-z-boy hægindastóll. Slitsterkt grátt eða ljóst slitsterkt áklæði.

Stærð: 82 x 86 x 104 cm

69.594 kr. ~~119.990 kr.~~

42%
AFSLÁTTUR

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

RISA ÚTSALA

í fullu fjöri

Allt að

60%

afsláttur

EASY

Tveggja og þriggja sæta sófar. Dökk- eða ljósgrátt áklæði.



2ja sæta:
170 x 95 x 85 cm

69.993 kr.
~~99.990 kr.~~

3ja sæta stærð:
205 x 95 x 85 cm

76.993 kr.
~~109.990 kr.~~

30%
AFSLÁTTUR



EASY

Tungusófi. Tunga getur verið bæði vinstra og hægra megin. Dökk- eða ljósgrátt áklæði. Stærð: 232 x 145 x 85 cm

134.993 kr. ~~179.990 kr.~~

25%
AFSLÁTTUR

FRIDAY

Hornsófi með tungu 2H3/3H2. Grátt og brúnt slitsterkt áklæði. Stærð: 330 x 260 x 90 cm



25%
AFSLÁTTUR

223.993 kr.
~~319.990 kr.~~

MINO

Hægindastóll. Grátt áklæði og svart eða brúnt PU-leður.



40%
AFSLÁTTUR

32.994 kr. ~~54.990 kr.~~

EBBA

Hægindastóll. Fjórir litir. Lion gulur, blár, bleikur eða grár.



30%
AFSLÁTTUR

41.993 kr. ~~59.990 kr.~~

WILMA

Borðstofustóll, slitsterkt grátt áklæði.



40%
AFSLÁTTUR

9.594 kr. ~~15.990 kr.~~

PIANA

Borðstofustóll. Antrazite.



30%
AFSLÁTTUR

6.993 kr. ~~9.990 kr.~~



Guðjón Valur Sigurðsson, fyrirlíði íslenska handboltalandsliðsins, fagnar einu fimm marka sinna í leiknum gegn Spáni í fyrradag. NORDICPHOTOS/GETTY

Ég er á góðum stað í lífinu

Landsliðsfyrirlíðinn Guðjón Valur Sigurðsson segist vera ofsalega glaður að vera með landsliðinu á HM. Tuttugasta stórmótið hjá honum og miðað við formið á fyrirlíðanum eiga mótin klárlega eftir að verða fleiri.



Henry B. Gunnarsson
henry@frettabladid.is



HANDBOLTI „Nei, ég er ekkert að verða þreyttur á þessu. Ég veit ekki hvernig 37 ára manni á að liða en mér liður mjög vel. Ég hef alltaf sagt að ég hef aldrei tekið því sem sjálf-sögðum hlut að vera í landsliðinu.“ segir landsliðsfyrirlíðinn Guðjón Valur Sigurðsson, sem er að taka

þátt á sínu 20. stórmóti sem er auðvitað met. Hann er líka langmarkahæsti leikmaðurinn á HM í Frakklandi.

Fyrsta stórmótið var EM í Króatíu árið 2000 og síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar en Guðjón virðist ekki eldast. Hann er enn fljótastur á vellinum og raðar inn mörkum eins og hann hefur alltaf gert. Hann hreinlega virðist ekki eldast.

„Meðan ég er í landsliðinu vil ég sýna ungu mönnum að það er

ekki sjálf-sagt. Menn eiga að berjast fyrir sínu sæti. Ég er glaður að spila fyrir landsliðið og leiða liðið út á völinn á meðan landsliðsþjálfarinn treystir mér fyrir því. Ég held því áfram að gefa kost á mér. Auðvitað hafa komið mót sem voru ekki nógu skemmtileg en það var samt reynsla. Ég er á góðum stað í lífinu. Hamingjusamur og liður vel. Ég er ofsalega glaður að vera hérna.“

Fyrirlíðinn tekur sitt hlutverk í liðinu mjög alvarlega og gefur af sér til yngri leikmanna. Miðlar af mestu reynslu í sögu íslenska handboltalandsliðsins.

„Það er gaman og gefandi að fá að taka þátt í þessu ferli hjá mörgum mönnum hérna. Að koma hlutverkum yfir á þá og kannski kenna þeim eitthvað í leiðinni. Maður reynir að vanda það sem maður segir við drengina og þeir eru opnir og mótækilegir fyrir því sem við höfum fram að færa. Það er held ég meiri arfleifð sem maður getur skilið eftir heldur en leikir og mörk.“ segir Guðjón en hann gæti nánast verið faðir þeirra yngstu í liðinu. „Ómar Ingi er tveimur árum eldri en elsta dóttir mín og þetta er því sérstakt og gaman. Þetta er gefandi og mér finnst þetta mjög skemmtilegt.“

Guðjón er að kynna fullt af nýjum strákum enda flestir sem hafa verið í liðinu síðustu árin hætta í því. Samfélagið hefur mikið breyst síðan Seltirningurinn byrjaði að spila fyrir Ísland og þrátt fyrir alla tæknina þá tala landsliðsstrákarnir enn saman. Það er ekki bara verið að hanga í símanum.

„Þegar ég byrjaði í landsliðinu var maður að hringja heim úr hótelsímanum. Það er löngu búið. Ég var 20 ára á fyrsta mótinu og næstýngsti maðurinn var 26 ára. Þar var mikið bil á milli og ég var einn að koma inn. Það hefur ótrúlega mikið breyst á þessum tíma en það lifir alveg að menn tala mikið saman. Áður fyrr voru menn sektaðir fyrir að vera

Þegar ég byrjaði í landsliðinu var maður að hringja heim úr hótelsímanum.

með símann á sér en nú er það alveg í lagi að menn hafi hann við höndina og kíkja á hann. Samgangurinn er enn sá sami en við vitum að annað augað hjá mörgum er á símanum en það er ekki á kostnað þess að við tölum ekki saman.“

Það dylst engum hvað Guðjón Valur nýtur þess að spila fyrir landsliðið. Eftir að hafa skorað rúmlega 1.700 mörk fyrir liðið fagnar hann enn mörkum eins og fyrsta markinu. Í leiknum gegn Spánverjum fagnaði hann einu marki með góðu ljónsöskri og sneri í áttina að syni sínum, Jasoni, sem hoppaði hreinlega af kæti í stúkunn. Yndislegt augnablik.

Guðjón var í fréttunum fyrir leik er hann ákvað að sýna réttindabaráttu hinsegin fólks stuðning með því að vera með regnbogafánann á skónum sínum. Hann reyndi að vera með regnbogafyrirlíðaband ásamt Bjarte Myrhol, fyrirlíða Noregs, á EM í Póllandi en þeim var meinað að bera böndin.

„Það var smá uppreisnarseggur í mér eftir að hafa verið bannað að nota bandið í fyrra. Mér finnst að allir eigi að hafa sömu möguleika. Ég ákvað að fara þessa leið í því. Ég er samt ekki að leitast eftir því að vera talsmaður fyrir einhverja báttu en mér finnst sjálf-sagt að leggja mín lóð á vogarskálarnar.“ segir Guðjón og neitar því að hann sé að leggja grunninn að frama í pólitík eða einhverju álíka.

„Pólitík heillar mig alls ekki. Ég fylgist með henni eins og aðrir. Einhver veginn veldur hún manni alltaf jafn miklum vonbrigðum. Ég held mig við handboltann. Það kann ég.“

FRANCE 2017 HANDBALL HM 2017

A-riðill
Japan - Frakkland 19-31

C-riðill
Þýskaland - Ungverjal. 27-23
Króatía - Sádi-Arabía 28-23

D-riðill
Danmörk - Argentína 33-22
Svíþjóð - Barein 33-16
Katar - Egyptaland 20-22

HM-dagskráin

L13.45 Brasilía - Pólland A-riðill
L16.45 Noregur - Rússland A-riðill
S16.45 Frakkland - Noregur A-riðill
S19.45 Brasilía - Japan A-riðill

L13.45 Ísland - Slóvenía B-riðill
L16.45 Túnis - Spánn B-riðill
L19.45 Angóla - Makedónía B-riðill
S13.45 Ísland - Túnis B-riðill

L19.45 Ungverjal. - Króatía C-riðill
S16.45 Síle - Þýskaland C-riðill
S19.45 S.Arabía - H.Rússl. C-riðill

L19.45 Egyptal. - Danmörk D-riðill
S13.45 Argentína - Svíþjóð D-riðill
S16.45 Barein - Katar D-riðill

Domino's-deild karla

Haukar - Grindavík 89-69

Stigahæstir: Sherrod Wright 24, Finnur Atli Magnússon 19/12 fráköst, Haukur Óskarsson 17 - Lewis Clinch 22/8 fráköst/6 stoðsendingar, Dagur Kár Jónsson 14, Þorleifur Ólafsson 10.

Njarðvík - Snæfell 99-70

Stigahæstir: Myron Dempsey 21/12 fráköst, Björn Kristjánsson 17, Logi Gunnarsson 14/8 stoðsendingar - Viktor Marínó Al-exandersson 20, Árni Elmar Hrafnsson 16/7 fráköst, Sveinn Arnar Davíðsson 10.

Um helgina

Stöð 2 Sport:

L 10.00 BMW South African Golfst.
L 12.20 Tottenham - W.B.A. Sport
L 14.50 Swansea - Arsenal Sport
L 14.55 Fulham - Barnsley Sport 2
L 15.10 Barcel. - Las Palmas Sport 3
L 17.20 Leicester - Chelsea Sport
L 17.25 Wolves - A. Villa Sport 2
L 21.30 Falcons - Seahawks Sport
L 00.00 Sony Open Golfstöðin
L 01.15 Patriots - Texans Sport
S 17.30 Ísland - Síle Sport
S 10.00 BMW South African Golfst.
S 13.20 Everton - Man City Sport
S 16.00 Man Utd - Liverpool Sport
S 18.00 Chiefs - Steelers Sport 2
S 19.40 Sevilla - Real Madrid Sport 2
S 21.00 Cowboys - Packers Sport 2
S 23.00 Sony Open Golfstöðin

Frumskýningar á leikjum:

L 17.15 Burnley - S'ton Sport 3
L 19.30 Watford - Boro Sport 2
L 19.30 Hull - Bournemouth Sport
L 19.50 West Ham - Palace Sport 3
L 20.40 Sunderland - Stoke Sport 3

Ólis-deild kvenna:

L 15.00 Selfoss - ÍBV Selfoss
L 16.00 Stjarnan - Valur TM-höllin
L 17.00 Fram - Fylkir Framhús
L 18.00 Haukar - Grótta Ásvellir

Maltbikar karla:

S 19.30 Þór Ak. - Grindavík Akureyri

Maltbikar kvenna:

L 16.00 Grindavík - Keflavík Röstin
S 14.00 Breiðablik - HaukarSmárin
S 15.00 Snæfell - Stjarnan Stykkish.



STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is



FÉLAG
FASTEIGNASALA
Perlukur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

SÖLUSÝNING Í DAG, 14. JAN. 15-15:30



MARKARVEGUR 1, 108 REYKJAVÍK

Glæsilegt einbýlishús á þremur hæðum með aukabúð í kjallara í Fossvogi, samtals 422,4 fm. Húsið er sérlega vandð að allri gerð og hefur fengið gott viðhald í gegnum tíðina. Eignin stendur á hornlóð og garður er í góðri rækt með sólpalli.



**GUÐMUNDUR
H. VALTÝSSON**
löggiltur
fasteignasali.
GSM 865 3022
gudmundur@stakfell.is

Nánari upplýsingar um eignina veitir Guðmundur H. Valtýsson löggiltur fasteignasali.

Stórveldaslagur á Old Trafford

FÓTBOLTI Stórleikur helgarinnar í enska boltanum fer fram á Old Trafford á morgun en þar leiða sigursælustu félög enskrar knattspyrnu, Manchester United og Liverpool, saman hesta sína.

Liverpool er í 2. sæti ensku úrvalsdeildarinnar með 44 stig, fimm stigum á eftir toppliði Chelsea sem sækir Englandsmeistara Leicester City heim í síðdegisleiknum í dag. United er hins vegar í 6. sætinu með 39 stig, fimm stigum á eftir Liverpool. Með sigri á morgun draga lærisveinar José Mourinho á Liverpool og gera sig enn

frekar gildandi í toppbaráttunni.

Bæði lið hafa verið á góðri siglingu að undanfögnu. United hefur unnið fimm leiki í röð og er taplaust í deildinni frá 23. október. En þrátt fyrir gott gengi að undanfögnu virðist liðið fast í 6. sætinu.

Liverpool er ósigrað í síðustu sex deildarleikjum sínum en gekk ekki jafn vel í bikarkeppnunum í vikunni. Strákarnir hans Jürgens Klopp gerðu markalaust jafntefli við D-deildarlið Plymouth á sunnudaginn og töpuðu svo 1-0 fyrir Southampton á miðvikudaginn í fyrri leik liðanna í undan-

» **Man. Utd hefur unnið fjóra af síðustu fimm deildarleikjum gegn Liverpool.**

úrslitum deildarbikarsins. Það var þó bót í máli að Philippe Coutinho sneri aftur í lið Liverpool gegn Southampton eftir nokkurra vikna fjarveru vegna meiðsla.

Leikur Manchester United og Liverpool hefst klukkan 16.00 á morgun og verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport HD. Upphitun hefst hálf tíma fyrir leikinn. – **ips**



Zlatan Ibrahimović var valinn leikmaður desembermánaðar. NORDICPHOTOS/GETTY

Janus Daði strax til Álaborgar

HANDBOLTI Janus Daði Smásson hefur leikið sinn síðasta leik með Haukum, allavega í bili, en hann fer til Álaborgar í Danmörku eftir HM í Frakklandi.

Janus átti upphaflega að fara til Álaborgar eftir að tímabilinu hér heima lyki og byrja að spila með liðinu frá og með næsta tímabili. En í gær var greint frá því að Haukar og Álaborg hefðu komist að samkomulagi um að leikstjórnandinn gengi strax til liðs við danska liðið sem Aron Kristjánsson þjálfar.

„Það þróaðist þannig og þetta gerðist dálítið hratt. Það eru spennandi tímar en það er ekki strax því ég er á HM núna. Ég ætla að njóta þess,“ sagði Janus í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann lék sinn fyrsta leik á stórmóti gegn Spánverjum á fimmtudaginn og skoraði eitt mark. – **ips**



Meiddur á hné. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hannes ekki með í úrslitaleiknum

FÓTBOLTI Hannes Þór Halldórsson getur ekki leikið með íslenska landsliðinu í fótbolta þegar það mætir Síle í úrslitaleik Kínabikarsins á morgun.

Hannes fékk þungt högg á hnéð í undanúrslitaleiknum gegn Kína sem Ísland vann með tveimur mörkum gegn engu. Hannes hefur verið í meðhöndlun hjá sjúkrateymi íslenska liðsins síðustu daga og í samráði við félag hans í Danmörku, Randers, var ákveðið að hann héldi heim fyrr en áætlað var þar sem meðhöndlun verður haldið áfram.

Það kemur því annaðhvort í hlut Ögmundar Kristinssonar eða Rúnars Alex Rúnarssonar að standa í íslenska markinu í fyrramálið. Sá síðarnefndi á enn eftir að leika sinn fyrsta leik fyrir A-landsliðið.

Leikur Íslands og Síle hefst klukkan 7.35 á morgun og verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport HD. – **ips**

Gítarnámskeið

Skráning er hafin

Einkatímar
40 mín. tímar 1x í viku | 12 vikur

Fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna á öllum aldri.

Skráning í síma 581 1281
gitaraskoli@gitaraskoli.is

www.gitaraskoli.is

Skattafróðleikur á fimmtudegi

KPMG | BORGARTÚNI 27 | 8. HÆÐ
FIMMTUDAGINN 26. JANÚAR | KL. 8:30 - 10:00

Breytingar á skattalögum

Gerðar hafa verið ýmsar breytingar á skattalögum síðastliðið ár og eldri breytingar að taka gildi núna í byrjun nýs árs. Á fróðleiksfundinum verður farið yfir þessar breytingar og áhrif þeirra kynnt.

Er skjól í skattaskjólum?

Undanfarið ár hafa skattamál verið í brennidepli, Panama-skjöl, skattaskjól og aflandsfélög eru hugtök sem hafa mikið verið í umræðunni og nýverið kom út skýrsla er fjallar um aflandsfélög. Við munum fjalla um þessi mál og kynna hvað hefur verið gert til að kom í veg fyrir að svona atburðir geti gerst aftur.

Fróðleiksfundir KPMG verða haldnir vítt og breitt um landið á næstu vikum.

Reykjavík	26. janúar	8:30
Selfoss	2. febrúar	9:00
Sauðárkrúkur	3. febrúar	13:00
Stykkishólmur	7. febrúar	16:00
Akureyri	8. febrúar	9:00
Akranes	9. febrúar	16:00
Reykjanesbær	10. febrúar	9:00
Höfn í Hornafirði	13. febrúar	16:00
Egilsstaðir	14. febrúar	16:15
Vestmannaeyjar	24. febrúar	9:00

Að venju verður skattabæklingi KPMG dreift frítt, en hann er aðgengilegt hjálpargagn þegar kemur að upplýsingum um skatta og skyldur einstaklinga og fyrirtækja.

Þátttaka er án endurgjalds og skráning á kpmg.is

KPMG





Töframaðurinn Jón Viðis starfaði áður við tölvur og segir gefandi að fá að gleðja fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Töfrar í loftinu á bókasafninu

Jón Viðis töframaður ætlar að kenna gestum Borgarbókasafnsins í Kringlunni töfrabrögð. Hann segir vinsælustu töfrabrögðin ekki endilega vera þau erfiðustu heldur þau sem koma virkilega skemmtilega á óvart.

„Það allra besta er að koma virkilega skemmtilega á óvart,“ segir Jón Viðis töframaður, sem ætlar að heimsækja Borgarbókasafnið í dag og kenna gestum töfrabrögð. „Vinsælustu töfrabrögðin eru þau sem bæði koma á óvart og er einfalt að gera. Ég ætla að kenna létt töfra-

brögð, en kannski líka flókin, þeim sem vilja læra,“ segir hann.

Heimsókn Jóns í Borgarsafnið er hluti af dagskrá safnsins, Lifandi laugardagar, og hefst hún klukkan hálf tvö. Á Lifandi laugardögum er boðið upp á fjölskylduvænt andrúmsloft og dagskrá fyrir börn.

Aðspurður um vinsælasta töfrabragðið segir hann það vafalaust snúast um peninga. „Eitt af því vinsælasta er að breyta blaði í pening, fólk hefur mjög gaman af því,“ segir hann og býður alla velkomna. Bæði börn og fullorðna.

Jón Viðis hefur starfað sem töfra-

maður frá aldamótum og kemur reglulega fram. Hann er félagi í Alþjóðasambandi töframanna, IBM (International Brotherhood of Magicians) og heldur úti heimasíðunni tofrar.is.

En hvað gerði hann áður en hann sneri sér að töfrum?

„Ég var tölvumaður. Titillinn er ekkert langt frá þeim nýja, töframaður. Það munar nokkrum stöfum,“ segir hann og hlær. „En lífið er allt annað síðan ég byrjaði að leggja fyrir mig töfra. Það er gefandi að fá að gleðja fólk.“

kristjanabjorg@frettabladid.is



SPORT

ÍSLAND - CHILE SUNNUDAG KL. 07:30

Snjór um víða veröld 2017 – Sunnudaginn 15. janúar

#wsdiceland
#skidasambandið

Haldinn hátíðlegur
á átta skíðasvæðum



- Frítt fyrir börn í fjallið
- Skíðakennsla
- Kakó í boði

Bláfjöll - Akureyri - Dalvík - Ólafsfjörður - Siglufjörður - Stafdalur - Ísafjörður - Tindastóll

Bláfjöll:

- Frítt í fjallið fyrir 16 ára og yngri
- 20% afsláttur af skíðaleigu
- Boðið uppá fría skíða- og brettakennslu
- Tónlist
- Leiksvæði fyrir krakkana

Akureyri:

- Frítt í fjallið fyrir 12 ára og yngri
- Skíðakennsla á vegum SKA
- Afsláttur af skíðaleigu
- Skíðaratleikur og samhlíðarsvig
- Heitt kakó

Dalvík:

- Frítt í fjallið fyrir krakka
- Afsláttur af skíðaleigu
- Boðið uppá fría skíðakennslu
- Leikjabraut
- Heitt kakó

Ólafsfjörður:

- Frítt í fjallið fyrir alla
- Leikjabraut í svigi og skíðagöngu
- Frír í skíðaleigu
- Boðið uppá fría skíðakennslu
- Boðið uppá kakó og kleinur

Siglufjörður:

- Frítt í fjallið fyrir alla krakka upp að 17 ára aldri
- Frír skíðabúnaður upp að 17 ára aldri
- Leikjabrautir, pallar og ævintýraleið

Stafdalur:

- Allir krakkar frítt í fjallið
- Leikjabraut
- Heitt kakó

Ísafjörður:

- Afsláttur í fjallið
- Boðið uppá fría skíðakennslu
- Heitt kakó

Tindastóll:

- Frítt í fjallið fyrir 16 ára og yngri
- 20% afsláttur af leigu fyrir 16 ára og yngri



Sumarið

2017 er komið

25 ára afmælisafsláttur í janúar

**BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN**

Taska, handfarangur
og íslensk fararstjórn
innifalið.

Sólarferðir frá kr.

49.850

m/afslætti*

Allt að
25.000 kr.
afsláttur á mann

Allt að
100.000 kr.
afsláttur fyrir fjögurra
manna fjölskyldu

*Öll verð eru með afslætti, allar sólarbrottfarir til 31/10 nema um páska.

KRÓATÍA

NÝR ÁFANGASTAÐUR



Laguna Istra 🌊🌊🌊

Frá kr. 78.895 m/morgunverð innifalinn

Netverð á mann frá kr. 78.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í svítu.
Netverð á mann frá kr. 86.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
30. maí í 7 nætur.

BIBIONE

NÝR ÁFANGASTAÐUR



Villaggio Marco Polo 🌊🌊🌊

Frá kr. 79.245 m/morgunverð innifalinn

Netverð á mann frá kr. 79.245 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 92.395 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
30. maí í 7 nætur.

BENIDORM



Hotel Melia Benidorm 🌊🌊🌊🌊

Frá kr. 88.330 m/hálft fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 88.330 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 98.995 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
6. júní í 7 nætur.

COSTA DE ALMERÍA



Hotel Zoraida Beach Resort 🌊🌊🌊🌊

Frá kr. 96.120 m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 96.120 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb.
Netverð á mann frá kr. 119.195 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
7. júlí í 7 nætur.

COSTA DEL SOL



Agumarina Apartments 🌊🌊🌊

Frá kr. 58.295 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 58.295 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíó.
Netverð á mann frá kr. 76.695 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
28. maí í 7 nætur.

KRÍT



Zeus Village Apartments 🌊🌊🌊

Frá kr. 77.395 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 77.395 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 93.895 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
25. maí í 11 nætur.

25 ÁRA
1992-2017

Mesta úrvalið!

12
sólarferðir
í boði

ALBIR



Albir Playa Hotel & Spa

Frá kr. 73.320 m/morgunverð innifalinn

Netverð á mann frá kr. 73.320 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 92.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
13. júní í 7 nætur.

MALLORCA



Sol Katmandu Park & Resort

Frá kr. 119.195 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 119.195 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 142.095 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
8. júní í 11 nætur.

SALOU



Hotels Playa de Oro

Frá kr. 49.850 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 49.850 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 62.585 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
30. maí í 9 nætur.

TENERIFE



Parque Santiago III/IV

Frá kr. 62.895 m/ekkert fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 62.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 77.295 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
23. ágúst í 7 nætur.

MADEIRA



Hotel Melia Madeira Mare

Frá kr. 134.595 m/morgunverði ofl.

Netverð á mann frá kr. 134.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
23. apríl í 11 nætur

GRAN CANARIA



Beverly Park

Frá kr. 78.565 m/morgunverð innifalinn

Netverð á mann frá kr. 78.565 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 89.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
17. febrúar í 7 nætur.



„Við erum öll falleg og við erum svo mörg hér á landi af öðrum uppruna sem erum líka Íslendingar. Ég var að minnsta kosti stolt af því að fá að vera fulltrúi Íslands og vera af erlendum uppruna.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Anna Lára tekur á móti blaðamanni á heimili sínu í blokk í Fellahverfi í Breiðholti. Það er lykt af pönnukökum í loftinu og grábröndöttur köttur þvælist um fætur hennar. Íbúðin er björt og það er létt yfir henni. „Þær brunnu reyndar við, finnur þú enga brunalykt?“ spyr Anna Lára og segist hafa haft hugann við viðtalið. Hún hefur ekki rætt ítarlega um eigið líf þrátt fyrir að hafa verið í sviðsljósinu. Það skiptir hana máli að koma hreint fram. „Ég vil enga glansmynd,“ útskýrir hún.

Í þessari íbúð hefur Anna Lára búið með móður sinni og systrum svo lengi sem hún man eftir sér. Hún man ekki eftir því þegar þær mæðgur flúðu heimilisofbeldi, frá Ísafirði og í skjól í Kvænnaathvarfinu í Reykjavík. Tímanum þar. Eða eftir því þegar þær fengu aðstoð við að koma sér fyrir á nýjum stað. Í nákvæmlega þessari íbúð. Hún var enda aðeins ársögmul.

Anna Lára vakti athygli á aðstæðum sínum í æsku áður en hún hélt utan til þátttöku í keppninni Miss World, sem fór fram í Washington í Bandaríkjunum í desember síðastliðnum og áður en hún fór blés hún til söfnunar til styrktar Kvænnaathvarfinu.

Stoltar af mömmu

Anna Lára á fjórar eldri systur. Tvær eru dætur föður hennar, Svava og Bryndís, og búa í Danmörku og tvær eru dætur móður hennar, Monika og Sandra, og búa á Íslandi. „Það er gott samband á milli mín og systra minna. Þrátt fyrir erfðleikana þá erum við fjölskylda. Eldri systur mínar muna vel eftir dvölinni í Kvænnaathvarfinu og hafa sagt mér sögur. Við erum stoltar af styrk mömmu. Mamma hefur alltaf lagt áherslu á það að við séum sterkar og að styrkurinn komi að innan. Við erum allar mótaðar af þessu. Á góðan hátt tel ég,“ segir hún frá.

„Ég fæddist á Ísafirði. Mamma er pólsk og pabbi er íslenskur. Mamma kom til Íslands þegar hún var rétt rúmlega tvítug. Það er stórt skref fyrir mig að ræða um þessi mál en á sama tíma hef ég þörf fyrir að vera skýr og heidarleg. Mömmu finnst líka erfitt að opna á þetta. En vonandi hjálpar það einhverjum að ég geti rætt þetta. Ég vona að fólk taki þessu vel.

Ég er fyrst núna farin að sætta mig við það

Anna Lára Orłowska, fegurðardrottning Íslands, er stolt af bakgrunni sínum. Móðir hennar flúði heimilisofbeldi og fékk skjól í Kvænnaathvarfinu fyrir rúmum tuttugu árum. Anna Lára er þakklát fyrir aðstoðina sem þær mæðgur fengu og vill endurgjalda hana. Hún starfar sem frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöð í Fellahverfi og vill aðstoða ungt fólk við að láta drauma sína rætast.

Mjög stolt af uppruninum



ÞAÐ ER MIKIÐ BÚIÐ AÐ

BREYTAGST HÉR. ÞAÐ

KOMU TÍMABIL ÞAR

SEM VIÐ FUNDUM FYRIR

SKORTI. STUNDUM VAR

EKKI TIL MATUR Í ÍS-

SKÁPNUM EÐA PENINGAR.

hver pabbi er. Að hann sé alkóhólisti. Mamma hlífði mér í uppvextinum fyrir því sem gekk á á heimilinu áður en við fórum í Kvænnaathvarfið,“ segir Anna Lára, sem segist samt hafa fundið á sér að ekki væri allt með felldu í sálarlífi föður síns. „Mamma vildi aldrei banna mér að umgangast föður minn og hann hefur aldrei gert mér neitt. En ég fann fyrir óróa nálægt honum, tilfinningu sem mér finnst erfitt að koma í orð. Ég var því ekki mikið með honum, líka af því hann býr á Ísafirði,“ segir Anna Lára.

Þakklát Kvænnaathvarfinu

„Þegar mamma flúði þá hafði hún engan og ekkert hér á Íslandi. Það var enginn sem hjálpaði henni. Ekki einu sinni fjölskylda þabba. Kvænnaathvarfið var því eina ráðið og það var heillaskref hjá mömmu að fara þangað. Þar fékk hún mjög mikla aðstoð. Þess vegna er ég

þeim ævinlega þakklát og vil gefa til baka af mér til þeirra og samfélagsins,“ segir Anna Lára. Hún segir frá því að hún hafi fengið fjölmörg skilaboð frá konum sem hafa fengið aðstoð í Kvænnaathvarfinu.

„Ég fæ helst skilaboð frá konum sem eru þakklátar fyrir það að ég sé opinská með þetta. Þær hafa viljað deila því með mér að þær hafi dvalið þarna, en kannski ekki greint nákvæmlega frá reynslu sinni, enda er það mjög erfitt. Mér þykir vænt um þetta.“

Móðir Önnu Láru segir móður sína hafa haldið vel utan um fjölskylduna og líka gefið af sér til samfélagsins. Hún er hennar helsta fyrirmynd.

„Mamma er kölluð frú Orłowska og nýtur mikillar virðingar á meðal Íslendinga af pólskum uppruna. Hún vann lengi á Vinnumálastofnun og aðstoðaði oft Pólverja sem voru í vandræðum eða að flytjast hingað. Hér heima var stöðugur gestagangur fólks sem leitaði ráða hjá henni.

Líf okkar hefur breyst hægt og rólega,“ útskýrir Anna Lára. „Íbúðin hefur ekki alltaf verið svona,“ segir hún og horfir í kringum sig. „Það er mikið búið að breytast hér. Það komu tímabil þar sem við fundum fyrir skorti. Stundum var ekki til matur í ísskápnunum eða peningar fyrir fötum eða tömstundum, en það var nú samt alltaf hægt að reidda því. Það er mömmu að þakka. Hún hefur alltaf verið mjög skipulögð, það var hennar mótaleikur gegn skortinum. Hún fór til dæmis alltaf á útsöluarnar í janúar og skipulagði öll frí til Póllands með árs fyrirvara. Lagði fyrir í langan tíma áður,“ segir Anna Lára og segir ferðirnar til Póllands hafa verið mikilvægar. „Við fórum oft til Póllands á sumrin til að hitta fjölskylduna og þess vegna tala ég ágæta pólsku í dag. Mamma hefur viljað fara oftar seinni árin, hún þolir illa kuldann. Það er heitara í Póllandi. Við eigum hús í Póllandi í dag.“

Ísland er að breytast

Anna Lára er sú fyrsta af erlendum uppruna sem er krýnd ungrú Ísland og hún er stolt af því. „Fólki finnst það gaman. Að það sé ekki bara þessari dæmigerðu alisönsku fegurð sem er haldið á lofti. Að stúlka af erlendum uppruna sé landkynning. Við erum öll falleg og við erum svo mörg hér á landi af öðrum uppruna sem erum líka Íslendingar. Ég var að minnsta kosti stolt af því að fá að vera fulltrúi Íslands og vera af erlendum uppruna. Mér þykir líka vænt um ættarnafnið mitt og vil halda því á lofti,“ segir Anna Lára sem segir móður sína hafa ➔

Skil á upplýsingum vegna skattframtals 2017

Skila skal eftirtöldum upplýsingum vegna ársins 2016
á rafrænu formi á þjónustusíðunni **skattur.is**

Skilafrestur er til 20. janúar

► **Launa- og verktakaupplýsingar o.fl.**

Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi launagreiðslur, hlunnindi (þ.m.t. kaup- og söluréttarsamningar), lífeyri, bætur, styrki, happdrættis- og talnavinninga (skattskylda sem óskattskylda), greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni og vinnu) eða aðrar greiðslur (þ.m.t. umsýslu- eða umboðsgreiðslur, s.s. í ferðaþjónustu o.fl.).

► **Bifreiðahlunnindamiðar**

Skilaskyldir eru allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa látið launamönnum eða öðrum vélknúin ökutæki í té til afnota.

► **Hlutafjármiðar**

Skilaskyld eru öll hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög og sparisjóðir.

► **Stofnsjóðsmiðar**

Skilaskyld eru öll samlagsfélög, sameignarfélög og samvinnufélög, þ.m.t. kaupfélög.

► **Viðskipti með hlutabréf/afleiður og önnur verðbréf**

Skilaskyldir eru bankar, verðbréfafyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf/afleiður og öll önnur verðbréf.

► **Innstæður**

Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir og aðrir aðilar sem taka við fjármunum til ávöxtunar, eða hafa milligöngu um ávöxtun eða aðra ráðstöfun fjármuna.

► **Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi**

Skilaskyld eru öll hlutafélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína

samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun. Sama á við um söluréttarsamninga.

► **Takmörkuð skattskylda - greiðslufirlit**

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.

► **Lánaupplýsingar**

Bankalán, fasteignaveðlán, bílalán og önnur lán. Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir (bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, fjármögnunarleigur o.s.frv.) sem hafa lánað fé til einstaklinga og lögaðila.

► **Greiðslur fyrir leigu eða afnot**

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum eða öðrum réttindum.

► **Fjármagnstekjur**

Þeir aðilar sem innheimt hafa vexti skulu skila upplýsingum um slíkar fjármagnstekjur og tilgreina sundurliðun á móttakendur og þá staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts sem haldið hefur verið eftir. Hér er einkum um að ræða innheimtuaðila, t.d. lögmannsstofur.

► **Staðfesting á tilteknum hlutabréfakaupum (listi yfir þátttakendur)**

Skilaskyld eru öll hlutafélög og einkahlutafélög sem fengið hafa staðfestingu ríkisskattstjóra á að þau uppfylli skilyrði fyrir því að kaup einstaklinga á hlutum í hlutafjárukningu félagsins geti veitt rétt til skattfrádráttar sbr. B-lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003.



„Ég upplífi þetta hverfi sem öruggt fjölskylduhverfi. Hér er mikið af fjölskyldufólki og hér búa afar mörg börn,“ segir Anna Lára sem er stolt af bakgrunni sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Húsnæðismarkaðurinn harður núna

„Það veitir okkur mikla gleði þegar við sjáum að börn sem hafa dvalið hjá okkur láta drauma sína rætast. Verða flott og sterk. Að vita af þeim blómstra er ómetanlegt. Hver sigursaga skiptir máli,“ segir Sigprúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Kvennaathvarfsins. Það að þær mæðgur komust í öruggt húsnæði eftir að hafa flúið heimilisofbeldi skipti miklu máli hvað varðar farsæld þeirra. Sigprúður segir húsnæðismál helstu hindrun í vegi kvenna og barna sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi í að öðlast betra og öruggara líf. „Þessar konur ættu að vera í algjörum forgangi þegar kemur að velferð og húsnæðismálum. Húsnæðismarkaðurinn hefur harðnað. Framboðið er minna en fyrst og fremst er húsaleigan of há. Þær þurfa að sjá fyrir sér og börnum sínum á einum launum og ná ekki að greiða háa leigu og tryggingu,“ segir Sigprúður. Hún segir að vegna úrræðaleysis dvelji konur í lengri tíma með börn sín í Kvennaathvarfinu. „Á síðasta ári dvöldu 200 íbúar, konur og börn, í Kvennaathvarfinu.“

Sumir íbúa voru hér í meira en hálfu ári. Draumur okkar er að það verði til úrræði fyrir þessar konur á húsnæðismarkaði. Millistigshúsnæði þar sem þær geta búið við öryggi, greitt lága húsaleigu í rúmt ár. Þá geta þær safnað krafti og fá tíma til þess að finna eða fá úthlutað húsnæði,“ segir Sigprúður.

Þá hafi há leiga og lítið framboð á húsnæði einnig þær afleiðingar að konur slíti ekki ofbeldissambandi. Úrræði í boði gætu breytt því. „Við höfum aldrei farið af stað með þetta verkefni en vitum af vilja og áhuga yfirvalda. Þetta verður vonandi það næsta sem verður gert í málum kvenna og barna sem verða fyrir heimilisofbeldi.“



Sigprúður Guðmundsdóttir

➔ spurt forráðamenn keppinnar á Íslandi um sigurinn.

„Af hverju dóttir mín? spurði mamma og þá sögðu þau henni að það væri minn innri styrkur. Þá varð hún svo stolt því hún veit alveg hvaðan hann kemur,“ segir Anna Lára og brosir.

Í Fellahverfi búa fjölmargar þjóðir og fjölmennin orðin hversdagsleg. „Ísland er að breytast. Ég hef starfað í félagsmiðstöðinni Hundradogellefu síðastliðin þrjú ár. Ég sótti þessa félagsmiðstöð sjálf sem unglingur. Það er töluvert breytt. Núna eru eiginlega engir alislenskir krakkar hér. Fjölmennin er mjög sýnileg.“

Fellin fjölskylduhverfi

Hún segir Fellahverfið fyrst og fremst fjölskylduhverfi. Það eigi ekki skilið það orðspor sem það hefur fengið á sig í gegnum tíðina. Þar sé ekki meira um afbrot og ofbeldi en í öðrum hverfum borgarinnar þótt margir íbúa séu af öðrum uppruna og hafi ekki jafnmikið á milli handanna og aðrir.

„Ég upplífi þetta hverfi sem öruggt hverfi. Hér er mikið af fjölskyldufólki og hér búa afar mörg börn. Því er alltaf slegið upp í fréttum þegar það kemur eitthvað fyrir í Breiðholti en á meðan er lítið fjallað um það góða og uppbyggilega sem gerist hér,“ bendir hún á. „Hér í grenndinni er öll þjónusta til staðar, skólar, verslanir og stofnanir. Þetta er gott hverfi og það mætti oftast veita því góða athygli.“

Ég hef ekki alltaf verið stolt af bakgrunninum. Nökkvi kærastinn minn breytti miklu um það hvernig ég horfi á umhverfið. Hann hefur alltaf staðið mjög þétt við bakið á mér, byggt mig upp. Það skiptir miklu að finna það að einhver hefur svona sterka trú á þér og hann fékk mig til að skilja að það að alast upp hér er hluti af mér sem ég á að vera stolt af.“

Vinnur í félagsmiðstöð

Anna Lára starfar sem frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöðinni. „Ég er til staðar fyrir unglöngina. Mér finnst starfið gefandi og skemmtilegt og finnst alltaf gaman að mæta í vinnuna. Hlakka alltaf til. Ég hef verið með hópastarf fyrir stelpur á aldrinum 13-15 ára og langar að halda því áfram. Þróa það og bjóða upp á námskeið fyrir unga krakka. Ég er mikið að hugsa um það hvað

ég vildi sjálf þegar ég var yngri. Þá leitaði ég helst að einhverju sem ég taldi að myndi styrkja mig. Ég held að ég þurfi liðsinni einhvers með þekkingu á sálfræði eða álíka, til að halda áfram að þróa hugmyndina. Mig langar til að ná til krakka sem mæta ekki í félagsmiðstöðvar og krakka utan Breiðholts líka. Ég er með alls konar hugmyndir sem mig langar að fá tækifæri til að útfæra.“



ÉG VILDI SÝNA ALLT.

ÞEGAR ÉG VAR ÞREYTT,

PIRRUÐ EÐA SÁR EÐA

NÝVÖKNUÐ. MÉR FINNST

MIKILVÆGT AÐ FÓLK SÉ

SÁTT VIÐ SIG EINS OG ÞAÐ

ER. ÁN FARÐA, ÁN

FEGRUNAR OG TILSTANDS.

Anna Lára greindi frá því þegar hún tók þátt í Ungfrú Ísland að hún hefði fyrst veigrað sér við þátttöku vegna gagnrýni á keppnina. „Ég ákvað að láta þessa gagnrýni ekki hafa áhrif á mig. Ég ákvað að taka þátt í keppninni til að stíga út fyrir rammann. Mig langaði að ná meira til fólks, afla mér frekari tengsla. Stækka minn heim. Það var tilgangurinn, ég hélt að ég ætti kannski möguleika á að vinna titilinn vinsælasta stúlkan. Sigurinn kom mér mjög á óvart.“

Eftir keppnina þá er ég að gera eitthvað sem ég gat aldrei ímyndað mér að ég gæti gert. Það er auðveldara fyrir mig að gera hlutina en áður,“ segir Anna Lára.

Hún fór til Washington að keppa í Miss World í desember. Fáir vita hversu mikið prógramm bíður keppenda. „Áður en ég fór út þá talaði ég við Örnú Ýr, fyrrverandi fegurardrottningu Íslands, og hún sagði mér frá sinni upplifun. Keppnin er hins vegar breytt frá því árinu áður. Takturinn var allur hraðari í þetta sinn.“



ÞEGAR MAMMA FLÚÐI ÞÁ

HAFÐI HÚN ENGAN

OG EKKERT HÉR Á

ÍSLANDI. ÞAÐ VAR

ENGINN SEM HJÁLPAÐI

HENNI. EKKI EINU SINNI

FJÖLSKYLDA PABBA.

KVENNAATHVARFIÐ

VAR ÞVÍ EINA RÁÐIÐ OG

ÞAÐ VAR HEILLASKREF

HJÁ MÖMMU AÐ FARA

ÞANGAÐ.

Mikil vinna í Miss World

Þegar ég kom út þá fékk ég sjokk. Þetta var svo skrítið og yfirþyrmandi. Þarna voru 120 stórglæsilegar og eldklárar stelpur og fyrstu dagana var ég óörugg. Ég komst fljótlega að því að flestar þeirra voru í sömu sporum og ég og að hugsa það sama. Það er alltaf ákveðið öryggi sem fylgir því að takast á við ný verkefni með ókunnugu fólki. Þetta er fyrst og fremst miklu meira og víðameira verkefni en ég held að fólk geri sér grein fyrir,“ segir Anna Lára. „Þetta er svo miklu meira en bara keppni í fegurð. Þetta er verkefni sem stendur yfir í nokkrar vikur og mestur tími okkar fer í að byggja upp verkefni og markmið sem hafa samfélagsleg gildi og koma heiminum til góða. Sumar unnu að því að byggja skóla, ég vann í verkefni mínu tengdu Kvennaathvarfinu. Undirbúningurinn var strangur en lærdómsríkur. Og keppniskvöldið var skemmtilegt. Ég var ekki stressuð en stolt af verkum mínum og frammistöðu. En sýningin, í mínum huga er hún aukaatriði.“

Án tilstands

Hún leyfði fólki að fylgjast með sér á samfélagsmiðlum á tímabilinu og gætti þess að sýna allar hliðar lífsins. „Ég set ekki upp glansmynd. Ég vildi sýna allt. Þegar ég var þreytt, pirruð eða sár eða nývöknud. Mér finnst mikilvægt að fólk sé sátt við sig eins og það er. Án farða, án fegrunar og tilstands. Ég vildi sýna fólk það sjálf. Að svona er ég bara þótt ég eins og allir aðrir geti sett á mig farða og tekið þátt í sýningunni mér og öðrum til gamans.“

Anna Lára hefur fengið mörg skilaboð frá ungum konum vegna þessa. „Fólk vill þakka mér fyrir að vera heiðarleg og að búa ekki til einhverja ímynd. Þakkar mér fyrir að vera góð fyrirmynd. Þá finn ég til meiri ábyrgðar. Ég vil sýna fólki að útlitið skiptir ekki máli. Það eru hugsanir okkar og hegðun sem skiptir máli. Hver við erum og hvað við gerum. Mamma kenndi mér það. Og það að elska fólk og sýna því virðingu er það allra mikilvægasta. Það er algjör grundvöllur,“ bætir hún við.

Hún ætlað bráðlega að fara í heimsókn í Kvennaathvarfið. „Ég ætla að halda aðeins áfram með verkefnið og hlusta á þær, hvað það er sem gagnast. Mig langar alla vega virkilega til þess að láta gott af mér leiða.“

Staldráðu við!

Viltu fríska upp á mynd fyrirtækisins?

Peir sem eru í viginunni þurfa að passa útlitið. Lögum háráðaslit í andliti!


PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098

Snyrtistofan Hafblik

Hraunbær 102e • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

NÝÁRS- OG METSÖLUBÆKUR


GLÆNÝ
SKÁLDSAGA




Synt með þeim sem drukkna
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-



Stúlkan sem enginn sagnaði
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-



Kakkalakkarnir
VILDARVERÐ: 2.799.-
Verð: 3.899.-



Meira blóð
VILDARVERÐ: 2.799.-
Verð: 3.899.-



Næturgalinn
VILDARVERÐ: 2.799.-
Verð: 3.899.-



Netið
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gilda til og með 16. janúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Magnús
Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



É g eiginlega þurfti að skýra Hjartastein eitthvað og vissi satt best að segja ekki hvað ég ætti að gera. Þannig að ég fór bara á Google og leitaði þar að orðum sem mér fannst passa og enginn hefði notað áður. Svo fann ég þetta og ég hélt að þetta væri orð svo ég valdi það bara.“ segir Guðmundur Arnar Guðmundsson, leikstjóri og höfundur myndarinnar Hjartasteinn, sem var frumsýnd í vikunni við góðar undirtektir, og bætir við: „Þegar við vorum svo að fara í framleiðsluna þá var alltaf verið að spyrja mig út í þennan titil, ég hafði aldrei þurft að svara fyrir hann áður, og fólk var alltaf að koma með aðrar hugmyndir. En mér fannst þetta vera rétta nafnið enda búinn að venjast þessu. Svo fáttaði ég að það eru þessar andstæður í myndinni, hún er bæði myndin og dramatísk – hörð og hlý – þannig að þetta orð nær vel utan um hana. Þegar ég benti fólki á þetta þá hættu allir að hafa orð á þessu og biðja mig að breyta nafninu.“ segir Guðmundur og hlær glaðlega.

Samkvæmur sjálfum sér

Guðmundur segir að áhugi hans á listum hafi fyrst verið almennur og að hann hafi verið frekar leitandi í þeim efnum. „Fyrst var það ljósmyndun og svo skrif en líka leiklist og myndlist þannig að ég var orðinn svolítið ringlaður með hvað ég ætti að gera. Þá áttaði ég mig á því að kvikmyndagerð sameinaði þetta allt. Það var eiginlega ein mynd sem varð þess valdandi að ég kveikti á þessu, Fallen Angel eftir Wong Kar-Wai, algjörlega geðveik mynd sem ekkert margir hafa séð en ég kolféll fyrir henni. Áttaði mig á því að kvikmyndin væri minn miðill og það sem ég vildi gera.“

Stuttmyndin Hvalfjörður varð síðar fyrsta verk Guðmundar sem vakti eftirtekt en hann segir að áður en hann gerði hana hafi komið nokkrar æfingamyndir. „Ég var í myndlistarnámi í Listaháskólanum á þessum tíma og var að gera tilraunavídeo þar. Hvalfjörður var svo fyrsta alvöru verkefnið, fyrir utan eina stuttmynd sem ég gerði í Danmörku sem ég var ekki ánægður með og sýndi aldrei. Mér fannst þar að ég hefði ekki verið samkvæmur sjálfum mér, tók ákvörðun út frá ráðleggingu framleiðanda, en hefði betur staðið með sjálfum mér. Það angraði mig svo mikið að hafa gert mistök sem voru byggð á óryggi að ég setti þessa mynd bara ofan í skúffu og hún fær að dýsa þar.“

Frelsi og fordómar

Guðmundur Arnar var að hluta til alinn upp úti á landi og hann segir að sá tími hafi haft mikil áhrif á hann og leitt til kveikjunnar að Hjartasteini en myndin er tekin á Borgarfirði eystri. „Ég er fæddur og uppalinn í Reykjavík en fluttist svo sex ára til Þórshafnar og var þar í tæp tvö ár og svo alltaf á sumrin. Stjúpfáðir minn, sem nú er látinn, var frá Þórshöfn og hann var mín tenging þangað og Hjartasteinn byggir að einhverju leyti á minum uppvaxtarárum á Þórshöfn. Hún er svona innblásin af fjölskyldu minni og vinum þar en á sama tíma skáldverk.“

Þórshöfn er líklega sá staður sem hafði mest áhrif á mig þegar ég var krakki, ég kom frá Reykjavík sem var gjörólíkt samfélag og krakkarnir einhvern veginn allt öðruvísi. Munurinn lá kannski í því að í Reykjavík var maður bara með sínum jafnöldrum en svo kem ég til Þórshafnar og þar voru allir saman óháð aldri, einfaldlega vegna þess að við vorum svo fá í það heila. Á Þórshöfn bjuggum við krakkarnir við alveg svakalegt frelsi, vorum að stela hestum, veiða og í alls konar ævintýrum þar sem bærin og sveitin í kring var bara okkar leikvöllur.

En á meðan samfélagið bauð upp á allt þetta frelsi fyrir okkur krakkana þá var það rosalega þungt fyrir suma



Guðmundur Arnar Guðmundsson, leikstjóri Hjartasteins, segir að kvikmyndagerðin hafi orðið fyrir valinu því þar sameinast áhugi hans á öllum listum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Veröld sem minnkar og þrengist með aldrinum

Kvikmyndin Hjartasteinn, eftir **Guðmund Arnar Guðmundsson**, hefur svo sannarlega fundið sér leið að hjarta þjóðarinnar. Guðmundur Arnar segir að hann sé smá latur að eðlisfari og að tilurð myndarinnar megi rekja til þess að hann láti hiklaust drauma og inn-sæi ráða för fremur en vitræna hugsun.

fullorðna. Ég tók eftir því þó svo ég væri bara krakki, að hluta af fullorðna fólkinu leið ekkert sérstaklega vel þarna. Og maður sá að veröld þess var öll miklu takmarkaðri og þrengri. Mamma mín varð einhleyp á þessum tíma og þá var hún bara allt í einu orðin hóra bæjarins, útmáluð fyrir það eitt að vera einhleyp, dæmd af mörgum í samfélaginu. Þannig að þetta var líka dálítið eins og að fara aftur í tímenn. Þannig að á sama tíma og við krakkarnir nutum þessa rosalega frelsis þá sá ég veröld ungl-inganna minnka og þrengjast eftir því sem þau urðu eldri.“

Hjartasteinn segir frá tveimur göðum vinum, strákum sem eru að komast á unglingsárin, þegar annar þeirra finnur ákveðnar tilfinningar til vinar síns. „Á þessum tíma var samkynhneigð alls ekki samþykkt og margir opinberlega á móti samkynhneigðum. Þetta var afstaðan sem maður lærði hjá fullorðna fólkinu en ég held að þetta sé svo sannarlega mikið breytt, blessunarlega. Fólk sættir sig ekki við þessa fordóma lengur. En samt er það því miður enn þá þannig að vinahópurinn skiptir máli, eða öllu heldur, það skiptir máli hverja þú umgengst. Þegar ég spjalla við þessa ungu krakka sem ég hef unnið með segja þau mér að fordómarnir séu víða til staðar enn þá í ákveðnum hópum þó svo flestir séu búnir að brjótast undan þeim enda samfélagið miklu opnara. Það breytir því ekki að fyrir marga einstaklinga er það enn þá mjög stórt skref að koma út úr skápnum, og mikið vandamál. Það að vera öðruvísi en aðrir og falla ekki í normið er enn erfitt.“

Draumur og vinna

Guðmundur segir að þegar hann var að leita sér að viðfangsefni hafi æskuvinnur hans vitjað hans í draumi. „Hann kom til mín og þessi draumur var allur mjög sjónrænn og raunverulegur og þetta var í fyrsta skipti sem mig dreymdi hann eftir að hann dó. Í draumnum erum við staddir á Þórshöfn og hann leiðir mig í gegnum bæinn og réttir mér kort sem hann er búinn að teikna af bænum. Svo förum við bara að leika okkur og erum í þessu frelsi æskunnar. Þegar ég vaknaði af þessum draumi þá fannst mér hann vera eitthvað svo táknrænn og fór mikið að hugsa um þennan tíma í lífi mínu. Og þá komu allar þessar senur til mín, það var eins og einhver flóðgátt hefði opnast og ég byrjaði að skrifa. Flóðið var svo rosalegt að handritið varð allt of langt, fyrsta uppkastið var þrjú hundruð blaðsíður og ég var í miklum vandræðum með að skera þetta niður því mér fannst þetta svo gaman. Þetta var fyrir tíu árum svo þetta er búið að vera langt og skemmtilegt ferðalag.“

En skyldi Guðmundur þá sjá fyrir sér að halda áfram að vinna með líf sitt og drauma sem yrkisefni í næstu verkefnum? „Það er auðvelt fyrir mig að nota mitt eigið líf sem ákveðinn grunn, eins og ég gerði í Hjartasteini. Maður byrjar þar en svo vaxa verk og breytast í ferlinu. Persónurnar eignast sitt eigið líf á leiðinni og heimurinn verður sjálfstæðari eftir því sem maður vinnur sögusviðið meira. Það er líka ástæðan fyrir því að mér fannst Borgarfjörður eystri henta sögunni betur en Þórshöfn sem hefur breyst mikið frá því að ég var þar sem gutti. Mig langar líka til þess að hrósa Borgfirðingum. Fólk er þar er yndislegt og reyndist okkur vel. Þessi staður er sannkallaður demantur.“

Og já, ég læt drauma og innsæi alveg hiklaust ráða för og mér finnst það hreint út sagt vera bæði þægilegt og einfalt. Vegna þess að þegar ég geri það þá hef ég meiri orku til að vinna, en alltaf þegar ég er eitthvað meira í hausnum að remsast við að fá einhverja vitræna hugsun og vinna mínar hugmyndir þannig þá missi ég áhugann á þeim hægt og rólega. Málið er að ég held að ég sé smá latur að eðlisfari nema þegar ég er að gera nákvæmlega það sem mig langar til þess að gera. Annars nær letin tókum á mér.“



EN Á MEÐAN

SAMFÉLAGIÐ BAUÐ

UPP Á ALLT ÞETTA

FRELSI FYRIR

OKKUR KRAKKANA

ÞÁ VAR ÞAÐ

ROSALEGA ÞUNGT

FYRIR SUMA

FULLORÐNA. ÉG

TÓK EFTIR ÞVI ÞÓ

SVO ÉG VÆRI BARA

KRAKKI AÐ HLUTA

AF FULLORÐNA

FÓLKINU LEIÐ

EKKERT SÉRSTAK-

LEGA VEL ÞARNA.

Ferðir

14. janúar 2017

KYNNINGARBLAÐ

Sumarfrí með Gaman Ferðum



Gaman Ferðir bjóða fjölbreytt úrval sólarlandaferða sumarið 2017. Nýtt bókunarkerfi gerir viðskiptavinum kleift að bóka flug og gistingu til allra áfangastaða WOW air í einni bókun. Ingibjörg Elsa Eysteinsdóttir, forstöðukona Gaman Ferða, segir spennandi sumar fram undan.

„Nú um mánaðamótin tökum við í notkun nýtt bókunarkerfi, nýja heimasíðu og sumarþæklingur Gaman Ferða kemur út 28. janúar. Þar með verða Gaman Ferðir eina ferðaskrifstofan á landinu sem getur boðið viðlíka framboð á gliststöðum, en við komum til með að bjóða upp á pakkaferðir á alla áfangastaði WOW air, hvort sem það eru sólarlönd eða borgarferðir. Það eru spennandi tímar fram undan og ég þori að fullyrða að við verðum skrefinu frammar samkeppninni þegar kemur að framboði ferða,“ segir Ingibjörg Elsa Eysteinsdóttir, forstöðukona Gaman Ferða.

Í sumar bjóða Gaman Ferðir meðal annars ferðir til strandbæjarins Salou á Costa Dorada, til Costa Brava, Tenerife og Benidorm. Þá eru einnig í boði ferðir til Albir, Calpe, Kanarí og Alicante.

Salou

„Salou var mjög vinsæll áfangastaður hjá okkur í fyrra og bókanirnar hrannast inn hjá okkur fyrir sumarið 2017,“ segir Ingibjörg. „Þetta er fallegur strandbær þar sem við erum með fjölskylduvæna gistingu en þetta er einnig skemmtilegur áfangastaður fyrir pör og eða vinahópa. Í Salou er hægt að gera svo ótrúlega margt en svæðið er í réttum klukkustundar fjarlægð frá Barcelona. Fólk getur því sameinað sólarlandaferð og stórborgarferð í einum pakka með því að taka lestina á milli fyrir nokkrar evrur. Í Salou er að finna skemmtigarðinn Port Aventura og nú í ár verður opnaður nýr garður, Ferrari Park. Í Salou er að finna fjölda góðra veitingastaða og afþreyingu fyrir alla fjölskylduna.“

Costa Brava

„Á Costa Brava-svæðinu verðum við með strandbæina Lloret de Mar, Santa Susanna og Tossa de Mar. Á Lloret de Mar erum við með æðislega glistastaði sem henta fjölskyldufólki með börn. Á Hótelinu Olympic Palace er til dæmis að finna vatnaparadís með rennibrautum og þá erum við að taka inn tvö ný hótél sem eru einnig með vatnsrennibrautagarði, Gran Garbi og Gran Garbi Mar. Lloret de Mar er því frábær kostur fyrir fjölskyldur sem kjósa fjör með börnunum sínum. En auðvitað bjóðum við líka upp á hótél sem eru aðeins fyrir fullorðna eins og Delamar en það er



Spennandi sigling um Karíbahafið.

virðilega flott, nýttiskulegt og var opnað 2016. Það er því eitthvað í boði fyrir alla,“ útskýrir Ingibjörg.

„Tossa de Mar er einn af mínum uppáhaldstöðum. Hótel Gran Reymer er fjögurra stjörnu superior hótél, staðsett í þessum fallega bæ alveg

niðri við ströndina. Það er hér sem ég mundi eyða mínu sumarfríi. Í Tossa de Mar er að finna fjölda gourmet-veitingastaða og yndislegt að ganga um þröngar og litlar göturnar í gamla bænum, setjast niður, snæða tapas og horfa á mannlífið. Tossa de Mar er sjarmerandi og rómantískur staður.“



Ingibjörg Elsa Eysteinsdóttir, forstöðukona Gaman Ferða.



„Í Tossa de Mar er að finna fjölda gourmet-veitingastaða og yndislegt að ganga um þröngar og litlar göturnar í gamla bænum.“ MYNDIR/GAMAN FERÐIR



Hotel Green Garden var einn langvinsælasti glistastaður Gaman Ferða á síðasta ári. Hótelid var eitt af topp 25 bestu fjölskylduhótélum á Spáni í fyrra.

Við hjá Gaman Ferðum leggjum okkur fram um að veita persónulega og umfram allt skemmtilega þjónustu og hvetjum alla til að fylgjast með okkur á samfélagsmiðlum Facebook, Snapchat og Instagram. Þar er margt spennandi að fara í gang.

Ingibjörg Elsa Eysteinsdóttir

Resort & Suite sem er glæsilegt 4 stjörnu fjölskylduhótél á Tenerife. „Þetta var okkar langvinsælasti glistastaður í fyrra og margar af sömu fjölskyldunum hafa pantað aftur í sumar. Green Garden hefur meðal annars fengið viðurkenningu fyrir að vera eitt af topp 25 bestu fjölskylduhótélum á Spáni. Ég mæli hiklaust með þessu hóteli,“ segir Ingibjörg.

Siglingar

Gaman Ferðir hafa gert samning við tvö skipafélög og bjóða upp á spennandi siglingu um Karíbahafið í október. Ingibjörg segir ferðina hafa fengið góð viðbrögð og unnið sé að því að bæta við fleiri siglingum. „Viðtökurnar fóru fram úr björtustu vonum og á næstu dögum munum við setja fleiri siglingar í sölu hjá Gaman Ferðum. Þetta er fljótandi lúxus í átta daga á glænýju skipi sem tekið var í notkun á síðasta ári. Í skemmtiferðasiglingu vakna gestir á nýrri paradísareyju á hverjum degi sem er svo sannarlega upplifun út af fyrir sig.“ segir Ingibjörg.

Fylgjast með á samfélagsmiðlum

„Við hjá Gaman Ferðum leggjum okkur fram um að veita persónulega og umfram allt skemmtilega þjónustu og hvetjum alla til að fylgjast með okkur á samfélagsmiðlum Facebook, Snapchat og Instagram. Þar er margt spennandi að fara í gang hjá okkur á næstu dögum. Við viljum umfram allt að okkar farþegar komist í sumarfrí á hagstæðum kjörum og hafi gaman í sínu sumarfríi eins og nafnið okkar bendir til.“

Nánari upplýsingar má finna á www.gaman.is



Green Garden Resort & Suite er glæsilegt 4 stjörnu hótél.

Tenerife

„Gaman Ferðir eru með ferðir til Tenerife tvisvar í viku allt árið um kring. Tenerife er einn vinsælasti áfangastaður okkar Íslendinga og þangað viljum við fara aftur og aftur. Mér þykir

alltaf jafn gaman að fara þangað, enda er svo ótal margt hægt að gera á Tenerife. Góðir veitingastaðir, alltaf gott veður og það er svo sannarlega hægt að versla.“ Gaman Ferðir bjóða meðal annars upp á glistastaðinn Green Garden



Tindarnir þrjú Three sisters eru helsta kennileiti Blue Mountains-þjóðgarðsins í Ástralíu. Garðurinn er ein vinsælasta náttúruperla landsins. NORDICPHOTOS/GETTY

Býr og nemur í Paradísinni

Jósef Halldór Þorgeirsson frá Akranesi stundar nám við háskóla sem er í einni vinsælustu náttúruperlu Ástralíu, Blue Mountains-þjóðgarðinum. Þjóðgarðurinn er sannkölluð paradís og vel sóttur af ferðamönnum og þeim sem stunda alls kyns útivist.

Ástralía er stórkostlegt land sem býður upp á flest það sem ævintýrabyrstir ferðalangar sækjast eftir. Náttúrufegurð landsins er mjög fjölbreytt þar sem finna má m.a. stærstu kóralrif heims, eldrauðar eyðimerkur, fagurgræna regnskóga og fjölbreytt dýralíf. Landið býður einnig upp á fallegar heimsborgir á borð við Sydney, Melbourne og Brisbane og fjölbreytta matargerð þar sem bresk áhrif blandast matarhefðum stærri innflytjendahópa frá Austur-Asíu og löndunum kringum Miðjarðarhaf.

Ein af vinsælustu náttúruperlum Ástralíu er Blue Mountains-þjóðgarðurinn sem er í um 80 km fjarlægð frá Sydney, í suðaustur hluta landsins. Þjóðgarðurinn nær yfir um 11.400 ferkílómetra

landsvæði og er helst þekktastur fyrir falleg fjöll og klettabelti í bland við skógivaxna dali og hlíðar. Vegna nálægðar við Sydney er garðurinn mjög vinsæll allt árið um kring meðal ferðamanna, en líka meðal göngufólks, klettklifrara og þeirra sem stunda fjallahjólreiðar og kanósiglingar.

Nánast fullkominn

Jósef Halldór Þorgeirsson frá Akranesi býr í bænum Leura sem er í þjóðgarðinum, skammt frá helsta aðráttarafl og kennileiti hans, klettunum Three sisters. Þar nemur hann alþjóðlega hótellekstrarfræði við Blue Mountains International Hotel Management School, sem er mjög virtur á sínu sviði að sögn Jósefs.

Heimabær hans, Leura, ein-



Blue Mountains-þjóðgarðurinn býður upp á ótal útivistarmöguleika, m.a. göngur og fjallaklifur. NORDICPHOTOS/GETTY

Þetta er mikill ferðamannastaður og nánast fullkominn viðkomustaður fyrir fjölskyldur og náttúruunnendur.

Jósef Halldór Þorgeirsson



kennist af rólegu og virkilega þægilegu umhverfi að hans sögn en þar búa rúmlega fjögur þúsund manns. Helsta aðráttarafl Blue Mountains-þjóðgarðsins, klettarnir Three sisters, eru í nokk-

urra kílómetra fjarlægð ásamt fjölda gönguleiða. „Klettarnir hafa þrjú tinda og þaðan kemur nafnið Three sisters. Þetta er mikill ferðamannastaður og nánast fullkominn viðkomustaður fyrir fjölskyldur og náttúruunnendur. Hér eru fossar, fjöll, skógar og dýralíf allt í kring. Fjölmargar heillandi gönguleiðir eru auk þess í kringum fjöllin og skógana og útsýnið er magnað. Veitingastaðir og kaffihús eru í miklum blóma í garðinum þar sem auðvelt er að finna frábæra staði til þess að klára daginn og slaka á.“

Stefnir á frekari ferðalög

Námið hjá Jósefi er krefjandi og hefur hann lítið getað ferðast sökum anna í náminu. „Þegar

næsta önn klárast í lok apríl fer ég út á vinnumarkaðinn í Ástralíu, en nemendur fá sex mánaða starfssamning á fimm stjörnu hótelum víðs vegar um Ástralía. Ég er mjög spenntur fyrir því að kynnast vinnumarkaðnum hér og þá verður mun auðveldara fyrir mig að ferðast um Ástralíu og stefni ég á að gera sem mest af því. Það sem heillar mig mest eru eyjarnar í kringum Ástralíu, t.d. Tasmanía og Hamilton Island, en það væri algjör draumur að fá að starfa á hótelum þar. Námið opnar dyr og gerir mér kleift að fá vinnu úti um allan heim en hugurinn er alltaf á Íslandi. Við sjáum til hvernig staðan verður í þessum bransa á Íslandi eftir nokkur ár en einungis framtíðin getur sagt til um það.“

HEILBRIGÐ MELTING

Icecare kynnr Fita getur sest víða á líkamann, meðal annars innan í líffærin, þar á meðal lifrina. Active Liver stuðlar að eðlilegum efnaskiptum. Jóna hefur góða reynslu af Active Liver.

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur veldur of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins.

Matur, sem neytt er nú á dögum, inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. „Við erum ekki von þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu. Sem betur fer eru það ekki einungis prótein sem geta örvað lifrarstarfsemi,“ útskýrir Ólöf Rún Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri hjá IceCare.

Active Liver inniheldur náttúrulegu jurtirnar túrmerik og svartan pipar. Einnig ætíðistil og mjólkurþistil sem eru þekktir fyrir að stuðla að eðlilegri starfsemi lifrarinnar og gallsins. Einnig inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum, viðheldur eðlilegri starfsemi lifrarinnar og stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar amínósýruna hómósýstein.

GÓÐUR ÁRANGUR

Jóna Hjálmarsdóttir hefur notað Active Liver í nokkra mánuði með

góðum árangri. „Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er úr náttúrulegum efnum og ég hef fulla trú á að náttúru-efnin í vör- unni stuðli að eðlilegri lifrarstarfsemi. Ég er sjúkraliði að mennt og er meðvituð um líkamsstarfsemi og veit að fita getur safnast á lifrina, þess vegna vildi ég prófa.“

Hún segist fljótt hafa fundið mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttu þyngd, enda inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum. Ég er í vinnu þar sem ég þarf að vera mikið á ferðinni, ég er í góðu formi, og hef trú á að Active Liver virki fyrir mig. Einnig

finn ég mikinn mun á húðinni, hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri,“ segir Jóna.


Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en þetta getur einnig verið vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.

Vörurnar eru fánlegar í öllum apótekum, heilsuverzlunum og heilshillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is

IceCare
Þín heilsa



Active Liver virkar vel fyrir Jónu.



Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Active Liver stuðlar að eðlilegum efnaskiptum.

AMÍNÓ LIÐIR

Liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr sæbjúgu úr hafinu við Ísland.

Inniheldur

sæbjúgu, vatnsrofin þorsprótín, túrmerik, D vítamín, C vítamín og mangan.



Snorri Snorra
„Virkar vel á mína liði“



AMÍNÓ LÉTT

Seðjandi og mettandi blanda sem auðveldar þyngdarstjórnun vegna glúkómannan.

Inniheldur

vatnsrofin þorsprótín, glúkómannan og króm-pikkólínat.



Guðrún Lilja
„Finn góðan mun á mér“



AMÍNÓ 100%

Fyrir fólk sem vill auka neyslu á hreinu fiskpróteini.

Inniheldur

einungis vatnsrofin þorsprótín úr villtum íslenskum þorski.



Guðjón Ágúst
„Mun kraftmeiri í ræktinni“



MARSINN ÞÉTTARI HVERT ÁR

HönnunarMars fer fram dagana 23. til 26. mars nú níunda árið í röð. Umsóknarfrestur um þátttöku á sýningum og viðburðum er til 17. janúar. Sara Jónsdóttir, verkefnastjóri HönnunarMars, segir spennandi dagskrá fram undan.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



„Nú þegar hafa borist fjölmargar umsóknir og alltaf bætist í hóp erlendra hönnuða sem taka þátt. HönnunarMars er okkar mesta kynningarafli fyrir íslenska hönnun en Marsinn er marglaga verkefni og erlendir aðilar taka einnig þátt. Þá höfum við höfum parað saman innlenda og erlenda sýnendur og þannig myndast samspil þeirra á milli. Það hafa orðið til fjöldi verkefna og samstarf út frá slíkum kynnum,“ útskýrir Sara Jónsdóttir, verkefnastjóri HönnunarMars.

Hún segir mynd vera að komast á dagskrá hátíðarinnar. Gestir geti sótt um hundrað viðburði, sýningar og fyrirlestra líkt og undanfarin ár.

„Stefna okkar er ekki að stækka hátíðina varðandi fjölda sýninga og viðburða heldur frekar að auka gæði. Eftir nú árum erum við komin á þann stað að mjög margir vilja taka þátt en á móti veljum við vandlega inn. HönnunarMars er fyrst og fremst vettvangur fyrir fagaðila á sviði hönnunar og arkitektúrs,“ segir Sara.

„Þetta er líka hátíð þar sem íslenskir hönnuðir fá tækifæri á að hitta erlenda framleiðendur og endursöluaðila, á kaupstefnunni DesignMatch. Þar fara fram eins konar hraðstefnumót milli erlendra aðila sem boðið er á hátíðina



„Stefna okkar er ekki endilega að gera hátíðina stærri varðandi fjölda þátttakenda heldur frekar að gæðum.“

og íslenskra hönnuða sem kynna sín verk.“

Fyrirtækin sem þegar eru staðfest á DesignMatch eru Normann Copenhagen, NORR11, Khaler og finnska fyrirtækið Local. Nokkur verkefni hafa farið í framleiðslu hjá

Normann Copenhagen undanfarin ár. Þar má nefna snaga og hitaplatta eftir Bryndísi Bolladóttur og snagana Stone eftir Helgu Sigurbjarnadóttur.

Á dagskrá HönnunarMars er einnig DesignTalks, fyrirlestradag-



Sara Jónsdóttir er verkefnastjóri HönnunarMars, sem fer nú fram dagana 23. til 26. mars, níunda árið í röð. MYND/ANTON BRINK

ur, sem fram fer í Silfurbergi Hörpu í samstarfi við Arion banka. Þeir fyrirlesarar sem búið er að upplýsa um eru breski hönnuðurinn Alexander Taylor og breski hönnunarhópurinn Marshmallow Laser Feast, en um 5 erlendir fyrirlesarar munu koma fram í bland við íslenska.

„Alexander Taylor sem síðustu ár hefur unnið með Adidas við að hanna skó úr plasti sem hreinsað var úr sjónum, sólarinnir eru svo þrívíddarprentaðir. Þetta er afar spennandi nálgun á umhverfisvæna hönnun,“ segir Sara. „Marshmallow Laser Feast vinnur með sýndarveruleika en í stað þess að mynda óraunverulega heima notar hópur-

inn sýndarveruleikann til að gefa okkur meiri djúpt á veruleikann. Til dæmis með því að áhorfandi, staddur úti í skógi sjái skóglendið eins og með augum ákveðinna skógardýra.“

Sara segir HönnunarMars hafa skorið sig úr flóru hönnunarsýninga víða um heim gegnum árin fyrir það að ólík fög hönnunar sýna hér saman. Það sé þó að breytast.

„Það er reyndar að verða vinsælt erlendis, að sameina greinar frekar en að skipta upp, enda vinna greinar alltaf meira og meira þvert og í samstarfi. Það má því segja að út af smæðinni hér á Íslandi höfum við dottið inn á eitthvert „trend“ fyrirfram,“ segir Sara.

Veldu lífrænt, heilnæmt og hollt.



biona, þekktu merkið!
ORGANIC



Einfaldur pastaréttur


2 dósir Biona Tómatar með basiliku

500 gr Biona spelt pasta

15-20 gr bragðlaus kókosolía frá Biona

Pasta er soðið eftir leiðbeiningum á pakkanum. Vatnið sigtað af. Tómtunum er hellt í djúpan pott eða pönnu, kókosolían sett út í og hrært vel saman. Bætið við timian kryddi ásamt salti og pipar. Pasta látið út í sósuna og hrært vel saman.

Allar vörur frá Biona eru lífrænar og henta fyrir vegan.



Nokkrir hafa líklega lent í því að síminn deyr í miklum kulda.

DEYR SÍMINN ÞINN Í KULDA?

Nú er kalt úti og það er fleira en við mannfólkið sem þolir illa kuldabola. Sumir iPhone-símar þola nefnilega kuldann mjög illa og slökkva á sér verði þeim kalt. Þetta gerist jafnvel þótt síminn sé fullhladdinn. Þetta mun vera þekkt vandamál víða um heim og um það hefur verið skrifað. iPhone er mikil kuldaskræfa. Í könnun sem gerð var árið 2012 kom þetta fyrst í ljós en þá voru nokkrar gerðir af snjallsímum prófaðar í kulda. Til dæmis komu upp vandamál á iPhone 4s í mínus fjórum gráðum, þegar kuldið fór niður í tíu gráð-

ur kvartaði síminn yfir rafmagnsleysi og dó síðan.

Samkvæmt grein í tímaritinu Business Insider hefur Apple viðurkennt vandamálið og vinnur að lausn á því. Apple mælir með að fólk sem lendir í þessu endurræsi símann. Reyndar bendir Apple á að símann eigi að nota í hitastigi frá 0-35 gráður. Batteríið getur brugðist í miklu frosti.

Til að forðast að þetta gerist er best að pakka símanum vel inn í ullarvettling eða hafa hann í innri brjóstvasa svo hann fái hita frá líkamanum þegar mjög kalt er úti.

FÓLK ER KYNNINGARBLAD sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367
Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358
Vera Einarisdóttir, vera@365.is, s. 512 5357 | **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, atli@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johanwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

PURELOGICOL

Collagen til inntöku

Sléttir fínar hrukkur og þéttir húðina

- » Hrukkur og línur sléttast út um 43%*
- » Húðin á andliti og öllum líkama verður mýkri og þéttari um 35%*
- » Lagar húðþurrk
- » Sterkari hár og neglur
- » Dregur úr húðsliti
- » Frábært fyrir liðina, aukin liðugleiki og betri líðan, byggir upp brjóska
- » Árangur sést og finnst eftir 3 vikur



Gala SPA AWARDS
BADEN-BADEN

Valið „favorite age-defying“
af tímaritinu MS London

HYDROLYSED PEPTIDE collagen,
tryggir upptöku og árangur. Ríkt af aminosýrum.
Engar fiskiafurðir. Vísindalega sönnuð formúla.

* Óháð rannsókn og blindpróf, árangur eftir 6 vikna inntöku.

Fæst í apótekum, Heilsuhúsinu, Græn heilsa og Fríhöfninni

Collagen er öflugasta byggingarprótín líkamans, 75% af húðinni er collagen en framleiðsla líkamans minnkar með aldrinum. Afleiðingar af collagenskortri er m.a slakari húð, hrukkur og stíðleiki í liðamótum og baki. Rannsóknir sýna að PureLogicol collagen stuðlar að endurnýjun og uppbyggingu á brjóska, sinum, liðum og stoðvefjum húðarinnar. Inntaka stuðlar að betri svefni. Gefur fljótt betri líðan í liðamótum, líkaminn og húðin verður fjaðurmagnaðri aukin mýkt, unglegri og stinnari. Styrkir hár og neglur. Dregur úr húðsliti
Framleitt eftir: Edible Food Regulation nr. 1999/724 EC. GMP staðall.

SÆKIR INNBLÁSTUR TIL INDLANDS

Indverskur matur er í mestu uppáhaldi hjá **Önnu Karenu Kolbeins** en hún á ættir að rekja til Indlands. Anna Karen gerðist vegan fyrir rúmu ári út af dýraverndunarsjónarmiðum og heldur úti matarblogginu The Broke Vegans ásamt Bylgju Guðjónsdóttur. Hér gefur hún lesendum tvær ljúffengar vegan uppskriftir sem flestir ættu að ráða vel við.

Starri Freyr Jónsson

starri@365.is



Anna Karen Kolbeins gerðist vegan fyrir rétt rúmu ári út af dýraverndunarsjónarmiðum. Hún segist elska öll dýr og ákvað að hún gæti ekki búið til línu á milli dýra til að borða og dýra til að klappa og elska. „Þannig að ég strokaði út línuna og ákvað að skilja öll dýr frá diskunum mínum.“

Í upphafi keypti hún oft soja-kjöt en uppáhaldshráefni hennar í dag eru baunir, grænmeti, hnetur og góð krydd. „Uppáhaldsmaturinn minn er samt indverskur matur en afi minn kemur þaðan og ber því ábyrgð á ástríðu minni á indverskri matargerð.“

Anna Karen heldur úti matarblogginu The Broke Vegans (the-brokevegans.wordpress.com) ásamt Bylgju Guðjónsdóttur auk þess sem hún matreiðir og fjallar um vegan vörur og fleira á Snapchat (@anna-karenk). „Vegan matarbloggin og vegan snöppin eru æðisleg. Ég hef kynnst fullt af skemmtilegu fólki þar og gaman er að sjá hvað aðrir eru að elda og sjá mismunandi stíla.“

Hér gefur hún lesendum Fréttablaðsins tvær ljúffengar uppskriftir að einföldum og góðum vegan réttum.

INDVERSKUR GRÆNMETISRETTUR

- 1 gulur laukur, saxaður smátt
- 1 hvítlauksgeiri, saxaður smátt
- 7-9 kartöflur, frekar litlar
- 180 g blómkaál, skorið frekar gróft
- 130 g grænar baunir, mega vera úr dós eða frosnar
- 3 grænir chili með fræjum, saxaðir smátt
- 1 rauð lítill paprika, skorin í þunnar ræmur og síðan til helminga
- Órlítið ferskt engifer, raspað (má nota engiferkrydd)
- Nokkur fersk kóríanderlauf
- 1 dós kókosmjólk
- 1 dós tómátþúrta (ef þið viljið ekki tómátbragð má sleppa)
- 1 tsk. sinnepsfræ
- 1 tsk. cumin-krydd
- 1/2 tsk. túrmerikkrydd
- 1 tsk. jeera-krydd
- 1/2 tsk. chili-krydd
- Órlítið salt
- 1 bolli hrísgrjón á móti 2 bollum af vatni
- 2 negulnaglar

Varðandi kryddið í uppskrift er mjög erfitt að segja til um hversu mikið þarf. Ég slumpa yfirleitt og bæti síðan út í því sem mér finnst vanta upp á. Þið kryddið bara eftir smekk.

Setjið kartöflurnar í pott í smá tíma áður en þær eru settar á pönnuna en ofsjóðið ekki. Á meðan er allt grænmetið skorið. Hitið olíu á pönnu á miðlungs hita. Þegar hún hitnar eru sinnepsfræin sett á pönnuna. Þíðið eftir að fræin „poppi“. Bætið næst lauknum við ásamt kryddunum og hrærið þangað til laukurinn er mjúkur. Næst er blómkaálinu, paprikunni, chili, baunum og engiferinu bætt við og blandað vel saman. Næst er kókosmjólkinni og tómátþúrrunni bætt við. Hrærið mjög vel og setjið lok yfir pönnuna.

Þegar kartöflurnar eru orðnar ágætlega mjúkar eru þær teknar af



„Uppáhaldsmaturinn minn er samt indverskur matur en afi minn kemur þaðan og ber því ábyrgð á ástríðu minni á indverskri matargerð,“ segir Anna Karen Kolbeins. MYND/ANTON BRINK

Best er að leyfa þessu að malla í smá tíma og leyfa grænmetinu að sjúga í sig vökvann með kryddunum. Þegar styttest í að rétturinn verði tilbúinn eru hrísgrjónin skoluð upp úr köldu vatni í sigti, 2 bollum af vatni bætt í pott ásamt 1 bolla af hrísgrjónum og negul-

nöglunum. Hitið að suðu, slökkvið á hellunni og setjið lokið yfir hrísgrjónin. Í lokin er ferskur kóríander settur út á réttinn.

Hráefnin eru ódýr og kryddin fást ódýrt í ásiskum mörkuðunum hér á landi. Í réttinn er hægt að setja alls konar grænmeti, t.d. gulrætur, spergilkál, kjúklingabaunir, sveppi, hnetur o.fl. Gott er að frysta afgangana og nota sem nesti í vinnu eða skóla.

NÚÐLU-TÓFÚ RÉTTUR

- 1 pakkur risnúðlur
- 2 gulrætur
- 1 rauð paprika
- 1 lítill spergilkálhaus
- 2 vorlaukar
- 1 kúrbítur
- 1 laukur
- 2 hvítlauksgeirar
- 1 pakkur firm tófú
- Sesamfræ
- Kasjúhnetur
- Bragðlaus olía (t.d. sólblóma-olía)

Mikið af hollu og góðu grænmeti er í núðlu-tófú réttinum.



Inverski grænmetisrétturinn er úr fjölbreyttum hráefnum.

hellunni og köldu vatni hellt yfir þær þangað til þær kólna. Skerið þær í báta og bætið þeim út á pönnuna og hafið á miðlungshita.

Smakkið og kryddið ef ykkur finnst þörf á.



“Vegan matarbloggin og vegan snöppin eru æðisleg. Ég hef kynnst fullt af skemmtilegu fólki þar og gaman er að sjá hvað aðrir eru að elda.”

Anna Karen Kolbeins

Tamarisósa Ristuð sesamolía
Krydd eftir smekk en ég nota salt og pipar, garam masala, túrmerik og cumin. Annað grænmeti sem er gott að nota er t.d. blómkaál, spínat og hvítkaál.

Tófúmarinerung

Best er að opna tófúð sem fyrst um daginn svo það nái að þorna og liggja í marinerungu í góðan tíma.

Skolið tófúð og skera kubbinn í fimm sneiðar. Pressið, skiptið um viskustykki og pressið aftur. Skerið síðan tófúsneiðarnar í jafnstóra bita, t.d. á stærð við munnbita. Látið helst tófúð þorna í nokkra klukkutíma áður en það er sett í marinerungu.

Í marinerunguna nota ég sólblómaolíu, tamarisósu, ristaða sesamolíu, salt og pipar, hvítlaukskrydd, túrmerik, garam masala og kúmen (chili og chiliflögur ef engin börn eru að borða). Slumpa yfirleitt oliurnar og kryddin og krydda eftir smekk. Hellið henni í poka. Setja tófúð í pokann og lokið honum. Hreyfið pokann af og til svo marinerungin nái yfir alla bitana.

Leyfa tófúinu að marinerast eins lengi og hægt er, þannig nær það að draga í sig oliurnar og kryddin.

Núðlur

Setið núðlurnar í pott í 7 mínútur. Passið að sjóða ekki of lengi þar sem þær fara á pönnuna með tófúinu og grænmetinu. Þegar núðlurnar eru tilbúnar eru þær settar í sigti og skolaðar í köldu vatni.

Grænmetið

Laukurinn, hvítlaukurinn, gulræturnar og spergilkálið er fyrst sett á pönnuna. Steikt upp úr vatni og hrært reglulega í. Best er að setja lok yfir svo það nái að gufusjóðast í smá stund. Þegar það er orðið mjúkt er hinu grænmetinu bætt út í. Að öllum líkindum er vatnið gufað upp og þá er sólblómaolíu bætt út í ásamt smá af sesamolíunni, tamarisósunni, kasjúhnetum og nógu af sesamfræum.

Tófúð

Tófúð þarf ágætán tíma svo best er að setja það á sér pönnu áður en grænmetið, sem þarf stuttan tíma. Tófúð er steikt upp úr marinerungunni, vel á öllum hliðum þangað til það er komin brúnn gljái á allar hliðar. Mér finnst best að hafa það stökkt á hliðunum og mjúkt að innan.

Smakkið tófúð til og þegar það er næstum tilbúið er restin af grænmetinu sett á pönnuna með lauknum, gulrótunum og spergilkálinu. Tófúinu bætt út í og steikið þar til allt verður tilbúið. Núðlunum er næst bætt við smátt og smátt og blandað vel saman. Í lokin bæti ég yfirleitt tamarisósu á núðlurnar. Steikið núðlurnar, tófúð og grænmetið í smá tíma þar til núðlurnar eru orðnar heitar.



SAP sérfræðingur

Hjá Norðuráli leggjum við áherslu á jafna möguleika karla og kvenna, endurmenntun og starfsþróun, frábæran starfsanda og samstarfsfélaga.

Starfinu fylgir góð starfsaðstaða í lífandi umhverfi þar sem metnaður og fagmennska eru í fyrirrúmi.

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn.

Árleg framleiðslugeta er um 310 þúsund tonn af hágæða áli.

Norðurál óskar eftir að ráða SAP sérfræðing. Lögð er áhersla á skilvirkni og áreiðanleika upplýsingatæknilausna og að fyrirtækið sé í fremstu röð. Viðkomandi verður SAP sérfræðingur Norðuráls og kemur einnig að verkefnum fyrir móðurfélag fyrirtækisins. Fyrirhuguð er uppfærsla á SAP kerfum Norðuráls (4 HANA) og mun viðkomandi leiða þá vinnu.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Ráðgjöf, þarfagreining og þjónusta við notendur
- Val og innleiðing nýrra lausna
- Verkefnastjórn
- Samskipti við verktaka
- Þátttaka í stefnumótun á sviði upplýsingatækni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mikil reynsla af SAP
- Skipulagshæfileikar
- Góðir samskiptahæfileikar
- Metnaður og fagmennska
- Góð kunnátta í ensku auk íslensku

Í boði er gott framtíðarstarf.

Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar 2017. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Sérfræðingar: Rekstur og þróun

Festir fasteignapróunarfélag hefur það meginmarkmið að þróa fasteignir og lóðir, ýmist með sölu eða rekstur í huga. Framkvæmdastjóri félagsins er Jónas Þór Þorvaldsson.

Áhersla er lögð á skrifstofuhúsnæði, hótél og íbúðarhúsnæði. Félagið á umtalsverðar fasteignir og lóðir í þróun. Í dag er unnið að fjórum verkefnum. Þrjú þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu og eitt á Snæfellsnesi.

Fjölbreytt og ólík verkefni eru í undirbúningi, hótél og hótélíbúðir, með samtals 600 herbergjum, ásamt veitingahúsum og náttúruböðum. Umfang uppbyggingarinnar er um 20.000 fermetrar.

Að auki er undirbúningur að hefjast vegna stórra verkefna sem komast á framkvæmdastig á næstu fimm árum.

Festir fasteignafélag var stofnað af Ólafi Ólafssyni. Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess www.festir.is.

Festir fasteignapróunarfélag óskar eftir að ráða aðila til að sinna tveimur tengdum verkefnum. Til greina kemur að ráða tvo sérfræðinga til að sinna hvoru verkefni fyrir sig.

Annað verkefnið snýr að umsjón með undirbúningi rekstrareininga (hospitality management consultant) s.s. hótela, hótélíbúða, veitingahúsa og náttúrustaða/spa.

Hitt verkefnið lýtur að margvíslegum þróunarverkefnum á vegum félagsins (concept development consultant).

Sérfræðingurinn/-arnir munu starfa með teymi sem vinnur að þróun og rekstri eigna félagsins. Hann/þeir heyra undir framkvæmdastjóra Festis.

Helstu verkefni/kröfur vegna reksturs

- Stjórnun og ábyrgð á skilgreindum verkefnum
- Greiningarvinna
- Eftirfylgni með ákvörðunum
- Samningagerð

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Lágmark 5 ára reynsla af sambærilegum verkefnum
- Samstarfshæfni
- Skipulögð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Góð tungumálakunnátta

Helstu verkefni/kröfur vegna þróunar

- Hugmyndavinna
- Samstarf við arkitekta og skipulagsaðila
- Mótun hugmynda og innleiðing á framkvæmdastig
- Samningagerð

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Lágmark 5 ára reynsla af sambærilegum verkefnum
- Samstarfshæfni
- Skipulögð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Góð tungumálakunnátta

Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is fyrir 30. janúar 2017 og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

English version of this advertisement can be found on www.intellecta.is

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Verkefnastjóri - Byggingaframkvæmdir

Traust og fjárhagslega sterk félagasamtök í umfangsmikilli starfsemi leita að reyndum verkefnastjóra til að halda utan um og leiða stór verkefni á sviði byggingaframkvæmda. Í boði er gott framtíðarstarf.

Sjá nánar á www.intellecta.is

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is



Krabbameinsfélag Íslands beitir sér af krafti fyrir fækkun nýrra tilfella krabbameins, fækkun dauðsfalla af völdum sjúkdómsins og að því að bæta lífsgæði þeirra sem greinast með sjúkdóminn.

Tilgangur félagsins er meðal annars að beita sér fyrir stuðningi og ráðgjöf við krabbameinssjúklinga og aðstandendur þeirra og leit að krabbameini á byrjunarstigi. Jafnframt að stuðla að fræðslu og forvörnum um orsakir og áhættuþætti ásamt því að efla vísindarannsóknir og þróun þekkingar á krabbameinum.

Nánari upplýsingar um Krabbameinsfélagið má finna á heimasíðu félagsins www.krabb.is

Vefstjóri og markaðsfulltrúi

Við leitum að kraftmiklum, frumlegum og metnaðarfullum einstaklingi með víðtæka þekkingu og reynslu af vef- og markaðsmálum. Vefstjóri er mikilvægur hluti af litlu en öfluggu teymi fjáröflunar- og kynningardeildar Krabbameinsfélagsins. Starfið er mjög fjölbreytt, gefandi og skemmtilegt.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Umsjón með og þróun á heimasíðum, vefverslun og samfélagsmiðlum
- Markaðssetning á netinu í gegnum heimasíðu, samfélagsmiðla og póstlista
- Stefnumótun og umsjón stafrænna markaðsaðgerða og vefmælinga
- Virk þátttaka í þróun á miðlun fræðslu og forvarna
- Þátttaka í fjáröflunum og samskiptum við samstarfsaðila
- Umsjón dreifingar og sölu í átaksverkefnum eins og Mottumars og Bleiku slaufunni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vefumsjón
- Reynsla af notkun vefja í markaðssetningu og hagnýtingu samfélagsmiðla í markaðsaðgerðum
- Reynsla af vefmælingum
- Áhugi á þróun og uppbyggingu Krabbameinsfélagsins
- Mikil samskiptahæfni og geta til teymisvinnu
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði, áreiðanleiki og árangursmiðað viðhorf

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is / 511-1225) og Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir hjá Krabbameinsfélaginu (kolbrun@krabb.is / 540-1926).

Umsóknarfrestur er til og með 25. janúar 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



SLÖKKVILIÐIÐ LEITAR AÐ LIÐSAUKA

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) vill ráða starfsfólk til að sinna slökkvistarfi **og/eða** sjúkraflutningum. Bæði er um framtíðarstörf að ræða og sumarstörf fyrir sumarið 2017. Framtíðarstarfsmenn munu fá nauðsynlega menntun og þjálfun til að geta sinnt bæði slökkvistarfi og sjúkraflutningum hjá SHS en sumarstarfsmenn þurfa að hafa starfsréttindi sem sjúkraflutningamenn. Allir starfsmenn verða að vera reidubúnir að vinna vaktavinnu.

Við erum að leita að einstaklingum sem vilja láta gott af sér leiða og hafa áhuga á að tilheyra öflugum liði sem hefur það hlutverk að sinna útkallsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Við viljum gjarnan sjá fleiri konur í liðinu og æskilegt er að um-sækjendur séu ekki eldri en 28 ára vegna kröfu um eðlilega endurnýjun í liðinu.

Hlaupapróf (æfingapróf) fara fram í Kaplakrika 14. janúar kl. 13:30 og í Laugardalshöllinni 21. janúar kl. 11:00. Einu hlaupaprófi verður síðan bætt við ef þörf verður á eftir að umsóknarfrestur rennur út þann 20. janúar nk. Nánari upplýsingar um umsóknarferlið í heild sinni má finna á heimasíðu SHS.



www.shs.is

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
Skógarhlíð 14 / S: 528-3000

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Ef þú ert með rétta starfið
— erum við með réttu manneskjuna

capacent

www.capacent.is

Ráðgjafar á sviði skipulagsmála

Ráðgjafarfyrtækið Alta leitar að góðum liðsmönnum

Við leitum að starfsfólki sem hefur víða sýn, þekkingu og metnað til að ná frábærum árangri.

Bakgrunnur á sviði skipulagsfræði, landfræði, ferðamálafræði, arkitektúrs, landslagsarkitektúrs, verkfræði eða stefnumótunar.

Nánari upplýsingar eru veittar á starf@alta.is

Hæfniskröfur

- » Háskólamenntun með framhaldsgráðu sem tengist gerð skipulagsáætlana, stefnumótun, arkitektúr, ferðamálum eða byggðapróun
- » Forvitni, áhugi og frumkvæði
- » Virðing fyrir fjölbreyttum sjónarmiðum
- » Geta til að setja hlutina í margvíslegt samhengi
- » Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- » Góð ritfærni
- » Starfsreynsla á ofangreindum sviðum er æskileg



Sjá nánar um okkur á www.alta.is

Alta er framsækið ráðgjafarfyrtæki.

Viðfangsefnin eru einkum á sviði skipulagsmála, byggðapróunar, ferðapjónustu, verkefnastjórnunar og stefnumótunar.

Verkefnin eru fjölbreytt, þverfagleg, krefjandi og skemmtileg. Frjótt andrúmsloft, samhent starfsfólk og gott vinnuumhverfi gerir Alta að eftirsóttum vinnustað.

Alta er með starfsstöðvar í Reykjavík og Grundarfirði.

Ef þú hefur áhuga á að vera með okkur í liði, þá sendu umsókn til starf@alta.is

Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar næstkomandi.

Sölumaður

Símafélagið leitar að framúrskarandi sölumanni. Ef þú átt auðvelt með að skapa traust og byggja upp farsæl viðskiptasambönd þá er þetta starf fyrir þig.

Umsóknarfrestur

23. janúar

Helstu verkefni

- Sala á fyrirtækjamarkaði.
- Samskipti við núverandi og nýja viðskiptavinum.
- Sókn nýrra tækifæra.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/4408

Menntun- og hæfni umsækjenda

- Áhugi á tækni og fjarskiptum.
- Framúrskarandi hæfni í sölu og samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði.
- Geta til að skapa traust viðskiptavina.
- Góð tölvukunnátta.



Símafélagið er ört vaxandi fyrirtæki þar sem skemmtilegur mórall ríkir. Símafélagið er óháð félag og alfarið í eigu starfsmanna. Eigendur Símafélagsins hafa mjög víðtæka reynslu úr fjarskiptageiranum.

Verkefnin eru spennandi og góðir tekjumöguleikar. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á traust og gæði í öllu sem það býður viðskiptavinum sínum. Gildi félagsins eru Fagmennska - Áreiðanleiki - Lipurð.

Capacent — leiðir til árangurs



Verkefnastjóri

Ríkiseignir óska eftir að ráða verkefnastjóra til að sjá um útboðsmál og samninga. Undir útboðsmál falla verkefni er lúta að umgjörð og reglufestu við gerð útboðsgagna, auglýsingu útboða og töku tilboða en til samninga heyrir þjónustu- og verksamningar og rammasamningar sem Ríkiseignir eiga aðild að í gegnum Ríkiskaup.

Umsóknarfrestur

30. janúar

Helstu verkefni

- Yfirumsjón og almennt fyrirsvar með framkvæmd útboða.
- Ritstýring verk- og útboðslýsinga.
- Vinna að endurbótum og þróun útboðsmála.
- Umsjón og eftirfylgni með samningum.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/4395

Menntun- og hæfni umsækjenda


- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- MPM gráða eða önnur sambærileg meistaragráða er kostur.
- Sveinspróf í iðngrein og reynsla úr byggingariðnaði er kostur.
- Reynsla af útboðs- og samningagerð er kostur.
- Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum.
- Nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti.



Ríkiseignir hafa umsjón með fasteignum, jörðum og auðlindum í eigu ríkisins í umboði fjármálaráðuneytis. Hlutverk Ríkiseigna er að tryggja örugga og hagkvæma umsýslu þessara eigna. Umsýsla fasteigna felst einkum í útleigu húsnæðis til stofnana ríkisins, viðhaldi fasteigna og daglegum rekstri þeirra. Umsýsla jarðeigna felst aðallega í útleigu og ábúð á ríkisjörðum, umsjón með leigusamningum og samskiptum við leigutaka og ábúendur. Að auki annast Ríkiseignir umsýslu og skráningu auðlinda í eigu ríkisins.

Capacent — leiðir til árangurs





ION Adventure Hotel opnaði þann 1. febrúar 2013. Hótelid er í einni mestu náttúruverlu landsins og aðeins í um hálf tíma fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Umhverfisvænar lausnir og hugvítssamleg nýting á náttúrulegum eignum eru grundvallarþættir í hönnun og byggingu hótelsins. Gestir upplifa sterka tengingu við náttúruna, orkuna á svæðinu og tærleikann í umhverfinu.

ION Hotel ehf er vaxandi fyrirtæki sem starfar í áhugaverðu alþjóðlegu umhverfi. ION hótelin eru meðlimir í Design Hotel keðjunni ásamt því að vera fyrstu hótelin á Íslandi sem bjóða gestum upp á Starwood vildarkerfi.

Spennandi störf hjá ION Hotels

Við erum að stækka! Í febrúar 2017 fögnum við 4 ára afmæli ION Adventure Hotels á Nesjavöllum en um leið ætlum við að opna nýtt hótél, ION City, 18 herbergja boutique hótél á Laugavegi 28 í Reykjavík. Hótelin eru bæði meðlimir í Design Hotels keðjunni en þau státa af glæsilegri hönnun, vandaðri þjónustu og faglegu starfsfólki.

Hótelstjóri – ION Adventure Hotel á Nesjavöllum

ION Adventure Hotel á Nesjavöllum óskar eftir að ráða öflugan hótélstjóra. Við leitum að framúrskarandi, faglegum og metnaðarfullum hótélstjóra sem fær tækifæri til að taka þátt í stækkun og sókn eins glæsilegasta hótels landsins. ION Adventure Hotel er hluti af SPG sem er vildarklúbbur Starwood gesta og starfar eftir alþjóðlegum stöðlum þar sem aðeins það besta er nógu gott.

Ábyrgðarsvið:

- Fyrirmynd og ímynd hótelsins fyrir gesti jafnt og starfsmenn
- Ábyrgð á allri daglegri starfsemi og stjórnun
- Ábyrgð á mannauðsmálum
- Umsjón með þjálfun starfsmanna
- Umsjón með birgðahaldi
- Eftirlit með þjónustu og gæðamálum
- Samskipti við viðskiptavinum
- Vinnur að þróun og stefnu hótelsins í samráði við aðra stjórnendur

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, svo sem á sviði viðskiptafræði, rekstrar eða mannauðsstjórnunar
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfileikar
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Reynsla af stjórnun og rekstri nauðsynleg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku, í ræðu jafnt sem riti

Tekju- og kerfisstjóri – ION Hotels

ION Hotels sem reka annars vegar ION Adventure Hotel á Nesjavöllum og ION City í Reykjavík óska eftir að ráða til sín tekju- og kerfisstjóra. Viðkomandi þarf að hafa mjög góða tölvukunnáttu, sjálfstæð vinnubrögð og skipulagða yfirsýn yfir verkefni. Starfsstöðin er í Reykjavík og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Ábyrgðarsvið:

- Umsjón með bókunarkerfum hótélanna
- Ábyrgð og eftirlit með sölustýringu og nýtingarhlutfalli
- Ábyrgð á verðstýringu og uppfærslu sölukerfa
- Áætlanagerð tengd bókunum og nýtingarhlutfalli
- Mótun stefnu og markmiða söludeildar
- Samskipti við Design Hotels, Starwood og aðra tengiliði bóunarferla
- Hönnun á ferlum
- Greiningar og skýrslugerð
- Ábyrgð á uppfærslu og stýringu samskiptamiðla

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, svo sem viðskiptafræði eða sambærilegt
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Mjög góð tölvuþekking
- Sterk greiningarhæfni

Starfsmenn í ferðasölu – ION Adventure Hotel á Nesjavöllum

Starfsmenn í ferðasölu taka þátt í að auðga upplifun gesta okkar á hótelinu á Nesjavöllum með því að skipuleggja fyrir þá ferðir innanlands meðan á dvölinni stendur. Unnið er á vöktum.

Ábyrgðarsvið:

- Uppsetning og sala á ferðum og upplifun fyrir gesti hótelsins
- Aðstoða gesti við að velja og skipuleggja ferðir
- Veita gestum aðstoð við ferðaáætlun og upplýsingar um vegaopnanir
- Sjá um endurskipulagningu ferða fyrir gesti þegar upp koma breytingar vegna veðurfars eða annarra ófyrirsjáanlegra upþákoma
- Gera ánægjukannanir og eftirfylgni á upplifun gesta
- Vinna náið með móttökustjóra og viðburðarstjóra varðandi ferðir og upplifun fyrir gesti og hópa

Hæfniskröfur:

- Brennandi áhugi á ferðamennsku innanlands
- Góð þekking á helstu áfangastöðum ferðamanna á Íslandi
- Reynsla af sölu ferða eða sambærilegu starfi er kostur

Umsjónarmaður fasteigna – ION Hotels

Ábyrgðarsvið:

- Sjá um viðhald og eftirlit fasteigna
- Umsjón og eftirlit með bílaflota félagsins
- Gera viðhaldsáætlun
- Hafa yfirumsjón með viðhaldsaðgerðum fasteigna

Hæfniskröfur:

- Iðnmenntun, trésmíði, rafvirkjun eða annað sambærilegt
- Meirapróf er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

 **Upplýsingar veitir: Elísabet Sverrisdóttir** - elisabet@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar nk.



BM Vallá ehf. er rótgróð og leiðandi fyrirtæki á Íslandi á sviði steypuframléiðslu og framléiðslu á vörum úr sementsbundnum efnum. Framleiðslan er fjölbreytt en fyrirtækið rekur í Reykjavík steypustöð, helluverksmiðju og framleiðir garð- og húseiningar. Múrverksmiðjan er staðsett í Garðabæ og Smellinn einingahúsavverksmiðjan er á Akranesi. Fyrirtækið vinnur vikur til útflutnings í Þorlákshöfn, er með starfsemi á Austurlandi og rekur nú steypustöð við Búrfell vegna virkjunarframkvæmda. Fyrirtækið rekur söluskrifstofu og verslun í Reykjavík auk söluútibús á Akureyri. Hjá BM Vallá starfa um 120 manns að jafnaði. BM Vallá hefur frá árinu 1996, unnið skv. gæðastaðli ISO 9001 og fyrirtækið leggur mikið upp úr öryggismálum starfsmanna.



Gæðastjóri

Gæðastjóri ber ábyrgð á rekstri gæðakerfis, fylgist með gæðæftirliti og framléiðslugæðum og að unnið sé í samræmi við gæðahandbók og ISO 9001 kerfið. Um er að ræða spennandi og jafnframt krefjandi starf fyrir kraftmikinn einstakling gæddan frumkvæði og með reynslu af sambærilegum störfum.

Helstu verkefni:

- Rekstur gæðakerfis, skjalabreytingar og nýsmiði skjala
- Innri úttektaáætlanir og framkvæmd úttekta eftir atvikum
- Gerð þjálfunaráætlunar, umsjón funda, námskeiða og útgáfa kennslugagna
- Innleiðing gæðakerfis fyrir nýjar starfsstöðvar þegar við á
- Umsjón með vinnslu forvarna-/umbótaverkefna
- Leggja til úrbætur í samræmi við innri úttektir, viðhorfsvog viðskipavina og ábendingar
- Þátttaka í vörupróun og framléiðsluaðferðum
- Önnur verkefni s.s. skýrslugerð, sýnataka, prófanir, o.fl. sem yfirmaður kann að fela starfsmanni

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og/eða réttindi sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri gæðakerfa
- Brennandi áhugi á framléiðslu- og gæðamálum
- Góð tölvukunnátta
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Gott vald á ritaðri og talaðri ensku og íslensku



Upplýsingar veitir:

Inga S. Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

VAKTSTJÓRI BÍLASTÆÐAÞJÓNUSTU

Helstu verkefni eru umsjón með vöktum starfsmanna, innheimta og uppgjör vakta, ábyrgð og umsjón með farangurskerrum í og við flugstöðina, almenn þjónusta og aðstoð við viðskiptavini. Um er að ræða vaktavinnu.


Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af stjórnun æskileg
- 20 ára aldurstakmark
- Gott vald á íslenski og enski tungu, bæði í rituðu og mæltu máli
- Framúrskarandi þjónustulund og góð samskiptahæfni

Upplýsingar um starfið veitir Gunnar Ingi Hafsteinsson, þjónustustjóri bílastæðaðþjónustu, gunnar.hafsteinsson@isavia.is.



Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunur eigi sér stað.



Dagný starfar hjá farþegaþjónustu á Keflavíkurflugvelli. Hún er hluti af góðu ferðalagi.



ISAVIA

STARFSSTÖÐ:
KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

UMSÓKNARFRESTUR:
29. JANÚAR 2017

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA

Vörukynningastjóri og aðstoðar-vörukynningastjóri



Warehouse Demo Services (WDS) er fyrirtæki sem vinnur náð með Costco í Bretlandi. Starfsmenn þess sjá um allar vörukynningar í verslunum Costco. Við leitum að tveimur stjórnendum í ca. 50% hlutastarf til að hafa umsjón með þessum vörukynningum í nýrri verslun Costco á Íslandi.

Þetta starf hentar mjög vel fyrir aðila sem vill starfa fyrir alþjóðlegt fyrirtæki, fá þjálfun erlendis og vera hluti af stórum hópi af eldhressum starfsmönnum þar sem gæði og góð þjónusta er lykilatriði. Hlutverk viðkomandi er að skipuleggja starf þeirra starfsmanna sem sinna kynningunum.

Unnið er 3 daga í viku, aðra vikuna miðvikudag, fimmtudag og föstudag og hina vikuna föstudag, laugardag og sunnudag.

Umsækjendurnir verða að geta tekið þátt í þjálfun erlendis í vor.

Hæfniskröfur:

- Einhver stjórnunarreynsla
- Vera opinn og jákvæður persónuleiki
- Hafa frábæra samskiptahæfni og lausnamiðað viðhorf
- Hæfni til að ná því besta fram í samstarfsmönnum
- Afburða þjónustuhæfni

Starfssvið:

- Umsjón með vörukynningum
- Skipulagning og verkstjórn
- Starfsmannahald og jákvæður starfsandi
- Hvatning til góðra verka

WDS sér um yfir 70.000 vörukynningar á ári í verslunum í Bretlandi fyrir hönd Costco. Þessar kynningar gera það að verkum að kaupendurnir kynnast vörunum á nýjan hátt. Það er frábær upplifun að fá að smakka, lykta og snerta vöruna ásamt því að fræðast um hana áður en hún er keypt. Þetta gerir upplifun kaupandans svo miklu meiri og skemmtilegri.

Umsjón með störfunum hefur Lind hjá Fast ráðningum, lind@fastradningar.is og í síma 552-1606

Umsækjendur er vinsamlegast beðnir að sækja um störfín á heimasíðunni, www.fastradningar.is

Umsóknarfrestur er til og með 25. janúar nk.



Ertu að læra vél- eða rafvirkjun?

Viltu komast á spennandi samning?

Við leitum að jákvæðum og námsfúsum iðnnemum sem eru búnir með grunndeild í vél- eða rafvirkjun og langar til að vinna sinn námssamning hjá stærstu jarðvarmavirkjun heims. Við bjóðum upp á metnaðarfullan námssamning þar sem þú getur klárað allt starfsnám á einum stað og fengið góðan undirbúning fyrir sveinspróf.

- Vélvirkjanemar kynnast eftirliti og viðhaldi á háþrúðum vélbúnaði til raforku- og heitavatnsframleiðslu.
- Rafvirkjanemar kynnast eftirliti og viðhaldi á háþrúðum raf-, stjórn- og varnarbúnaði til raforku- og heitavatnsframleiðslu.

VIÐ TÖKUM JAFNRÉTTIÐ ALVARLEGA

Að jafnaði höfum við fjóra iðnnema í starfsnámi, tvo af hvoru kyni. Því hvetjum við jafnt stelpur og stráka til að sækja um.

Umsóknum skal skilað á ráðningarvef ON, starf.on.is. Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir, mannauðssérfræðingur, á starf@on.is.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur:

Til og með 6. febrúar 2017





Garðlist ehf. hefur verið starfandi frá árinu 1989. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í viðhaldsþjónustu í görðum og á grænum svæðum fyrir einstaklinga, fyrirtæki, húsfélög og bæjarfélög. Fyrirtækið hefur vaxið mikið á þessum tíma og aukið við sig mannskap og verkefni.

Framboð á leiguíbúðum til almennings hefur minnkað og er orðið mikið vandamál í Kaupmannahöfn eins og í mörgum öðrum borgum. Í Amsterdam má einungis leigja íbúðir gegnum Airbnb í 60 daga á ári. Þegar fólk hefur náð þeim dögum þarf að fjarlægja íbúðina af vefnum. Yfirbogarstjórinn bendir á, að á meðan margar Airbnb-íbúðir standi auðar á milli þess sem ferðamenn koma séu margir Danir húsnaðislausir. Þar fyrir utan skapast oft ónæði fyrir nágranna þegar ferðamenn koma í og fara úr leiguíbúðum. „Margir íbúar hafa haft samband við mig út af líku ónæði,“ segir hann.



Fimm ára ábyrgð



VIÐ KYNNUM Á STÓRA SVIÐIÐ TIVOLI XLV

— FJÓRHJÓLADRIFINN OG SJÁLFSKIPTAN SPORTJEPPA —

Ævintýrið heldur áfram. Öll þekkjum við fjórhjóladrifnu Íslandsvinina frá SsangYong; Rexton, Korando og Tivoli, nú kynnum við á stóra sviðið nýjasta meðlim þessarar geðþekku jeppagrúppu; Tivoli XLV.

Tivoli XLV er vel útlátinn og sækir rokkað útlitið til litla bróður síns og nafna, en er extra langur og einstaklega fjölhæfur. SsangYong jepparnir hafa vakið mikla athygli fyrir hönnun, hagstætt verð og frábæra aksturseiginleika. Tivoli XLV er þar enginn undantekning og býður uppá staðalbúnað sem er aðeins fánlegur í mun dýrari sportjeppum.

TIVOLI - VERÐ FRÁ: 3.290.000 KR.
TIVOLI XLV - VERÐ FRÁ: 3.890.000 KR.



Verið velkomin í reynsluakstur!

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

benni.is.

Opið:
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardag frá 12:00 til 16:00



Bætum við
vörum daglega

STÓRA NÝÁRSÚTSALAN VARÐ ENN STÆRRI

Sjáðu allt úrvalið á
www.byggtogbuid.is

**KAFFIVÉLAR,
ELDHÚSÁHÖLD,
POTTAR OG PÖNNUR,
VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR,
DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL,
BORÐBÚNAÐUR, SAFAPRESSUR,
BÖKUNARVÖRUR, RYKSUGUR, SUMAR-
OG GRILLVÖRUR, BRAUÐRISTAR,
HRAÐSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÓT,
HITAKÖNNUR OG BRÚSAR,
BAÐVOGIR OG MARGT
FLEIRA!**

**YFIR 3500 VÖRUR Á
20-75% AFSLÆTTI**

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

byggtogbúid

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

Sjáðu allt úrvalið á
www.byggtogbuid.is

Líkaðu við okkur
á Facebook:
[www.facebook.com/
byggtogbuid](http://www.facebook.com/byggtogbuid)

Þekktu þingmanninn Einar Brynjólfsson



Úr fjölskyldubúinu: Við fjölskyldan á Römbblunni í Barcelona árið 2016.



Ég ásamt Lilju minni í Prag árið 2015.



Fjölskyldumynd frá því þegar dóttir mín útskrifaðist árið 2014.

Snærós
Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



Fæddur: 26. október 1968.
Maki: Helga Hákonardóttir.
Börn: Atli Freyr, Ásdís Elfa og Lilja (og afastelpan Eygló Aría).
Foreldrar: Brynjólfur Jónsson frá Rauðhúsum í Eyjafirði fram og Guðný Halldóra Árelíusdóttir frá Geldingsá á Svalbarðsströnd.
Menntun: Magister Artium próf í sagnfræði og þýzku, kennsluréttindi fyrir framhaldsskóla. Hef auk þess stundað nám í islenzku á BA-stigi og doktorsnám í norrænum fræðum.
Fyrri störf: Hef verið framhaldsskólakennari að aðalstarfi frá árinu 1998 við FNV, VMA og MA. Auk þess hef ég starfað við leiðsögn, prófarkalestur, ritstjórn og ýmislegt fleira.
Áhugamál: Fótboltagláp, bækur, útivist.

**Hver hefur þinn ferill í stjórn-
málum verið? Hvar byrjaði
þetta allt?** Ég hef í gegnum tíðina kosið allt mögulegt, en fann að lokum fjölinna mína þegar ég skráði mig í Pírata 30. janúar 2016 og fór að sækja fundi á þeirra vegum í minni heimabyggð, Akureyri. Ég var kosinn í stjórn Pírata á Norðausturlandi 12. marz 2016 og hef síðan þá verið á kafi í pólitísku vafstri.

**Hvernig lýst þér á þingmanns-
starfið?** Mér lízt sérlega vel á þingmannsstarfið, a.m.k. enn sem komið er, enda nýjabrum á þessu öllu og ótrúlega skemmtilegt að lenda í hringiðu stjórnarmyndunarviðræðna.

**Kviðirðu fyrir einhverju
varðandi starfið? Hverjar verða
hindranirnar?** Ég kviði einna helst illmælgí og dónaskap frá fólki sem gerir engan greinarmun á þingmönnum mismunandi flokka. Ég hef fengið fúkyrði og skammir, aðallega í tölvupósti, frá fólki sem telur ekki ómaksins vert að kynna sér hvaða afstöðu ég hef tekið og hvort ég eigi sök á því hvernig komið er í viðeigandi máli.

Hindranirnar felast í starfsaðferðum þingsins, sem eru úreltar að hluta til, og í varðstöðufólkinu sem gengur erinda hagsmunaaðila og vill viðhalda þjögudum kerfum samfélagsins þeirra vegna, þ.e. hagsmunaaðilanna.

**Hvað úr reynslubankanum
mun nýtast þér í nýja starfinu?** Ég hef lært að umgangast fólk af öllum stærðum og gerðum í starfi mínu hingað til. Sú reynsla mun örugglega nýtast mér rétt eins og menntun mín, sérstaklega sagnfræðimenntunin, enda er staðgöð þekking á fortíðinni nauðsynleg við mótun framtíðarinnar.

**Sérðu fyrir þér að gera stjórn-
mál að ævistarfinu?** Ég þori engu að spá um það. Ég er ekki viss um að stjórnálmenn sem eru „of“ lengi í þessu harki séu



Einar Brynjólfsson alþingismaður segist ekki vera dæmigerður Pírati. Hann hafi þó upplifað sig kominn heim þegar hann gekk til liðs við flokkinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Litinn hornauga í Auschwitz

Einar Brynjólfsson, þingmaður Pírata í Norðausturkjördæmi, er ekki hinn dæmigerði Pírati. Hann kviðir helst dónaskap og illmælgí í nýja starfinu og segir starfsaðferðir þingsins oft og tíðum úreltar.

góðir stjórnálmenn. Nýir vendir sópa bezt, er stundum sagt.

**Hvar ólstu manninn og hvernig
var æska þin?** Ég er fæddur og upp alinn á Akureyri og hef búið þar mestan hluta ævi minnar. Á sumrin var ég í vegavinnu, sem var að flestu leyti mjög góður skóli, frá sjö ára aldri og fram á fullorðinsár. Ég held að mín æska hafi ekki verið frábrugðin æsku annarra krakka á Akureyri, en fjölskylduaðstæður hefðu vissulega mátt vera okkur bræðrum hagfelldari.

Hvernig nærir þú þig andlega? Andlega næringu fæ ég fyrst og fremst úr bókum, og útivist reynndar líka.

En líkamlega? Ég hef reynt að hreyfa mig eitthvað, t.d. með því að stunda gönguferðir um dali og fjöll. Ég hef þó verið allt of latur við það síðustu mánuðina.

**Hver er falgasti staðurinn sem
þú hefur komið á?** Mývatnssveit í froststillum verð ég að segja. Hef þó bara upplifað það einu sinni.

**Uppáhaldsborg utan landstein-
anna?** Berlín.

**Hvert langar þig mest að
ferðast?** Á framandi slóðir, utan Evrópu helzt.

Hvernig verðu helgarfríum? Ég fer heim til Akureyrar til að dvelja í faðmi fjölskyldunnar minnar.

**Hvaða hljómsveit eða tónlistar-
maður er mest spilaður á Spot-
ify-aðganginum þínum?** Notað Spotify reyndar mjög lítið. Síðast hlustaði ég á Adele og Óskar Pétursson. Annars hlusta ég frekar á klassiska tónlist.

**Hvað er síðasta myndband sem
þú horfðir á á Youtube?** TEDX-myndbandið Beyond the Culture of Contest með Michael Karlberg.

Hvert er uppáhaldsjólagið? „Ég og þú“ í flutningi Höllu Margrétar og Eiríks Haukssonar.

**Hefurðu lent í lífsháska eða
annarri dramatískri lífsreynslu?** Ég hef ekki lent í lífsháska en einhver óþægilegasta lífsreynsla

mín tengist Auschwitz-fangabúðunum í Póllandi. Ég dvaldi þar í fjóra daga árið 1994 ásamt öðrum sagnfræðinemum við Háskólann í Göttingen í Þýzkalandi og fékk að kynnast þeim hryllingi sem þar hafði viðgengist enn nánar en aðrir safngestir. Ekki bætti svo úr skák þegar aldráður maður horfði á mig einhverjum mestu hatursaugum sem ég hef nokkru sinni verið litinn. Líklega hefur þarna verið um að ræða einhvern sem hefur lifað helförina af og talið að ég og danskur félagi minn værum Þjóðverjar, þar sem við töluðum þýzku. Þess má geta að við töluðum ensku, lágum rómi, það sem eftir lifði dvalarinnar á þessum skelfilega stað.

**Ertu ekki frekar ódæmigerður
Pírati, bæði í tengslum við
aldur og fyrri störf? Hvar
stóðstu í pólitík áður en Píratar
voru stofnaðir?** Ef staðalmynd Pírata er notuð sem viðmið sker ég mig svo sannarlega úr hópnun. Ég hef t.d. aldrei fengist við forritun og er frekar ósjálfbjarga þegar kemur að tölvum yfirleitt. Það hefur þó komið mér skemmtilega á óvart að Píratar og kjósendur þeirra eru ekki jafn einleitir hópur og margir hafa talið. Hvað þingflokkinn varðar þá er ég næstelztur og reyni að miðla af reynsluforskoti mínu til hinna þegar ég get.

Ég hef, eins og áður sagði, kosið ýmsa flokka í gegnum tíðina, en þegar ég kynntist Pírötum fann ég að ég var kominn heim. Hérna hafði ég kynnst stjórnálmálaafli sem vill breyta gangi sögunnar. Vonandi munu komandi kynslóðir rifja upp mín verk og annarra Pírata með velþóknun þegar þær líta yfir söguhlaðborð fortíðar.



FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR KRAKKA Á ÖLLUM ALDRI

ÞROSKANDI & SKEMMTILEGT SPIL

SEM FÆR KRAKKA TIL AÐ LEIKA OG TALA SAMAN



KOMIÐ Í VERSLANIR

LEIKVANGURINN



Kínagullið glóir og heillar þá bestu



Benedikt Bóas
Hinriksson

benediktboas@frettabladid.is



Knattspyrna er gríðarlega vinsæl í Kína og það veit Kommúnistaflokkurinn og forsetinn Xi Jinping. Hugmyndafræði flokksins er að gera Kína að stórveldi á næstu 50 árum og er pólitísk samstaða um málið. Kommúnistaflokkurinn á sér ákveðinn draum og til að framfylgja honum hefur ekki aðeins verið fjárfest til skamms tíma. Seint á árinu 2014 var það tilkynnt að fótbolti væri orðinn skyldufag í grunnskólum landsins og fengu 20 þúsund skólar nýja æfingavelli. Sérstakir knattspyrnskólar fóru að rísa og eru nú um 50 þúsund slíkir skólar í landinu en þeir voru fimm þúsund árið 2013. Xi Jinping, forseti Kína, kynnti svo í fyrra 50 ára áætlun um hvernig Kína ætlar sér að verða stórveldi í knattspyrnunni. Áhuga forsetans skal ekki vanmeta en hann nánast sprengdi Internetið þegar hann tók sjálfu af sér með Sergio Agüero, leikmanni Manchester City, sem kinnverskir fjárfestar eiga einmitt 13 prósent í.

Í nóvember var kynntur fimm ára fótboldasamningur við þýsk stjórnvöld og þýsku deildina um þjálfun, fræðslu, dómgæslu og skipulagningu deildanna í Kína. Angela Merkel og Xi Jinping skrifuðu undir. Í desember var álika samningur gerður við Breta um að enska deildin leiðbeini þjálfurum og kenni ungum krökkum. Hvort það sé sniðug hugmynd á eftir að koma í ljós, en eins og flestir vita eru hlutabréf í enskum leikmönnum og þjálfurum í sögulegri lægð þessa stundina.

Fyrir utan allt þetta er stefnan sett á að setja á laggirnar nýja ofurmeistaradeild. Ríkasti maður Kína, Wang Jianlin, er sagður vera á bak við áætlunina og vera þegar búinn að tala við félög eins og Real Madrid, Manchester United, Barcelona og Mílanórisana Inter og AC Milan sem voru nýlega keyptir af kinnverskum fjárfestum.

Fótbolti er í raun fundinn upp í Kína en Kínverjar spiluðu leikinn cujúl löngu fyrir Krist sem FIFA hefur viðurkennt að sé fyrsta form af fótbolta. Kínverjar tóku þessu fagnandi og Kommúnistaflokkurinn vill að knattspyrnan komi heim. Og það á að taka boltanum fagnandi með öllum tiltækum ráðum. Kínverjar eru númer 81 á heimslista FIFA og töpuðu fyrir okkur Íslendingum á þriðjudag. Draumurinn er að sjálfsgöðu að vinna Heimsmeistarakeppnina en einnig að byggja upp deild og félög sem eru nógu freistandi fyrir bestu leikmenn heims. Ekki er mjög langt síðan Evrópa var eini staðurinn þar sem bestu leikmenn heims vildu spila en eins og fyrrverandi miðjumeistari Barcelona, Xavi, benti nýlega á er það að breytast. „Í langan tíma hefur metnaður knattspyrnumanna snúist um að spila í fjórum eða fimm stærstu deildum Evrópu og komast í Meistaradeildina. En ef Kína ætlar að búa til keppnisdeild með bestu leikmönnum og bestu þjálfurum, þá verður það kannski þannig að Evrópa verður ekki eini áfangastaðurinn fyrir bestu leikmennina.“

Það er varla hægt að güggla nokkurn leikmann í dag án þess að hann hafi verið orðaður við ferðalag til Kína. Jafnvel félög eins og Liverpool og Southampton hafa verið orðuð við sölu til Kínverja í sumar. Mið-

við 500 þúsund pund á viku hjá Hebei China Fortune og Englendingarnir Wayne Rooney og John Terry hafa fengið góð tilboð. Samkvæmt nýjustu fréttum hefur Rooney fengið boð um 700 þúsund pund á viku frá tveimur félögum. Fréttirnar um kolbrjáluð laun og félagaskipti eru í raun það margar að það þyrfti aðra síðu til að skrifa um það.

Hvort hægt sé að láta knattspyrnu-drauma rætast er önnur saga en með nánast óþrjótandi brunn af peningum, stuðning forsetans og flokksins sem og langtímamarkmið er allt hægt. Það má ekki gleyma að deildin í Kína er aðeins 12 ára gömul en hefur tekið gríðarlegt stökk á milli ára. Þegar Sólvi Geir Ottesen og Viðar Örn Kjartansson spiluðu með Jiangsu Suning árið 2015 urðu þeir bikarmeistarar en voru samt seldir. Næstu skref voru nefnilega landsliðsmennirnir frá Brasilíu Ramires frá Chelsea og Alex Teixeira frá Shakhtar Donetsk sem hafnaði fjölmörgum risaliðum í Evrópu.

En hvað skyldi gerast ef peningarnir klárast, fjárfestarnir nenna ekki lengur að leika sér í mannlegum Championship Manager eða spillingin verði svo mikil að leikmenn nenna ekki lengur að spila þarna? Þá gæti allt farið, jafnvel 50 ára áætlun forsetans.

Kína ætlar sér að verða stórveldi í knattspyrnuheiminum. Stöðugar fréttir berast af leikmönnum sem halda til Kína að spila fótbolta fyrir fáránlegar upphæðir. Launin eru há og stórliðum í Evrópu er hafnað í staðinn.



STEFNAN ER SETT Á NÝJA

OFURMEISTARAEILD.

RÍKASTI MAÐUR KÍNA

ER SAGÐUR Á BAK VIÐ

ÁÆTLUNINA.

landsliðin WBA, Aston Villa, Wolves og Birmingham eru öll í eigu Kínverja.

Carlos Tevez varð launahæsti knattspyrnumaður heims þegar hann samdi við Shanghai Shenhua og þiggur hann 615 þúsund pund á viku fyrir það eða 85 milljónir króna. Sjöfaldur lottópottur árið 2014 var einmitt 85 milljónir króna og má því segja að Tevez vinni sjöfaldan vinning í hverri viku.

Oscar kom einnig með risalaun í rassvasanum og Axel Witsel hafnaði ítölsku risunum í Juventus til að fara til Kína. Alexis Sanchez er orðaður

Launahæstu knattspyrnumenn heims

		Tölur í milljónum
Carlos Tevez FC Shenhua	85 á viku	12,2 á dag
Cristiano Ronaldo Real Madrid	50 á viku	7,1 á dag
Lionel Messi Barcelona	49 á viku	7 á dag
Gareth Bale Real Madrid	44,5 á viku	6,4 á dag
Hulk Shanghai SIPG	44,5 á viku	6,4 á dag
Oscar Shanghai SIPG	40,3 á viku	5,6 á dag
Neymar Barcelona	40 á viku	5,7 á dag
Axel Witsel Tianjin Quanjian	37,5 á viku	5,4 á dag
Luiz Suarez Barcelona	33,4 á viku	4,8 á dag
Paul Pogba Manchester United	36 á viku	5,1 á dag
Wayne Rooney Manchester United	36 á viku	5,1 á dag

*Allar tölur eru í krónum. Laun Messi og Ronaldo eru reiknuð eftir skatt. Inni í þessum tölum eru einnig bónusar og annað sem gæti hækkað launin. Auglýsingasamningar eru ekki teknir með. Heimild: financefootball.com

KOMDU

í

KOLAPORTIÐ

- dásamleg deild samfélagsins

OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17

ÚTTSALA

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MP3 SPILARAR
HÁTALARAR SJÓNVÖRP MYNDAVÉLAR
DVD SPILARAR BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL

HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
UPPPVOTTAVÉLAR ELDVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR PVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR PURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti
Philips, Panasonic og LG sjónvörp með allt að 200.000 kr. afslætti
Tvöfaldir LG kælikápar með allt að 100.000 kr. afslætti
Ofnar, háfar og helluborð á allt að 60% afslætti
Philips Bluetooth hátalarar með allt að 75% afslætti
Oral-B rafmagnstannburstar frá 995 kr.
Fissler pottar og pönnur með allt að 60% afslætti
iRobot ryksuguvélmenni frá 39.995 kr.
Blendtec blandarar með 30% afslætti
Vestfrost þvottavélar með íslensku stjórnborði frá 29.995 kr.
Alsjálfvirkar kaffivélar frá 42.995 kr.
Mikið úrval af brauðristum, kötlum, samlokugrillum
og öðrum smáraftækjum á frábærum verðum

**TAKMARKAÐ
MAGN**

*Fyrstur kemur
- fyrstur fær!*

**Sjá allt
úrvalið
á ht.is**

OPIÐ!

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT
VIRKA DAGA 10 – 18
OG LAUGARDAGA 11- 16

 **Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa -friete elna VESTFRÖST exDO MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson skrifar um frumlegar hugmyndir í skólamálu.

Árið 1846 tók Lærði skólinn eða Latínuskólinn til starfa í Reykjavík í glænýju húsi, sem þá var stærsta bygging á Íslandi. Menntaskólinn í Reykjavík miðar stofnár sitt yfirleitt við þessi tímamót, þótt sumir vilji halda því til haga að skólinn í Lækjargötu sé í raun framhald af eldri skólum sem starfræktir voru á Bessastöðum, Hólavöllum og í Skálholti allt frá elleftu öld.


Óhætt er að segja að dönsk yfirvöld hafi byggt af metnaði yfir skólann í Reykjavík. Húsinu var ætlað að hýsa allt að hundrað nemendur, sem talið var ærið nóg til langrar framtíðar, enda tilgangurinn með slíkri skólastofnun einvörðungu sú að framleiða embættismenn, einkum presta, sýslumenn og lækna.

Fólksfjöldgun og breytingar á samfélagsgerð leiddu með tímanum til þess að nemendum fjölgaði og stúlkur fengu jafnvel að setjast á skólabeck. Áhersla á latínu og grísku snarminnkaði, en raunvísindi og hin svokölluðu „yngri tungumál“ (enska, franska og þýska) urðu fyrirferðarmeiri á námsskránni. Árið 1904 var nafninu svo breytt í Hinn almenni menntaskóli í Reykjavík, sem fljótlega var stýtt í Menntaskólinn eða bara MR.

Þrátt fyrir nemendafjöldgunina og fjölbreyttari námsgreinar bar lítið á umræðum um húsnæðismál skólans. Reist var bókhlaða sunnan við skólahúsið og lítið íþróttahús þar fyrir aftan. Að öðru leyti sættu kennarar og nemendur sig við gamla húsið, enda mörg önnur brýnni verkefni í samfélaginu.

Það var fyrst í tíð Jónasar Jónssonar frá Hriflu sem ráðherra menntamála að farið var að huga að húsakosti MR. Jónasi var löngum legið á hálsi fyrir að vera andsnúinn stofnunum í Reykjavík, en hann lét þó sinna brýnu viðhaldi. Jafnframt beitti hann sér fyrir því að heimavist yrði á ný komið fyrir í skólahúsinu og var það í samræmi við þá stefnu hans að skólinn skyldi aðgengilegur efnilegum sveitapiltum en ekki verða reykviskur elituskóli borgarastéttarinnar.

Það kom líka í hlut Hriflu-Jónasar að skipa nýjan rektor Menntaskólans. Úr ýmsum reynslumiklum kennurum skólans var að velja, en Jónas hafði annað í hyggju. Hann sótti til starfans ungan náttúrufræðikennara



Menntaskólinn í Skálholti

úr Gagnfræðaskólanum á Akureyri, sem var um þær mundir að fá leyfi til að útskrifa stúdenta. Rektorinn nýi, Pálmi Hannesson, var rétt um þrúgt. Hann hafði verið hallur undir jafnaðarstefnu en gerðist nú dyggur Framsóknarmaður og sat síðar á þingi og í bæjarstjórn fyrir flokkinn.

Siðspilling á mölinni

Það kom snemma í ljós að sýn Pálma rektors á skólastarfið var um margt önnur og ferskari en þeirra sem þar höfðu starfað í áratugi. Hann var frjalsari af ýmsum hefðum og óflekkaður af gildismati reykviskra brodborgara. Raunar hafði rektorinn ungi talsverðar efasemdir um hversu heilbriggt samfélagið væri á mölinni.

Í ræðum rektors komu ítrekað fram áhyggjur af drykkjuskap nemenda, tóbaksreykingum, slæpings-



DRYKKJUSKAP

NEMENDA,

TÓBAKSREYKINGUM,

SLÆPINGSSKAP OG

INNIHALDSRÝRU

TÓMSTUNDALÍFI.

skap og innihaldsrýru tómstundalífi. Að hans mati fullorönuðust ungmenni of hratt, fengu ekki að njóta æskuáranna en tileinkuðu sér snemma ósiði þéttbýlisins. Var sú sýn í fullu samræmi við afstöðu Hriflu-Jónasar sem kappkostaði að byggja upp net héraðsskóla til sveita þar sem ungmenni gætu numið í guðsgrænni náttúrunni, laus úr sollinum.

Á fjórða áratugnum, í heimskreppunni miðri, komu Menntskælingar sér upp afdrepi í Reykjadal inn af Hveragerði. Selið, eins og skálinn var fljótlega nefndur, varð vettvangur ótal skemmtiferða stúdenta og eflði þannig skólaandann. Rektor taldi þetta hins vegar bara fyrsta skrefið og óskaði eftir stærra landi frá ríkinu með það fyrir augum að skólinn starfrækti sitt eigið bú með hvers kyns landbúnaðarframleiðslu. Með tíð og tíma yrðu sveitastörfin svo hluti af námsskrá skólans og nemendur dveldu þar mun lengur en bara eina og eina helgi.

Búskapardraumar rektors virtust hálfgerðir loftkastalar, þar til atburðir í alþjóðamálum beindu kastljósinu að húsnæðismálum skólans. Ísland var hernumið af Bretum vorid 1940 og fljótlega var skólahúsið gamla tekið í þjónustu stríðsrekstursins. Næstu tvö árin var MR að mestu

starfræktur í glænýrri aðalbyggingu Háskólans.

Óvissan um hvort og hvenær Bretarnir létu skólabygginguna aftur af hendi og samanburðurinn við nýtt og fullkomið háskólahúsið kom af stað umræðum um framtíðaraðstöðu skólans. Í fyrsta sinn var farið að tala á þeim nóttum að gamli skólinn væri óhentugur og úreltur.

Jónas Jónsson var með frumlega lausn á málinu. Hann skrifaði hugveikju í Tímann og lagði til að mistökkin frá árinu 1786 yrðu leiddrétt, en þá var Skálholtsskóli fyrst fluttur til Reykjavíkur eftir að öll skólahúsin hrundu í Suðurlandsskjálftanum tveimur árum fyrr. Skömmu síðar gerði Pálmi rektor hugmyndina að sinni. Með því að flytja Menntaskólann í Skálholt mætti hrinda í framkvæmd draumnum um stórfelldan búrekstur samhliða skólastarfinu. Á nýja staðnum myndu allir nemendur búa á heimavist, sem myndi efla skólaandann og þroska skólapiltana – sem yrðu vel að merkja allt piltar, því á nýja staðnum yrðu engar stúlkur en Kvinnaskólanum í Reykjavík þess í stað heimilað að útskrifa stúdenta.

Ekki var þessari hugmynd Framsóknarmannanna tekið með neinum húrrahrópum af stúdentum og kennaraliði. Bentu ýmsir á að hvað sem sveitarómantík liði, væri Skálholt afleitur staður fyrir framhaldsskóla, enda bæði afskekktur og öfugt við héraðsskólana byði staðsetningin ekki upp á nýtingu jarðhita eða greiðan aðgang að raforku.

En boltinn var farinn að rúlla og skyndilega virtist samstaða um að úrbóta væri þörf í húsnæðismálum Menntaskólans. Var hart tekið á um málið á næstu árum. Heimir Þorleifsson rakti þá sögu vel í verki sínu Sögu Reykjavíkurskólans og er einkum stuðst við frásögn hans í þessari grein.

Einn skóli eða fleiri?

Ný fræðslulöggjöf var tekin upp árið

1946 með landsprófi. Menntaskólinn var þar með stytur úr sex árum í fjögur, en fljótlega varð ljóst að fjölgun nemenda í framhaldsnámi yrði meiri en sem næmi styttingunni. Rektor og ráðherra menntamála, sósíalistinn Brynjólfur Bjarnason, voru sammála um að alltof dýrt yrði að kaupa upp hús í námunda við MR til stækkunar. Betra væri að byggja af metnaði þar sem plássíð væri nægilegt.

Í þessu skyni festi Nýsköpunarstjórnin kaup á landi Laugarness og skyldi skólahúsinu fundinn staður rétt norðan við núverandi húsnæði Listaháskólans. Á svipuðum slóðum hafði Sjómannaáráð hug á að koma fyrir Dvalarheimili aldraðra sjómanna og gerði skipulagsstjóri ráð fyrir framtíðarstað bæjarsjúkrahúss Reykjavíkinga á svæðinu.

Um sama leyti voru settar fram hugmyndir um skólabyggingar á Golfskálahæð, á sömu slóðum og höfuðstöðvar Veðurstofunnar standa í dag. Þær teikningar gerðu ráð fyrir gríðarmiklu íþróttasvæði í tengslum við skólann, enda horfðu íslenskir skólamenn um þessar mundir mikið til bandarískra háskóla sem fyrirmynda og þeirrar íþróttaherslu sem þar ríkti.

Nýsköpunarstjórnin var framkvæmdaglöd með eindæmum en vannst ekki tími til að hefjast handa við smíði nýja skólans. Árið 1947 tók við ríkisstjórn Stefáns Jóhanns Stefánssonar sem reyndist mun aðhaldssamari. Gilti það ekki hvað síst um menntamálaráðherrann Eysteinn Jónsson sem taldi ódýrara að byggja í smærri skrefum innan gamla Menntaskólareitsins. Ekki skorti arkitektana þó metnaðinn þar heldur og til er stórkaraleg hugmynd frá Einari Sveinssyni, húsa-meistara Reykjavíkurbæjar. Hún gerði ráð fyrir að gamla skólahúsið yrði fært úr stað og látið liggja meðfram Bókhlöðustíg, bókhlöðunni gömlu yrði hins vegar komið fyrir við Amtmannsstíginn en á grunni gamla skólans risi sex hæða ferlíki. Myndi það húsnæði duga menntskælingum höfuðborgarinnar til langrar framtíðar. Féllu hugmyndir af þessu tagi vel í geð hjá stúdentum og kennaraliði sem vildu halda skólanum miðsvæðis og á fornum slóðum.

Enn varð stefnubreyting í málinu með stjórnarskiptum árið 1949. Björn Ólafsson, sem tók við ráðuneyti kennslumála, reyndist sammála rektor um skynsemi þess að flytja skólann. Þrýsti ríkið á um það að Reykjavíkurbær legði til landspildu, helst á Klambatúni en til vara á Skildinganesmelum, þar sem Hjónagarðar háskólastudenta standa nú.

Niðurstaðan, eftir nokkurt stapp, varð á árinu 1953 sú að nýr MR skyldi rísa í Hlíðahverfi, nánar tiltekið við Hamrahlið. Teiknað var gríðarstórt skólahúsnæði ásamt heimavistum, íþróttasvæði, sundlaug og grasagarði. Þá var gert ráð fyrir rektorsbústað syðst á lóðinni.

Rektorsbústaðurinn var þó eina mannvirkid sem reis samkvæmt þessum teikningum. Gegnir það í dag hlutverki skátaheimilis fyrir Hlíðarnar. Enn ein stjórnarskiptin komu í veg fyrir að draumur Pálma Hannessonar rættist. Bjarni Benediktsson tók við sem menntamálaráðherra, en hann var andsnúinn flutningum.

Hinn nýi ráðherra leitaði álitis kennarafundar á því á hvorum staðnum skólinn skyldi vera. Kennararnir völdu Lækjargötu og fól sú ákvörðun jafnframt í sér að einn eða fleiri nýir menntaskólar yrðu á næstu árum stofnaðir í Reykjavík, fyrst MH og því næst Menntaskólinn við Tjörnina. Hefði vafalaust margt þróast á annan veg ef þessar stofnanir hefðu myndað saman einn risaskóla í Reykjavík.

Rektor reyndi sitt besta til að telja kennaraliðinu hughvarf. Hann óttaðist að loforð um miklar nýbyggingar á gamla MR-reitnum reyndust lítills virði og skólinn myndi búa við þrengslu næstu áratugina. Sú spá átti líka eftir að rætast.

merking

....framleiðir

....Vörur úr plexigleri

Viðarhöfða 4 www.merking.is Sími: 562-7044

ÚTSALAN ER HAFIN 20-50% AFSLÁTTUR

-20%



MAXWELL TUNGUSÓFI
Stærð: 290X173cm
Verð: 236.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 188.800,-

-20%



CANNON TUNGUSÓFI
Stærð: 260X167cm
Verð: 205.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 164.000,-

-40%



NAPOLI TUNGUSÓFI
Stærð: 250X165cm
Verð: 199.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 119.400,-

-30%



BERLIN TUNGUSÓFI
Stærð: 300X174cm
Verð: 245.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 171.500,-

VANCOUVER TV SKENKUR
Gegnheill ACACIA viður
Breidd: 180cm
Verð: 117.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 93.600,-



-20%

VANCOUVER SÓFABORÐ
Gegnheill ACACIA viður
Stærð: 120X70cm
Verð: 87.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 69.600,-



-20%

-25%



COE ARMSTÓLL
Verð: 118.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 88.500,-

-20%



MAX STÓLL
Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 13.520,-

-30%



Opal STÓLL
Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 11.830,-

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



LÆGRA VERÐ

5.398
kr. stk.

NutriLenk Gold
Fyrir þá sem þjást af verkjum og sliti í liðamótum. 180 töflur.



2.579
kr. stk.

Amino Energy Fæðubótarefni
270 g, 7 tegundir

NÝTT Í BÓNUS

PRÓTEINBRAUÐ

Inniheldur 25% prótein
Aðeins 12g kolvetni pr. 100g



398
kr. 400 g

Bónus Próteinbrauð
400 g



298
kr. 500 g

Bónus Rúsínur
500 g



298
kr. 400 g

Bónus Chiafræ
400 g



259
kr. 1 kg

Bónus Tröllahafrar
1 kg

NÝTT Í BÓNUS

Vegan

398
kr. pk.

Linda McCartney Veganvörur
Borgarar, 2 stk., 227 g
Pylsur, 6 stk., 300 g



139
kr. 110 g

Solla Maiskökur
Lifrænar, saltaðar, 110 g



398
kr. 340 g

Sollu Hnetusmjör
Fínt eða gróft, 340 g



279
kr. stk.

Froosh safar
8 tegundir, 250 ml

fróosh
fruit: bottled

**SAMA VERÐ
UM LAND ALLT**



ENGIN
KOLVETNI

259
kr. 330 ml

Nocco BCAA Orkudrykkur
330 ml, 4 teg.



2L

129
kr. 2 l

Klaki Kolsýrt vatn
2 lítrar, 3 tegundir



600g

398
kr. 600 g

Kellogg's Corn Flakes
600 g



Verð gildir til og með 15. janúar eða meðan birgðir endast



198
kr. kg

Chiquita Bananar



Í LAUSU

198
kr. kg

Appelsínur
Í lausu, Spánn

HOLLT OG GOTT Í BÓNUS



198
kr. 2 stk.

Fuji Epli
450 g, Kína



Í LAUSU

198
kr. kg

Grape
Rautt, Tyrkland



198
kr. kg

Epli, gul og græn
Í lausu, Frakkland



259
kr. 1 l

Almond Dream
Möndlumjólk, 1 l



GOTT Í BOOSTIÐ!

398
kr. 1 kg

ES Jarðarber
Frosin, 1 kg

398
kr. 500 g

ES Bláber
Frosin, 500 g



259
kr. 150 g

Lambhagasalat
150 g.



359
kr. 125 g

Lambhaga Bónusblanda
125 g.

TÍMAMÓT



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og tengdasonur,

Davíð I. Pétursson

vélvirki og fyrrum bóndi á Þverá á Síðu,

lést að heimili sínu 9. janúar. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Hafnarfirði 23. janúar kl. 13.00.

Kristjana A. Kristjánsdóttir
Kristján P. Davíðsson
Ásta K. Davíðsdóttir
Anna M. Þorvaldsdóttir

Steingrímur Jónsson



Ástkær eiginkona mín, dóttir og móðir,

Sigríður Matthíasdóttir

Tjarnarmóa 2, Selfossi,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Hjallatúni í Vik þann 8. janúar. Minningarathöfn verður í sal GR, Grafarholti, miðvikudaginn 18. janúar klukkan 13.00.

Finnbogi Guðmundsson, Kristín Þórarinsdóttir, Matthías Pétursson, bræður, börn og barnabörn.



„Ég var aðeins að leika í Eiðnum og held ég detti einhvers staðar inn í Föngum,“ segir Jakob Þór. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Afmælishald í Edinborg

Jakob Þór Einarsson leikari og hans nánasta fólk heldur upp á nokkur stór tímamót í Edinborg í Skotlandi um helgina. Eitt af því er sextugsafmælið hans sem er í dag.

„Fjölskyldan er í skemmtiferð. Ég og konan erum bæði sextug og svo erum við líka að halda upp á 40 ára brúðkaupsafmæli.“ Þetta segir Jakob Þór Einarsson leikari sem er í þann veginn að hoppa upp í flugvél þegar í hann næst. Stefnan er sett á Edinborg. „Við erum tíu saman,“ bætir hann við. „Börnin og tengdabörnin koma með okkur, ásamt vinahjónum þar sem frúin er að halda upp á sextugsafmæli líka.“

Jakob sló eftirminnilega í gegn á hvíta tjaldinu í myndum Hrafns Gunnlaugssonar, Óðali feðranna og Hrafnninn flýgur. Einnig var hann lengi hjá Leik-

félagi Reykjavíkur. Hann starfar nú hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur en hefur þó ekki alfarið sagt skilið við leiklistina. „Áður hafði ég aukastörf með leiklistinni, nú hef ég hana sem aukastarf. Það er einn og einn sem man eftir mér enn þá og biður mig að taka þátt í bíómyndum. Ég var aðeins að leika í Eiðnum og held ég detti einhvers staðar inn í Föngum. Svo vann ég lengi við talsetningar hjá fyrirtæki sem heitir núna Sýrland og kem þar við reglulega.“

Jakob Þór er nýfluttur upp á Skaga. „Konan mín, Valgerður Janusdóttir, var að taka við starfi sem sviðsstjóri skóla- og frístundamála á Akranesi. Við erum

Áður hafði ég aukastörf með leiklistinni, nú hef ég hana sem aukastarf.

bæði þaðan og erum ægilega glöð að vera komin þangað aftur. Það eru hátt í 40 ár síðan ég bjó þar síðast. Skagamenn hafa boðið mig velkominn með því að hringja í mig og biðja mig að taka þátt í ýmsu sem snertir félagslífið.“
gun@frettabladid.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir

www.utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Meirgæmi, hlýja og virðing Við andlát ástvinar

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

Álfheimur 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441

Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Sigrún Óskarsdóttir, guðfræðingur

Útfarar- og lögfræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánar-bússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.



Útfararstofa kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför míns besta vinar og ástkærs eiginmanns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

Jónasar Þórarinssonar

Kirkjuvegi 1, Reykjanesbæ.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk D-deildar og heimahjúkrunar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Þórunn Axelsdóttir

Magnús Rúnar Jónasson

Þórarinn Sveinn Jónasson

Jónas Þór Jónasson

Sveinn Ólafur Jónasson

Sveinn Ólafur Jónasson

Ágústa Ásgeirsdóttir

Rut Jónsdóttir

Særún Ása Rúnarsdóttir

Herborg Hjálmarsdóttir

Herborg Hjálmarsdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

Einar Brynjólfsson

rennismiður,

Fródengi 5,

áður Rjúpufelli 21, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 11. janúar sl. á Landspítalanum.

Kristinn Þór Einarsson

Brynjar Einarsson

Brynjólfur Einarsson

Valdimar Einarsson

Valdimar Einarsson

Margrét K. Danielsdóttir

Linda Björk Hávarðardóttir

Steinunn Björg Ingvarsdóttir

Steinunn Björg Ingvarsdóttir

Fanný Erlingsdóttir

Fanný Erlingsdóttir



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar sonar okkar, bróður og mágs,

Sverris Þorvaldssonar

Laufríma 30.

Ingveldur Sverrisdóttir

Tryggvi Þorvaldsson

Inga Valdis Þorvaldsdóttir

Þorvaldur Sigtryggsson

Harald Björnsson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hallbera Guðný Leósdóttir

Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili Akranesi,

sem lést mánudaginn 9. janúar,

verður jarðsungen frá Akraneskirkju

miðvikudaginn 18. janúar kl. 14.00.

Blóm og kransar afþakkaðir, en þeir sem vilja minnst hennar láti Styrktar- og líknarsjóð Rebst.nr. 5, Ásgerðar I.O.O.F (s. 863 1323), eða Höfða njóta þess.

Ríkháður Jónsson

Ragnheiður Ríkháðsdóttir

Hrónn Ríkháðsdóttir

Ingunn Ríkháðsdóttir

Sigrún Ríkháðsdóttir

Jón Leó Ríkháðsson

Daði Runólfsson

Þórður Elíasson

Kristján Hannibalsson

Kristján Hannibalsson

Kicki Anderson

og ömmubörn.

Frá Söllu stíðu í ballettkennslu hjá DWC

Dansstúdíó World Class, stækkar við sig með nýrri ballettdeild sem tekur til starfa í dag. Melkorka Davíðsdóttir Pitt er yfirþjálfari deildarinnar sem ætluð er fyrir börn á aldrinum 3 til 6 ára. Í dag fara fram prufutímar þar sem öll börn eru velkomin að mæta og taka þátt.

Það hefur lengi verið draumur hjá Dansstúdíó World Class að stofna ballettdeild. Hugsunin er tvíþætt: að bjóða upp á vandað og sérhæft dansnám fyrir litlu dansarana og síðan að styrkja dansara í yngri og eldri deildum skólans enn frekar í tækni,“ segir Melkorka Davíðsdóttir Pitt, yfirkennari ballettdeildarinnar, spurð út í nýjustu deild Dansstúdíós World Class.

Deildin er fyrir börn á aldrinum 3-6 ára og fara tímarnir fram í World Class í Smáralind. „Við kynnum ballettinn á nýjan hátt fyrir börnunum með ævintýrlegu sniði. Við höfum útbúið nýtt og aðgengilegt prógramm sem er byggt upp á þremur aðalþáttum: upphitun í spunaformi, ævintýrabema og hnitmiðuðum æfingum,“ segir hún.

Melkorka býr að töluverðri reynslu þegar kemur að dansi en hún hóf dansnám hjá Listdansskóla Íslands 9 ára gömul og nýtur þess að búa til skemmtileg og krefjandi verkefni fyrir börnin.

„Þegar unnið er með börnum þarf að hugsa hlutina sérstaklega vel svo markmiðum tímanna sé náð. Því höfum við lagt mikla vinnu í að hanna fyrirkomulag svo kennslan nái til barnanna. Það er svo mikilvægt að vita hvernig þú kveikir áhuga hjá þeim og heldur þeim við efnið,“ útskýrir Melkorka.

Að spurð hvort ballett sé góður grunnur segir Melkorka svo vera. „Grunnur í ballett er eitthvað sem þú býrð að að eilífu og kemur sér vel í einu og öllu. Hvort sem þú vilt færa þig yfir í önnur dansform eða aðra íþrótt. Annað sem er jákvætt við ballettinn er aginn og yndislega tónlistin. Svo skemmir ekki fyrir að eftir ballettþjálfun færðu mjög góða líkamsstöðu.“

Danstímar eru byggðir upp á jákvæðni og gleði. Áhersla er lögð á að



Melkorka Davíðsdóttir Pitt er yfirkennari ballettdeildar Dansstúdíós World Class. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ballettdeild DWC er fyrir börn frá þriggja til sex ára.

MYND/GARÐAR



námið sé faglegt, uppbyggjandi og styrkjandi.

„Við munum kenna þeim æfingar í gegnum þema tengd þekkt ævintýrum. Einnig munum við fara í gegnum helstu ballettverkin, kynna nemendur fyrir sögunni og fallegu tónlistinni sem er í hverju verki,“ segir Melkorka, sem hefur mikla reynslu af að vinna með börnum.

Auk dansnámsins hefur Melkorka tekið þátt í fjölmörgum sýningum bæði hjá Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu, meðal annars Oliver Twist, Galdrakarlinum í Oz, Fyrirheitna landinu og nú síðast sem Solla stíða í uppsetningu Þjóðleikhússins á Latabæ.

„Það er yndislegt að vinna með börnum. Ég hef lengi farið með hlut-

verk Söllu stíðu fyrir Latabæ og hef öðlast mikinn skilning á því hvernig best er að byggja upp prógramm fyrir börn. Einnig tók ég þátt í fjölmörgum sýningum þegar ég var yngri, bæði í Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu, og þá fékk ég heldur betur að kynna þvi hvernig þú nærð áhorfendum með þér í ferðalag. Ég er sjálf mikið barn í mér, með mikið hugmyndaflug, svo ég átti ekki erfitt með að byggja upp prógramm með ævintýrlegu sniði,“ segir Melkorka spennt.

Enn þá er möguleiki að skrá nemendur og hægt er að finna frekari upplýsingar á heimasíðu skólans, dwc.is.

„Ég hvet alla til að skrá sig sem fyrst því við erum eins og er bara með tvo hóp á laugardögum í Smáralindinni. Í dag fara fram prufutímar svo það eru allir velkomnir að skella sér á töfrateppi Aladdíns og taka þátt í þessu ævintýri með okkur, svo er ekki verra að foreldri stendur til boða að æfa frítt á meðan á kennslu barnanna stendur, hvort sem það er að fara í ræktina eða stökkva í spa í Smáralindinni,“ segir Melkorka að lokum. gudrunjona@frettabladid.is



Elskulegur eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Kjartan Jónsson

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 10. janúar.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, föstudaginn 20. janúar kl. 13.00.

Emilia Lindal Jóhannesdóttir
Jenny L. Kjartansdóttir Jón Friðrik Jónsson
Sigurjón L. Kjartansson Jóna Anna Heiðarsdóttir
Erna L. Kjartansdóttir Jón Haukur Danielsson
Jóhannes L. Kjartansson Guðlaug Elsa Ásgeirsdóttir
barnabörn og langafabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Stella Berglind Hálfánardóttir

lést á heimili sínu 24. desember 2016.
Útförin hefur þegar farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á líknarfélag Karitas.

Viðar Guðmundsson
Sólrun Viðarsdóttir Jón Wendel
Brynjar Viðarsson Gyða Björnsdóttir
Agnis Viðarsdóttir Þórir Magnússon
Hilmar Viðarsson Erla Björgvinsdóttir
Heiða Viðarsdóttir Kristján Kristjánsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurgeir Bjarnason

Drápuhlíð 15, Reykjavík, áður Ólafsvík,

lést í faðmi fjölskyldunnar 10. janúar á hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 19. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim er vilja minnst hans er bent á Kirkjukór Ólafsvíkur.

Sigurdís Egilsdóttir
Garðar G. Sigurgeirsson Ásdís S. Gunnarsdóttir
Vigdís Björg Sigurgeirsdóttir Gunnlaugur A. Einarsson
Egill Rafn Sigurgeirsson Svava Jónsdóttir
Svala Sigurgeirsdóttir
Sigurgeir Sigurgeirsson Sigurbjörg Guðlaugsdóttir
og afabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ernu Gunnarsdóttir

Ofanleiti 19, Reykjavík.

Kristinn Sigurðsson
Agnar Logi Axelsson Ágústa Hallsdóttir
Jóna K. Kristinsdóttir Sigurgeir G. Þórðarson
Sigurður Kristinsson Erla Ósk Guðjónsdóttir
Óskar Kristinsson Sonja Freydis Ágústsdóttir
Ellý Skúladóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Guðrún Erla Skúladóttir

lést á Landspítalanum þann 11. janúar sl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 20. janúar næstkomandi kl. 15.00.

Jóhannes Gíslason
Hulda Jóhannesdóttir Einar Guðmundsson
Guðrún Jóhannesdóttir Kristinn Sigvaldason
Sigrún Jóhannesdóttir Birgir Sigurðsson
barnabörn og fjölskyldur.



Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Auður Sigurðardóttir

Bergi á Seltjarnarnesi,

lést miðvikudaginn 11. janúar á Grund.

Guðmundur Hafsteinsson Hanna Guðrún Guðmundsd.
Sunneva Hafsteinsdóttir Gunnar Þórðarson
Einar Hafsteinsson Sigurborg Inga Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Ólafar Ragnheiðar Guðjónsdóttir.

Kolfinna Ketilsdóttir
Birna Ketilsdóttir
Hjördís Ketilsdóttir
Kristín Ketilsdóttir
Guðjón Ketilsson
og fjölskyldur.



Ástkær eigenmaður minn, faðir, fösturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Kristjánsson

Háaleitisbraut 121,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund 1. janúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Sigurbjörg Ólafsdóttir
Ólafur Magnússon Katrín Indiana Valentínusdóttir
Elfur Magnúsdóttir Sæmundur Jónsson
Þóra Eyland Elíasdóttir Stefán Guðbjartsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar og tengdamóður,

Guðborgar Elíasdóttir

dvalarheimilinu Höfða, Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks dvalarheimilisins Höfða.

Elías Jóhannesson Dröfn Einarsson
Pétur Steinar Jóhannesson Magnea Guðfinna
Dagbjartur Jóhannesson Sigurðardóttir
Ómar Þór Jóhannesson Elin Gunnarsdóttir
Jóhanna Guðborg Jóhannesdóttir Anna Eiríksdóttir
Logi Arnar
Guðjónsson

Elisabet Jóhannesdóttir
Hafsteinn Jóhannesson

NÝJA-LAUGARDALSHÖLLIN 31. JÚLÍ

RED HOT CHILI PEPPERS



MÍÐASALA Á MÍÐI.IS · WWW.SENA.IS/RHCP



Konráð og félagar á ferð og flugi 232

Bragi Halldórsson

„Veist þú hvar Róbert refur á heima hérna í fjöllum?“ spurði Lísaloppa Tobba kanínu. „Við villumst bara aftur og aftur,“ sagði Konráð mæðulega. „Samt erum við með kort,“ bætti Lísaloppa við. „Það er svo erfitt að rata hér í fjöllum,“ sagði Tobbi. „Ég skal gefa ykkur kort af þeim. Þið þurfið bara að þekkja muninn á hægri og vinstri.“ Konráð og Lísaloppa viðurkenndu að þau rugluðust nú oft á hægri og vinstri. „Flestir heilsa og skrifa með hægri,“ útskýrði Tobbi.

„Þið byrjið þar sem örin er og beygið til vinstri. Svo til hægri og aftur til hægri. Þá komið þið að krossgötum og þar beygið þið til vinstri. Svo aftur til vinstri og loks til hægri. Þá eruð þið komin heim til Róberts.“



Getið þið séð hvort heimili Róberts er merkt A eða B á kortinu?

Skólabrandarar

Kári: Hundurinn minn er rosaalega klár í stærðfræði.
Kennarinn: Nú? Nefndu mér dæmi.
Kári: Ég spurði hann hvað sjö mínus sjö væru og hann sagði ekki bofs.

Pabbinn: Gummi, má ég sjá ein-kunnaspjaldið þitt.
Gummi: Ég er ekki með það.
Pabbinn: Af hverju ekki?
Gummi: Ég lánaði Steina það. Hann ætlaði að láta foreldra sína fá sjokk.

Kennarinn: Klara, þú hefur svindlað á prófinu. Þú ert með sömu svör og Gyða.
Klara: Hvernig veistu að Gyða hafi

ekki hermt eftir mér?
Kennarinn: Af því að Gyða svaraði einni spurningu með: „Ég veit ekki,“ og þú skrifaðir: „Ég veit ekki heldur.“

Pabbi: Hvernig var í skólanum í dag, Baldur minn?
Baldur: Rosa gaman, við vorum í efnafræði og æfðum okkur að blanda sprengiefni.
Pabbi, Jæja, og hvað ætlið þið að gera í skólanum á morgun?
Baldur: Hvaða skóla?

Stílfært úr bókinni *Brandarar og gátur*. Útg. Óðinsauga



Systkinin Jakob Eldur er í Vesturbæjarskóla. Hann tekur fram að það eigi að skrifa Jakob með b en ekki p. Thea Björk er í leikskólanum Tjarnarborg og það er h í hennar nafni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Skjaldbakan skrítnust sem sýndi á sér rassinn

Þegar **Jakob Eldur** og **Thea Björk** voru á Tenerife um hátíðarnar sáu þau mörg framandi dýr og fóru í risastóran rússibana.

Systkinin Jakob Eldur Fenger sex ára og Thea Björk Fenger fjögurra ára eru nýkomin frá Tenerife með foreldrum sínum. Þar sáu þau margt merkilegt. En hvað fannst þeim skrítnast?

Jakob: „Skjaldbaka sem var að sýna á sér rassinn.“

Thea: „Og krabbarnir á ströndinni, þeir voru roosaalega stórir.“

Jakob: „Við fórum í dýragarð.“

Thea: „Þar fórum við í rússibana. Riisastóran.“

Jakob: „Já, ég var næstum búinn að gubba. Við fengum líka að sjá hvað það er gert margt gott fyrir dýrin í garðinum, skoðuðum

rannsóknarstofur og læknastofur og lærðum mikið. Svo sáum við marglittur, þær voru í lituðu vatni. En við fengum ekki að sjá ljónin því það var verið að laga plássid þeirra.“

Hver eru uppáhaldsdýrið ykkar?

Thea: „Mitt er tigrisdýr.“

Jakob: „Mitt er svartu pardus. Hann er rosa fljótur að hlaupa.“

Jakob sýnir á vegg hvað Tenerife er langt fyrir neðan Ísland á landakorti. „Svo lentum við í einu landi hér á milli,“ segir hann og bendir á ósýnilegan punkt. „Það heitir England.“

Voru þau orðin leið á að sitja í flugvélinni? **Thea:** „Já, en það var matur.“ „Bara einu sinni,“ tekur Jakob fram.

Hvernig leikið þið ykkur oftast saman? **Jakob:** „Við erum helst að horfa á eitthvað.“

Thea: „Það er skemmtilegast.“

En hvert farið þið út að leika? **Jakob:** „Ég bið mómmu oft að koma upp að Hallgrímskirkju.“

Thea: „Við þrílum stundum á styttnni af Leifi Eiríkssyni.“

Jakob: „Ég hef líka farið alveg upp í topp á tré.“

Listaverkin

Þessi tré voru lituð í sunnudagaskóla Áskirkju.



Mynd/Hólmfríður Hrafnkelsdóttir.



Mynd/Marie Maillard.

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?

GUM eru hágæða tannvörur



tannlæknar mæla með GUM tannvörum

... fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

IceCare

bin helsta

- allar upplýsingar á www.icecare.is

SUNNUDAGA KL. 20:00 




SATT EDA

LOGIÐ

?

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Ákveðin suðaustanátt sunnan- og vestanlands eftir hádegi og snjócoma, en slydda eða rigning við ströndina og hlánar. Hægari og þykkar upp norðaustan til og dregur úr frosti. Dregur úr vindi í kvöld, slydda eða rigning sunnan og vestan til, en þurrt að kalla norðaustanlands.

Heimurinn

Kaupmannah. Oslo 3°	Stokkhólmur -2°	Gautaborg 0°	Helsinki 1°	Þórshöfn 2°	Nuuk -9°
London 6°	Amsterdam 4°	Paris 4°	Berlin 0°	Brussel 3°	Róm 9°
Boston -8°	New York -4°	Orlando 17°	Moskva -3°	Singapúr 26°	Tókýó -3°
					Sydney 23°

Flóð & fjara

Flóð	Fjara
Reykjavík 7.39	1.24
4,44m	0,21m
8.04	1.56
4,00m	0,22m

Akureyri	
11.52	5.34
1,58m	0,29m
10.36	6.08
1,21m	0,15m

Ísafjörður	
9.27	3.26
2,55m	0,22m
9.58	4.02
2,16m	0,20m

Tunglaástaða



Minkandi
98%

Sólarupprás

10.56

Sólarlag

4.17

Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
6° ↑ 10	2° ↗ 13	1° ↗ 7	5° ↑ 12	2° ↗ 10

Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
3° ↑ 18	-3° ↗ 22	-5° ↗ 15	2° ↑ 18	-3° ↑ 19

Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
3° ↑ 14	-3° ↗ 13	-4° ↗ 14	2° ↑ 11	-6° ↗ 11

Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
2° ↑ 12	-6° ↗ 8	-6° ↗ 10	2° ↑ 11	-5° ↑ 7

Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
3° ← 5	-2° → 4	-3° ↘ 4	2° ↘ 3	-1° ↑ 5

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli




GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



LAUGARDAGA KL.12:20

VÍGLÍNAN

Þjóðmálaláttur undir stjórn Heimis Más Pétursson og Höskuldur Kára Schram í opinni dagskrá og beinni útsendingu á Stöð 2 og Vísi alla laugardaga kl. 12:20.

365.is | Sími 1817

365

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Sjón er sögu ríkari



25%
AFSLÁTTUR af
MÁLNINGU



25%
AFSLÁTTUR af
LJÓSUM

30%
AFSLÁTTUR af
POTTUM & PÖNNUM

40-60%
AFSLÁTTUR af
JÁRNHILLUM

20-50%
AFSLÁTTUR af
VÖLDUM **BOSCH**
VERKFÆRUM



40%
AFSLÁTTUR af
PLASTBOXUM

40-60%
AFSLÁTTUR af
JÓLAVÖRUM

20-50%
AFSLÁTTUR af
VÖLDU GÓLFEFNI
(PARKET & FLÍSAR)

40%
AFSLÁTTUR af
GARNI

30%
AFSLÁTTUR af
BARNABÍLSTÓLUM

30%
AFSLÁTTUR af
BADINNRETTINGUM



30%
AFSLÁTTUR af
HÁPRÝSTIDÆLUM

*Síðustu dagarnir
- útsölnunni lýkur 16. janúar*

-25% AF ÖLLUM MOTTUM OG DREGLUM - 30% AF ÖLLUM DREMEL FÖNDURFRÆSURUM - 30% AF ÖLLUM
EINHELL RAFMAGNSVERKFÆRUM - 40% AF ÖLLUM KERTUM - 40% AF ÖLLUM VERKFÆRASETTUM
- 40% AF ÖLLUM VERKFÆRABOXUM - 30% AF ÖLLUM HÖLDUM - 30% AF ÖLLUM BAÐFYLGHIHLUTUM
